

**SKOÐUN** Sighvatur Björgvinsson spyr hvort íslenska þjóðin sé föl fyrir fé. 17



**MENNING** Óttar M. Norðfjörð endurskrifaði Jóhannesarguðspjall. 26



**LÍFIÐ** Kristbjörg Jónasdóttir á forsíðu eins virtasta fitness-tímarits heims. 36



**SPORT** Ragnar Nathanaelsson orðinn fjórði íslenski drekinn í Sundsvall. 32







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
30. apríl 2014
100. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



**Stýrir nýju námi við HÍ**
Nýtt meistaranám í nýsköpun og viðskiptaþróun við Háskóla Íslands verður meðal annars byggt á reynslu Magnúsar Þórs Torfasonar, lektors við Harvard Business School.

## FRÉTTIR

**Sveinbjörg oddviti** Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir skipar fyrsta sætið á lista Framsóknarflokksins og flugvallarvina í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. 2

**Illa farið með hælisleitendur** Samtökin Amnesty International segja illa farið með hælisleitendur og flóttamenn í Grikklandi. 12

**Ósátt við Hafnarfjörð** Hjón segja að Hafnarfjörður gæti ekki jafnræðis gagnvart fjölmiðlum bæjarins þegar kemur að auglýsingum. 14




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | SA | 4 |
| Akureyri | 3° | SA | 5 |
| Egilsstaðir | 3° | A | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | A | 8 |
| Reykjavík | 7° | SSA | 4 |

**Hægviðri** Í dag má búast við 3-8 m/s en strekkingi eða allhvössum vindi allra syðst. Yfirleitt bjart með köflum og úrkomulítið. Fremur svalt í veðri. 4

## 4 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Skráargatið | Hávaðavarnir | Fólk




# Fá vinnu við verkun á eldislaxi í stað glataðra starfa

Fjöldi fólks hyggst yfirgefa heimabyggð sína á Djúpavogi og í Húsavík og elta störf Vísis hf. til Grindavíkur. Nú þegar eru framkvæmdir hafnar við að koma íbúðum sem eiga að taka við starfsmönnunum í viðunandi horf.

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgerðarfyrirtækið Vísir hf. hefur gert samning við fyrirtækið Fiskeldi Austurlands um að 25 starfsmenn Vísis á Djúpavogi fái störf þar í bæ við slátrun, vinnslu og pökkun á eldislaxi. Aðrir 25 starfsmenn fyrirtækisins hyggjast flytja til Grindavíkur og vinna hjá Vísi hf. þar.

Samanlagt hafa sjötíu starfsmenn Vísis hf. á Húsavík og Djúpavogi sagst vera tilbúnir að flytja búferlum til Grindavíkur þegar fiskvinnslu í plássunum verður hætt. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru margir starfsmanna fyrirtækisins einhleypir og af erlendu bergi brotnir.

Nú þegar er hafinn undirbúningur fyrir komu fólksins til Grindavíkur en mörgum fylgja fjölskyldur. „Við gerum ráð fyrir að koma öllum fyrir,“ segir Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. „Verktakar eru að græja íbúðir sem stóðu tómar svo þær verði ásættanlegar fyrir þá sem eru að leigja.“

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Húsavíkur, er uggandi yfir þeim fjörutíu starfsmönnum Vísis hf. og fjölskyldum þeirra sem hyggjast flytja úr bænum. „Þetta er afskaplega slæmt fyrir samfélagið og fólk er miður sín,“ segir Bergur, „Þetta var allt gott fólk og þeirra verður saknað.“

### REYNA AÐ HUGSA JÁKVÆTT UM FLUTNINGANA

Justyna Gronek og eiginmaður hennar starfa bæði hjá Vísi hf. á Húsavík. Þau eiga eina dóttur saman sem er rúmlega tveggja ára gömul og er í leikskólanum á Húsavík. Fjölskyldan keypti íbúð í janúar á þessu ári en það var áður en þau fengu fréttirnar um að loka ætti starfsstöð Vísis í bænum. „Við höfum verið á Húsavík í fimm ár. Þetta voru hræðilegar fréttir en við viljum hugsa um þetta sem ævintýri. Við viljum ekki vera leið heldur reyna að hugsa jákvætt um þetta,“ segir Justyna. Þau reyna nú að finna leigjendur til að taka við nýju íbúðinni.

Starfsmönnum Vísis hf. á Húsavík var greint frá stöðu mála í gær. Engum starfsmönnum fyrirtækisins verður sagt upp um mánaðamótin en árlegt vinnslustopp fer þó í gang vegna hráefnisskorts.

Starfsmenn Vísis hf. á Húsavík sem ekki vildu láta nafns síns getið voru ósammála um stöðuna sem nú er uppi. Annar var ánægður með að fá vinnu í Grindavík en hinn ósáttur við ákvörðun fyrirtækisins um lokun.

snaeros@frettabladid.is




**KREFST ÁHEYRNAR** Afganinn Ghasem Mohamadi, sem verið hefur í mótmælasvelti í níu daga, afhenti í gær skrifstofustjóra í innanríkisráðuneytinu nær 900 undirskriftir með áskorun um að hælisumsókn hans fái efnislega meðferð. Útlendingastofnun ákvað í október 2012 að vísa honum úr landi nokkrum mánuðum eftir komu hans til landsins. Hann áfrýjaði þeirri ákvörðun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Pollapönk í nýjum búningi:

# Í matrósafötum í Eurovision

**TÓNLIST** Hljómsveitin Pollapönk frumsýndi nýja búninga á fyrstu stóru æfingunni fyrir Eurovision-keppnina í Kaupmannahöfn. Búningarnir eru örlítið frábrugðnir litríku Henson-göllunum sem hafa verið einkennismerki sveitarinnar síðan hún var stofnuð árið 2006.



VALGEIR MAGNÚSSON

„Þeir eru í sömu litum en það er nýtt tvist. Maður segir ekki sama brandarann tvisvar. Þeir eru í matrósabúningum. Þeir eru eins og litlir strákar á leiðinni í afmæli,“ segir Valgeir Magnússon, sem er með Eurovision-hópnum í Danmörku.

„Það er enginn í jafn flottum búningum og íslenska liðið,“ bætir hann við. -lkg / sjá síðu 30

Flugvallarstarfsmenn fá 2,8% upphafshækkun, síðan tvær 4% hækkanir:

# Semja til næstu þriggja ára

**VINNUMARKAÐUR** Kjarasamningur Félags flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR) og Isavia er til þriggja ára. Hann felur í sér svipaðar launahækkanir og verkalýðsfélög á almenna markaðnum sömdu um í lok desember við Samtök atvinnulífsins.

Það er 2,8 prósenta launahækkun á þessu ári, en þó að lágmarki 8 þúsund krónur. Kauptaxtar sem eru lægri en 230 þúsund á mánuði hækka um 1.750 krónur. Á öðru og þriðja ári samningsins er samið um breytingar á launaflokkum og prósentuhækkanir. Hækkanir verða þó ekki meiri en sem nemur fjórum prósentum hvort ár fyrir sig.

Þar sem samið er til svo langs tíma er ákvæði í samningnum sem kveður á um að ef launahækkanir verða meiri á almenna markaðnum á síðari hluta samningstímans fái flugvallarstarfsmenn uppbætur.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í gærkvöldi að launahækkanir í samningnum væru í línu við það sem aðrir hafa samið um á almenna markaðnum.

Kristján Jóhannsson, formaður FFR, tilkynnti undir kvöld í gær að boðuðu verkfalli starfsmanna á flugvöllum, sem átti að hefjast í morgun, hefði verið frestað til 22. maí. -jme










## SPURNING DAGSINS



Stefán, er kurr meðal sagnfræðinga?

**„Nei, en þetta kallar á partí – í Dúfnahólum 10.**

Stefán Pálsson sagnfræðingur segir stríðsminjar hafa verið skemmdar með því að nýr stígur hefur verið lagður yfir dúfnahús breskra hermanna í Öskjuhlíð.

Fulltrúar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks takast á um ársreikning Reykjavíkur:

# Segir met sett í niðurgreiðslu

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ársreikningar Reykjavíkurborgar frá síðasta ári voru kynntir á fundi borgarstjórnar í Ráðhúsinu í gær. Það var Jón Gnarr borgarstjóri sem sá um kynninguna.

Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, segir að rekstur borgarinnar hafi verið afar slæmur á kjörtímabilinu. Hann bendir á að skuldir hafi hækkað um 30 prósent sem sé töluvert meira en skuldaaukning annarra sveitarfélaga á landinu. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar og formaður borgarráðs, vísar þessu á bug. Hann segir að horfa þurfi á fjármál borgarinnar í heild sinni og taka með rekstur fyrirtækja í eigu borgarinnar.

„Tólf af þeim sextán milljörðum sem borgarsjóður skuldar eru komnir til vegna láns til Orkuveitunnar,“ segir Dagur. Hann segir meirihlutann stoltan af rekstri borgarinnar og skila góðu búi. Nýtt met hafi verið sett í skuldaniðurgreiðslum. - ssb



**DAGUR OG HALLDÓR** Dagur B. Eggertsson og Halldór Halldórsson eru á öndverðum meiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrýsta á gerð kjarasamnings:

# Kennarar boða verkfall í maí

**KJARASAMNINGAR** Grunnskólakennarar hafa samþykkt þriggja daga verkfall í maí, þann 15., 21. og 27.

Þetta gera kennarar til að fá sveitarfélög til að ljúka við gerð kjarasamnings við þá. Þeir hafa verið án kjarasamnings í tvö ár.

Atkvæðagreiðslu um verkfall lauk í gær og tóku sjötíu prósent félaga í Félagi grunnskólakennara þátt. Af þeim vildu rúmlega áttatíu prósent boða til verkfalls. - jme



**HÁTÍÐIN SETT** 125 viðburðir verða á Barnamenningarhátíðinni sem stendur til 4. maí. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

Jón Gnarr borgarstjóri setti Barnamenningarhátíð:

# Hátíð um alla borg

**MENNING** Búist er við að um 40 þúsund manns muni njóta þeirra 125 viðburða sem eru á Barnamenningarhátíð í Reykjavík í ár. Jón Gnarr borgarstjóri setti hátíðina í Hörpu í gær ásamt 1.400 fjórðu bekkingum úr grunnskólum borgarinnar.

Fjöldi listamanna á öllum aldri mun taka þátt í viðburðum hátíðarinnar, sem stendur til 4. maí, en börn og fullorðnir geta sótt hátíðina sér að kostnaðarlausu.

Þema hátíðarinnar í ár er öryggi og taka Barnamenningarhátíð í Reykjavík og Neyðarlínan höndum saman um að kenna börnum mikilvægi þess að nýta sér neyðarnúmerið 112.

Dr. Gunni samdi í þeim tilgangi lagið Einn einn tveir og Þórarinn Eldjárn samdi textann. - ibs

Ber vitni í nauðgunarmáli:

# Ákærði ekki viðstaddur

**DÓMSMÁL** Karlmanni, sem ákærður er fyrir nauðgun í tjaldi í Vestmannaeyjum árið 2012, er gert skylt að víkja úr þinghaldi á meðan stúlka sem kærði hann gefur skýrslu við aðalmeðferð málsins. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Héraðsdóms Suðurlands í gær um að manninum bæri að víkja en hann krafðist þess áður að úrskurður héraðsdóms yrði felldur úr gildi.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa nauðgað stúlkunni í tjaldi í Herjólfsdal þegar hún var sautján ára, að hafa þröngvað stúlkunni til samræðis, rifið í hár og haldið höndum hennar niðri. - hva

Fór út fyrir heimildir sínar:

# Sparisjóðsstjóri sagði upp

**VIÐSKIPTI** Sparisjóðsstjórinn í Bolungarvík hefur sagt upp störfum en í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að hann hafi farið út fyrir heimildir sínar í starfi. Ragnar Birgisson, stjórnarformaður sjóðsins, segir að starfslokin tengist skýrslunni ekki með beinum hætti. RÚV greindi frá þessu í gærkvöldi.

Sparisjóðsstjórinn, Ásgeir Sólbergsson, hefur gegnt starfinu frá árinu 2000. Í skýrslu rannsóknarnefndar kemur fram að dæmi séu um að hann hafi farið út fyrir þær heimildir sem útlánareglur sjóðsins gáfu honum. - fb

# Framkvæmdaglöð bjartsýniskona

Framsóknarmenn og óháðir kynntu nýjan lista í gær. Fjórar konur eru í efstu sætum listans. Nýr oddviti er Sveinbjörg Birna Sveinbjörnssdóttir. Hún segist hafa fulla trú á að listinn nái tveimur konum inn í borgarstjórn í kosningunum í vor.

**STJÓRNMÁL** „Mitt fyrsta verk verður að kalla mitt fólk saman snemma dags og hefja kosningabaráttu,“ segir Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir en hún skipar fyrsta sætið á lista Framsóknarflokksins og flugvallarvina í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

Tilkynnt var um nýjan lista flokksins á kjördæmaþingi í gærkvöldi. Sveinbjörg er formaður Landsambands framsóknarkvenna og varaþingmaður flokksins í Reykjavík. Hún segist hafa ákveðið í síðustu viku þegar hún var stödd erlendis að bjóða sig fram. Hún segir að enginn hafi þrýst á sig, þetta hafi verið hennar ákvörðun einnar að bjóða sig fram.

Fjórar konur skipa efstu sæti listans en hann er blanda framsóknarmanna og óháðra sem allir segjast vera flugvallarvinir.

Framsóknarflokkurinn er að mælast með tveggja til fjögurra prósenta fylgi í skoðanakönnunum og samkvæmt því ekki með fulltrúa í borgarstjórn.

„Það er allt að vinna og engu að tapa. Það er ekki að ástæðulausu að framkvæmdaglöð bjartsýniskona eins og ég er fengin til verksins. Þetta verður hins vegar örugglega mjög mikil vinna en við höfum fulla trú á að koma tveimur konum inn í borgarstjórn,“ segir hún.

Sveinbjörg segir að þrjú mál verði sett á oddinn fyrir kosningarnar. Það er að tryggja að allir hafi öruggt húsnæði, ungir jafnt sem aldnir. Liður í því sé að tryggja að fólk hafi val um að kaupa eða leigja húsnæði.



**SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR** Segir allt að vinna og engu að tapa í Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Listi Framsóknar og flugvallarvina

1. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, héraðsdómslögmaður
2. Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir, héraðsdómslögmaður
3. Gréta Björg Egilsdóttir, íþróttafræðingur
4. Jóna Björg Sætran, menntunarfræðingur og markþjálfi
5. Hreiðar Eiríksson, héraðsdómslögmaður

Í öðru lagi ætlar flokkurinn að leggja áherslu á flugvallarmálið, það er að tryggt verði að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni.

Í þriðja lagi á að leggja áherslu á menntamál þar sem fjármunum verður forgangsraðað í þágu ungra Reykvíkinga. johanna@frettabladis.is

SUMARTILBOÐ




94.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Eigandi Imon taldi kaup á hlutabréfum í Landsbankanum góða fjárfestingu:

# Fjárfesting, ekki sýndarviðskipti

**DÓMSMÁL** „Þegar ég sé að hlutabréf hefur lækkað niður um um það bil 50 prósent þá fer ég að spyrja starfsfólk að því hvort það sé hugsanlega komið tækifæri til að kaupa í bankanum – er botninum hugsanlega náð í krísunni,“ sagði Magnús Ármann, fjárfestir og eigandi eignarhaldsfélagsins Imon ehf., við aðalmeðferð samnefnds sakamáls í héraðsdómi í gær.

Þrír stjórnendur Landsbanka Íslands eru þar ákærðir um markaðsmisnotkun og umboðssvik fyrir að lána félaginu rúmlega fimm milljarða króna fyrir kaupum í bankanum rétt fyrir fall hans.

Sérstakur saksóknari heldur því fram í ákæru að kaup Imons á hlutabréfunum í bankanum hafi ekki verið annað en sýndarviðskipti en Magnús kannaðist ekki við það og sagðist hafa haft mikla trú á Landsbankanum og taldi kaupin góða fjárfestingu.

Auk Magnúsar báru vitni feðgarnir og stærstu eigendur bankans, Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Hvorugur þeirra kannaðist við að hafa nokkuð komið að þeim viðskiptum sem lánað var fyrir. - fbj



**RÉTTARHÖLD** Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir gaf skýrslu í Imon-málinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÚTLIT FYRIR SUMAR

## Skínandi sértilboð á ÖLLUM aukahlutum

ALWAYS A BETTER WAY




20% afsláttur á ísetningu aukahluta




Gúmmímotta í skott




Toppgrind




Aurhlífar




Farangursnet




Vindskeið

**Búðu bílinn undir sumarið hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skínandi sértilboð á öllum aukahlutum og ljómandi 20% afsláttur á ísetningu aukahluta fyrir sumarið. Það er útlit fyrir gott sumar.**

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Verð á Yaris frá 2.630.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

40 % GÆÐALÁN TOYOTA

**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Aukahlutir eru ekki innifaldir í birtu verði. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SVONA ERUM VIÐ



**223** **var fjöldi sveitarfélaga á Íslandi árið 1986.**

**Í dag eru sveitarfélögin 74. Á næstu fjórum árum fækkaði sveitarfélögum um 19. Árið 1998 hafði þeim fækkað um 124 eða um 40%.**

Árið 2006 hafði sveitarfélögum fækkað í 79 og í dag eru þau 74.

*Heimild: kosning.is*

Ákvæði um bann við reykingum á opnum svæðum til skoðunar í Kópavogi:

# Áhugi eykst á reyklausum svæðum

**HEILBRIGÐISMÁL** Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis, segir að aukinn áhugi og umræða sé á Norðurlöndunum á tilraunum til að gera svæði reyklaus.

„Kanadamenn hafa verið að fikra sig í þessa átt og ég veit til þess að Svíar hafa verið að fara í vettvangsferðir til Kanada til að kynna sér reyklaus svæði,“ segir Viðar.

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi,



**VIÐAR JENSSON**

hefur lagt til að reykingar verði bannaðar á opnum svæðum, göngustígum og við opinberar byggingar í Kópavogi. Ákvæði þar að lútandi er í nýrri lögreglusamþykkt Kópavogsbæjar, sem er til umræðu í bæjarstjórn.

„Það er ákveðin gerjun í þessum málaflokki sem miðar að því að gera almenn útivistarsvæði reyklaus,“ segir Viðar.

Þá eru hafðar til skoðunar við stefnumótun í tóbaksvörnum hér á landi leiðir til að gera fleiri svæði reyklaus. „Við erum í stefnumótun í tóbaksvörnum – Embætti landlæknis í samstarfi við velferðarráðuneytið og aðra aðila. Þar eru hafðar til skoðunar leiðir til að gera fleiri almenn svæði reyklaus,“ segir hann. **- skó**

Aðskilnaðarsinnar valda usla:

## Náðu byggingu á sitt vald

**ÚKRAÍNA, AP** Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu náðu í gær enn einni stjórnarbyggingunni á sitt vald, að þessu sinni í borginni Luhansk, sem er ein af stærstu borgum austurhlutans.

Um þúsund manns höfðu safnast saman fyrir utan bygginguna. Sumir voru grímuklæddir og vopnaðir kylfum. Hluti hópsins, um 150 manns, réðst síðan inn í bygginguna og mætti engri mótspyrnu. **- gb**



**EYÐILEGGING** Hjálparstarfsmenn og almenningur skoða skemmdir eftir bílasprengju í Homs. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir létu lífið í Sýrlandi:

## Sprengjuárásir verða æ tíðari

**SÝRLAND, AP** Að minnsta kosti 40 manns létu lífið í borginni Homs, þar sem tvær bílsprengjur sprungu í gær. Stuttu áður létu 14 manns lífið af völdum sprengjuárásar í höfuðborginni Damaskus.

Sprengjuárásum hefur fjölgað í Sýrlandi undanfarið, en rétt rúmur mánuður er þangað til haldnar verða forsetakosningar í landinu.

Bashar al Assad forseti skýrði frá því á mánudag að hann muni bjóða sig fram, og þykir harla öruggt um sigur þrátt fyrir að borgarastríð, sem spratt upp úr fjöldamótmælum gegn honum, hafi geisað í landinu undanfarið. **- gb**

Skoða spillinguna í Nígeríu:

## Hlé á ættleiðingum barna

**DANMÖRK** Hlé verður gert á ættleiðingum frá Nígeríu til Danmerkur. Dönsk yfirvöld telja að vegna spillingar og skjalafals í Nígeríu og minna eftirlits stjórnvalda þar með ættleiðingum sé hætta á að ekki fáist réttar upplýsingar um börnin og þar með ástæður ættleiðinganna. Félagsmálaráðherra Danmerkur segir að fylgst verði með þróun þessara mála í Nígeríu. Hafa verði hagsmuni barnanna að leiðarljósi. **- ibs**

# Forsendur langtímasamnings brostnar

Aðildarfélög ASÍ segja að ríki og sveitarfélög hafi rofið samtöðu um að auka stöðugleika og kaupmátt launþega. Á þessu ári átti að gera samning til tveggja eða þriggja ára en forseti ASÍ segir allar forsendur fyrir slíkum samningi brostnar.

**KJARADEILUR** Félagar í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands eru reiðir og pirraðir út í ríki og sveitarfélög af því að þeir telja að hið opinbera hafi ekki staðið við gerð kjarasamninga á sömu nótum og aðildarfélög ASÍ gerðu í desember. Sá samningur var til árs.

Í gær hittu þeir forystu Samtaka atvinnulífsins og fóru yfir þá stöðu sem þeim finnst blasa við á vinnumarkaði.

Á vormánuðum ætluðu vinnuveitendur og verkalýðsfélögin að hefja gerð langtímasamnings á sömu forsendum og desembersamningurinn var gerður, nema menn ætluðu að semja til lengri tíma; tveggja eða þriggja ára.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

„Forsendur til að gera kjarasamning til lengri tíma eru brostnar,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Markmiðið með kjarasamningnum í desember var að stuðla að efnahagslegum stöðugleika sem átti að vera forsenda aukins kaupmáttar og stöðugs verðlags. Því ákváðu menn að launahækkanir yrðu lágstemmdar.

Kjarasamningar BHM-félaga og kennara voru lausir á þessu ári. Búið er að semja við ýmsa hópa sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum og telja ASÍ-félög að þeir hafi fengið meiri hækkanir en samið var um á almenna markaðnum.

„Það hefur ekki verið sú áhersla



**BROSTNAR FORSENDUR** Aðildarfélög ASÍ telja að ríki og sveitarfélög hafi samið um meiri launahækkanir en gert var á almenna markaðnum. Því séu ekki lengur forsendur fyrir því að gera kjarasamning til lengri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

af hálfu stjórnvalda að viðhalda stöðugleika sem vænst var. Stjórnvöld hafa ekki lagt þann grunn sem þarf með mótun peningastefnu svo því sé treystandi að hér verði stöðugleiki,“ segir Gylfi.

Hann segir að það hafi ekki verið nein launung að ASÍ hafi sett það sem skilyrði að það yrði breið samstaða á vinnumarkaði. Það geti ekki verið hlutskipti sumra hópa að slátra verðbólgunni á meðan aðrir njóti ávinningsins.

Launahækkanir hjá ríki og sveitarfélögum hafa verið réttlættar með því að sumir hópar eigi inni leiðréttingu.

Gylfi segir að fjöldi stéttarfélaga innan ASÍ hafi talið að þau ættu líka rétt á leiðréttingum og að sumar atvinnugreinar gætu borgað hærri laun.

Menn hafi hins vegar ákveðið að semja um minni kauphækkanir í trausti þess að verðbólga yrði lægri og kaupmáttur myndi aukast.

johanna@frettabladid.is



**ELDUR Í RIMASKÓLA** Enginn meiddist í brunanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tólf ára kveikti í skúrunum:

## Vildu losna við lausu stofurnar

**LÖGREGLUMÁL** Tólf ára drengur kveikti í skúrunum sem brunnu til kaldra kola við Rimaskóla á mánudag. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglu sem kveður drenginn hafa verið að fikta með eld. Kviknað hafi í vegna slysni en ekki ásetnings.

Skúrarnir sem brunnu þjónuðu áður sem kennslustofur en höfðu verið teknir úr notkun og komnir í eigu Svifflugfélags Íslands. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði Rimaskóli lengi beðið eftir að skúrarnir yrðu fjarlægðir af lóð skólans. **- gar**

Borun lokið í Kjósinni:

## Fagna vel nógu af heitu vatni

**ORKUMÁL** „Til hamingju Kjósverjar,“ segir á vef Kjósarhrepps í tilefni þess að lokið er borun eftir heitu vatni með góðum árangri.

„Viti menn, holan gefur nú 20 lítra á sekúndu af 104 gráðu heitu vatni,“ segir um útkomuna í seinni borholunni af tveimur. Borað var niður á 1.704 metra dýpi og holan síðan blásin með lofti.

En ástæða er til að fara með gát. „Varúð, það er bannað að fara að holunni vegna slysahættu, því vatnið er sjóðandi heitt og mikill kraftur í því,“ segir á kjos.is. **- gar**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 12° | New York | 11° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 15° | Orlando | 32° |
| Basel | 14° | Kaupmannahöfn | 15° | Ósló | 14° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 23° | París | 19° |
| Billund | 19° | London | 19° | San Francisco | 25° |
| Frankfurt | 21° | Mallorca | 27° | Stokkhólmur | 10° |

**Á MORGUN**
Yfirleitt hæg breytileg átt.




**FÖSTUDAGUR**
Hægur vindur um allt land.




**LITLAR BREYTINGAR** Hæð er yfir landinu þessa dagana og því er hæglætisveður ríkjandi, víða bjart með köflum og úrkomulítið. Það er heldur svalt í veðri, einkum norðanlands.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# „Það skiptir öllu máli að hafa góðan bakhjarl“

**Landsbankinn vill vera hreyfiafl** í atvinnulífinu og leggur áherslu á að veita fyrirtækjum um land allt bestu fjármálaþjónustu sem völ er á. Í nýrri fyrirtækjamiðstöð í Borgartúni 33 komum við enn betur til móts við kröfur viðskiptavina um sérfræðiþekkingu og vandaða ráðgjöf.



**Arndís B. Sigurgeirsdóttir**
Framkvæmdastjóri Iðu og Máls og menningar

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg prósent heimila eru í leiguhúsnæði?
**2.** Hver semur þjóðhátíðarlagið í ár?
**3.** Á hvað skyggir póstkassi jólasveina á Akureyri?

**SVÖR:**
**1.** 24,9 prósent. **2.** Jón Jónsson. **3.** Búðarglugga í göngugötunni.

Kennari snýr aftur til starfa eftir rannsókn á meintu einelti gegn nemanda í Vesturbæjarskóla:

# Foreldrum ekki sagt frá niðurstöðunni

**SAMFÉLAGSMÁL** Kennari í Vesturbæjarskóla, sem sakaður hefur verið um einelti, mun snúa aftur til starfa næstkomandi föstudag. Kennarinn var sendur í leyfi í lok síðastliðins september þegar ákveðið var að fá óháða aðila til að rannsaka málið.

Hvorki foreldrum barnsins sem varð fyrir meintu einelti né lögmanni þeirra hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og ekki heldur hvort þær liggi fyrir.

Foreldrum nemenda skólans var tilkynnt um endurkomu kennarans, sem mun kenna sama bekk og áður, í bréfi í gær. Kennarinn mun kenna ensku og upplýsingamennt.

Í bréfinu var ekki fjallað um rannsóknina eða niðurstöður hennar að nokkru leyti.

Skólastjóri Vesturbæjarskóla óskaði í september eftir því að óháð rannsókn færi fram á ásökunum um ofbeldi og einelti eins kennara skólans. Sérstaklega óskaði skólastjórinn eftir að skoðuð yrði sú fullyrðing eins foreldra, að ekki hefði verið aðhafst í málinu og að ekki hefði verið tekið á því í eitt og hálft ár.

Ekki náðist í stjórnendur Vesturbæjarskóla við vinnslu fréttarinnar, þrátt fyrir ítrekaðir tilraunir. **- skó**



**KENNIR SAMA BEKK** Í bréfi sem foreldrar nemenda í Vesturbæjaskóla fengu í gær er ekki sagt frá niðurstöðu eineltisrannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**CARL BILDT** Utanríkisráðherrann segir sendiherra eiga að styðja útflutning. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðskipti með orrustuþotur:

## Carl Bildt ver sendiherrann

**SVÍÞJÓÐ** Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, ver gerðir sænska sendiherrans í Sviss, Pers Thöresson, sem var í sambandi við svissneska þingmenn til að reyna að liðka fyrir viðskiptum með sænskar orrustuþotur.

Sænska ríkisútvarpið greindi frá því að sendiherrann hefði í skýrslum til Stokkhólms lýst því hvernig hann hefði sjálfur tekið þátt í að reyna að hafa áhrif á þingmenn.

Samkvæmt leyniskjölum á hann að hafa afhent svissnesku stjórninni lista yfir þá sem mótfallnir voru kaupum á orrustuþotunum frá Svíþjóð. **- ibs**

INBC boðar skýrslu í maí:

## Kanna vímuefnavarnir hér

**HEILBRIGÐISMÁL** Sendinefnd INBC (*International Narcotics Control Board*), sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar undir hatti Sameinuðu þjóðanna, sótti landið heim í byrjun mars. Í tilkynningu samtakanna segir að tilefnið sé úttekt á því hvernig Ísland uppfylli alþjóðasáttmála sem tengist málaflokknum.

Skýrsla er boðuð um stöðu mála hér í maí, en sendinefndin fundaði meðal annars með fulltrúum ráðuneyta, heilbrigðisyfirvalda, tolls og lögreglu. **- óká**

# Skiptastjóri hyggst úthluta Þorsteini Vatnsendalandinu

Skiptastjóri ákveður í dag að Þorsteini Hjaltested verði úthlutað því sem eftir stendur af jörðinni Vatnsenda í Kópavogi, á annað hundrað hekturum. Erfingjar dánarbús Sigurðar Hjaltested ætla að kæra ákvörðunina.



**MÁLAFERLI Í HÁLFA ÖLD** Málaferli og deilur vegna jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogi hafa staðið í 45 ár og virðast engan enda ætla að taka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**DÓMSMÁL** Tvenn málaferli vegna jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogi eru í farvatninu.

Skiptastjóri í dánarbúi Sigurðar Hjaltested leggur í dag fram frumvarp til úthlutunargerðar þess efnis að Þorsteini Hjaltested verði úthlutað því sem eftir stendur af jörðinni Vatnsenda samkvæmt ákvæðum erfðaskrár frá 1938.

Erfingjar Sigurðar ætla að mótmæla gjörningnum og láta á það reyna fyrir dómi hvort Þorsteinn sé lögmætur erfingi. Það verður ekki fyrr en dómstólar eru búnir að dæma í málinu sem kemur í ljós hver telst réttmætur erfingi jarðarinnar.

Guðjón Ólafur Jónsson, einn lögmanna erfingja Sigurðar, segir að þetta séu um 100 til 150 hektarar af verðmætu landi. Þetta sé af mörgum talið einn fallegasti partur jarðarinnar Vatnsenda enda liggi landið að Elliðavatni.

Málaferli og hatrammar deilur vegna jarðarinnar Vatnsenda hafa staðið linnulítið í hálfan fimmta áratug og hefur verið tekist á um eignarrétt og hverjir séu lögmætir erfingjar.

Því er nú haldið fram af erfingjum Sigurðar að Þorsteinn Hjaltested hafi verið ranglega tilgreindur sem þinglýstur eigandi jarðarinnar á þinglýsingarvottorði sem gefið var út um aldamót. Það hafi verið staðfest með dómi Hæstaréttar á síðasta ári.

Vatnsendaland hefur verið byggingarland Kópavogs síðustu ár og hefur bæjarfélagið tekið eignarnám í jörðinni fjórum sinnum. Fyrst 1992 alls 20,5 hektara, sex árum síðar eða 1998 voru 54,4 hektarar teknir eignarnámi, aldamótaárið tók bærinn 90,5 hektara lands og 2007 voru teknir eignarnámi 864,7 hektarar lands.

Þá var gerð sátt í málinu og Þorsteini Hjaltested greiddir tæpir 2,3 milljarðar króna fyrir landið, auk þess sem hann fékk lóðir og önnur hlunnindi. Matsnefnd eignarnámsbóta taldi að verðmæti þess sem kom í hlut Þorsteins hafi árið 2007 numið 6,5 til átta milljörðum króna.

Erfingjar dánarbús Sigurðar geta ekki sætt sig við þessa skiptan mála þar sem þeir telja að Þorsteinn sé hvorki eigandi Vatnsenda né hafi umráðarétt yfir jörðinni.

Kópavogsbær hafi því ekki greitt réttu fólki eignarnámsbætur fyrir jörðina.

Því er þess krafist fyrir dómi að bærinn greiði dánarbúi Sigurðar 75 milljarða króna og til vara er krafist 48 milljarða króna.

„Þetta er í fyrsta skipti sem látið er á það reyna fyrir dómi að Kópavogsbæ beri að greiða dánarbúi Sigurðar Hjaltested réttmætar bætur fyrir eignarnám í jörðinni,“ segir Guðjón Ólafur.

Kópavogsbær hafnar öllum kröfum erfingjanna og telur umrædda málsókn með öllu tilhæfulausa og fjárhæð dómkröfunnar í besta falli fráleita. Mun Kópavogsbær krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda.

johanna@frettabladid.is



**Þetta er í fyrsta skipti sem látið er á það reyna fyrir dómi að Kópavogsbæ beri að greiða dánarbúi Sigurðar Hjaltested réttmætar bætur fyrir eignarnám í jörðinni Vatnsenda.**

*Guðjón Ólafur Jónsson.*



# WEBER GRILL
## OG ALLT Á GRILLIÐ!




WEBER ÚRVALIÐ FINNUR ÞÚ Á WWW.HAGKAUP.IS

Gildir til 4. maí á meðan birgðir endast. WEBER færðu í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Holtagörðum og á hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum.




NAUTALUNDIR FERSKAR
3.999 kr/kg
verð áður 4.799

RIBEY FERSKT
3.374 kr/kg
verð áður 4.499

HAMBORGARAR
4 STK. 80 GR. M/ BRAUÐI
699 kr/pk
verð áður 899

## ÞÚ FINNUR GLÆSILEG KJÖTBORÐ Í KRINGLUNNI, GARÐABÆ, EIÐISTORGI OG Á AKUREYRI









VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




LAND ROVER EVOGUE
Nýskr. 03/12, ekinn 16 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131092.

Frábært verð
9.980 þús.



SUBARU XV
Nýskr. 09/13, ekinn 6 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr. 142050.



KIA CEED
Nýskr. 01/12, ekinn 35 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.390 þús.
Rnr. 281575.



PEUGEOT 206 ACTIVE
Nýskr. 12/11, ekinn 31 þús km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.940 þús.
Rnr. 281481.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/12, ekinn 42 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 281588.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 05/13, ekinn 28 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.960 þús.
Rnr. 142082.



KIA SPORTAGE III
Nýskr. 02/13, ekinn 28 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.490 þús.
Rnr. 141977.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


Hópur listnema vill vekja athygli á gríðarlegri sóun matvæla í heiminum:

# Bjóða fólki mat úr ruslagámum

**UMHVERFISMÁL** Hópur sem kallar sig Ruslaurant mun á morgun bjóða gestum og gangandi mat sem veiddur hefur verið upp úr ruslagámum matvöruverslana og veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu.

Sjö nemendur í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands skipa Ruslaurant-hópinn. Þau vilja vekja athygli á mat sem fer til spillis daglega. „Árlega er einum þriðja af öllum mat hent. Á meðan svelta milljónir manna,“ segir Jónbjörn Finnbogason, einn af meðlimum hópsins sem byrjaði í síðustu viku að leita matar. Jónbjörn segir hafa komið á óvart hversu mikið af góðum mat hafi fundist. „Oft var þetta bara útlitsgalli á umbúðunum og pakkningarnar voru í einhverjum tilfellum einungis klístraðar,“ segir Jónbjörn.

Viðburðurinn verður á morgun að Járnbraut 1 á Granda þar sem hópurinn hefur komið sér upp eldunaraðstöðu. Jónbjörn segir að allt það sem í boði verður sé gert úr gæðahráefni. Ekki þurfi að óttast að maturinn sé skemmdur. **- sks**



**RUSLAURANT-HÓPURINN** Segja ástæðulaust að óttast mat úr ruslagámum. MYND/AÐSEND

# Útiloka ekki sumarþing eftir kosningar

Ríkisstjórnin leggur áherslu á skuldalækkun og veiðigjaldafrumvarp á yfirstandandi þingi. Kvöldfundir verða hugsanlega boðaðir það sem eftir lifir þingsins. Ekki hefur enn verið haldinn fundur formanna flokkanna um þingstörf.

**ALÞINGI** Samkomulag er milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að nýta vikuna í að taka fyrir mál sem samstaða er um í þinginu. Um er að ræða um 30 mál, 16 stjórnarfrumvörp og annað eins af þingmannamálum. Þetta segja formenn þingflokka stjórnarmeirihlutans. Samkvæmt starfsáætlun þingsins eru sjö þingfundardagar eftir af yfirstandandi þingi.

Breyting hefur verið gerð á starfsáætlun þingsins. Þingfundardagur hefur verið boðaður föstudaginn 2. maí. Talið er líklegt að starfsáætlun þingsins taki fleiri breytingum og samkvæmt heimildum blaðsins verður þingfundum fjölgað. Einnig hefur forseti þingsins, Einar K. Guðfinnsson, búið formenn þingflokka undir þann möguleika að halda kvöldfundi það sem eftir lifir þings.

„Það er ljóst að fjöldi mála mun ekki fara í gegnum þingið að þessu sinni en við leggjum áherslu á að bæði skuldamálin, það eru skuldalækkunarfrumvarpið og frumvarpið um séreignarsparnað, fari í gegn á þessu þingi. Einnig verðum við að klára veiðigjaldafrumvarpið ef við ætlum að leggja á veiðigjöld á næsta fiskveiðiári,“ segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Næsta fiskveiðiár hefst þann 1. september. Ef þingið verður ekki búið að samþykkja veiðigjöld fyrir þann tíma verða gjöldin ekki innheimt á komandi fiskveiðiári.

Sigrún Magnúsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, útilokar ekki sumarþing ef ekki næst fyrir þinglok að klára mikilvæg mál. „Hingað til hefur tíðkast að að setja á sumarþing og það er ekkert sem segir að það sé ekki hægt. Ég hef bent á það áður að sá möguleiki er fyrir hendi. Ljóst er að við þurfum að slíta þingi um miðjan maí vegna sveitarstjórnarkosninga. Eins og staðan er núna útiloka ég ekki neitt í þessum efnum.“

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, telur þingstörfin í ákveðnum ólestri. „Það hafa ekki verið sérstakar samræður um samkomulag um þinglokin, enda held ég að það sé einfaldlega ekki til lykta leitt milli stjórnarflokkanna hvernig þeir vilja sjálfir ljúka málum.“

„Þegar svo stutt er til þingloka eins og nú er hefur venjan verið að taka ekki mál til fyrstu umræðu. Það er skrýtið að sjá dagskrána í dag [gær] og sjá menn eyða miklum tíma í fyrstu umræðu um mál sem vitað er að fara ekki í gegnum þingið,“ segir Helgi Hjörvar.

sveinn@frettabladid.is



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Ríkisstjórnin leggur áherslu á skuldalækkun og veiðigjaldafrumvarp á þinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HELGI HJÖRVAR** Þingmaðurinn telur þingstörfin vera í ólestri.

> **Það er ljóst að fjöldi mála mun ekki fara í gegnum þingið að þessu sinni en við leggjum áherslu á að bæði skuldamálin, það eru skuldalækkunarfrumvarpið og frumvarpið um séreignarsparnað, fari í gegn á þessu þingi.**
>
> *Ragnheiður Ríkharðsdóttir.*

Líklegt að tillaga utanríkisráðherra um slit ESB-viðræðna nái ekki í gegn:

# ESB-umsókn ekki afturkölluð

Fáir þingfundardagar eru eftir á Alþingi áður en þingi verður slitið um miðjan maí. Ríkisstjórnarflokkarnir leggja höfuðáherslu á að þrjú mál klárist á yfirstandandi þingi.

Þingsályktunartillaga Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra er ekki eitt þeirra. Ágreiningur er um málið innan annars þingflokksins og því talið ólíklegt að það mál nái fram á yfirstandandi þingi. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa opinberlega verið á móti tillögu Gunnars Braga.

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, telur einboðið að ekki muni nást sátt um málið í óbreyttri mynd. „Það er öllum ljóst að ef ætti að verða einhver afgreiðsla í Evrópumálum á þeim þingdögum sem eftir eru, yrði einhver sameiginleg niðurstaða allra flokka að leiða það mál til lykta. Þetta verður ekki rætt til fulls ef ætlunin er að afgreiða það í sama ágreiningi og verið hefur.“

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknar, segir það ekki eitt af mikilvægum málum ríkisstjórnarinnar. „Það gerir ekkert til þótt ESB-frumvarpið fari ekki í gegnum þingið. Þá verður það bara tekið upp á næsta þingi eða sumarþingi ef það verður.“

Stutt er til þingloka og því verður að teljast líklegt að aðildarviðræðum Íslands við ESB verði ekki hætt á yfirstandandi þingi. **- sa**



**SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR** Segir að ekkert geri til þótt frumvarpið fari ekki í gegnum þingið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE






15.990

**NIKE** FLEX EXPERIENCE
Léttur hlaupaskór með góðri dempun.
Herrastærðir.



15.990

**NIKE** FLEX EXPERIENCE
Léttur hlaupaskór með góðri dempun.
Dömustærðir.






**PROTOUCH** PRESS
DRY PLUS hlaupabuxur 3/4 sídd. Compression efni sem styður vel við vöðvana. Litir: Svartar, bleikar. Dömustærðir: 34-42.

**PROTOUCH** NATALIA
Æfinga- og hlaupabolur úr DRY PLUS efni sem heldur svita frá líkamanum. Litir: Fjólublár, orange. Dömustærðir: 34-42.

**PROTOUCH** PRESS
DRY PLUS hlaupabuxur. Compression efni sem styður vel við vöðvana. Litir: Svartar, svartar með orange. Dömustærðir: 34-42.

**PROTOUCH** TRIM
Stuttbuxur. Litur: Svartar. Herrastærðir. Stuttermabolur úr DRY PLUS efni með góðri öndun. Litir: Blár, svartur. Herrastærðir.

**PROTOUCH** PALANI/PADDINGTON
Hlaupabuxur úr DRY PLUS efni. Litur: Svartar. Herra- og dömustærðir.

**Borgaðu vaxtalaust innan 14 daga eða með raðgreiðslum í verslun Intersport á Bíldshöfda**

Netgíró
Betri leið til að borga

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4890 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. **INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.



**ÞJÓÐSKRÁIN** Efasemdir um afhendingu kjörskrárstofna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kjörskrárstofnar til flokka:

## Engin ósk frá ráðuneytinu

**STJÓRNSÝSLA** Ekki er ljóst hvort forsætisráðuneytið muni óska eftir því við innanríkisráðuneytið að beina þeim fyrirmælum til Þjóðskrár að stjórnmálaflokkar fái afhenta kjörskrárstofna fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Áratuga hefð er fyrir því að stjórnmálaflokkar fái kjörskrárstofnana fyrir kosningar. Þjóðskrá taldi hins vegar vafa leika á lögmæti slíkrar afhendingar og tók Persónuvernd undir það. Engu að síður kvaðst innanríkisráðuneytið við meðferð þess máls gera ráð fyrir því að skrárnar yrðu látnar af hendi.

Frumkvæði að því innan stjórnsýslunnar þarf að koma frá forsætisráðuneytinu. Þaðan hafa ekki fengist upplýsingar um stöðu málsins en það hefur þó ekki borist innanríkisráðuneyti og Þjóðskránni. -gar

# Kárastaðabóndi segir veidda urriða dauða í Þingvallavatni

Ábúandinn á Kárastöðum tekur ekki þátt í því að urriða sé sleppt eftir að hafa verið veiddur í Þingvallavatni og lokar því fyrir veiðar í landi sínu til 1. júní. Ekki hafi verið látið vita að þjóðgarðsreglur næðu til Kárastaða.

**STANGVEIÐI** „Það að veiða urriða og sleppa honum er svo mikil vitleysa að það skilur þetta enginn sem býr hérna við vatnið,“ segir Þóra Einarsdóttir, ábúandi á ríkisjörðinni Kárastöðum á Þingvöllum.

Eins og fram hefur komið kærði þjóðgarðurinn Einar S. Ólafsson fyrir að veiða og drepa urriða í Þingvallavatni fyrr í þessum mánuði. Bannað er að drepa urriða í landi þjóðgarðsins auk þess sem Einar kveðst hafa veitt á spún, sem er ekki leyfilegt agn fyrr en 1. júní.



**JÓHANNES STURLAUGSSON**

„Hann var í mínu landi og með fullu leyfi frá mér og ég vissi ekkert af þessum reglum,“ segir Þóra um veiðiferð Einars. „Ég vissi ekki að ég væri sett undir þjóðgarðslög fyrr en lögfræðingur Þingvallanefndar hringdi í mig fyrir helgi.“

Ekki hefur náðst tal af lögmanni þjóðgarðsins né svör fengist frá formanni Þingvallanefndar og þjóðgarðsverði en vísað mun til laga frá 2004 sem sett voru þegar þjóðgarðurinn var stækkaður að suðurmörkum Kárastaðalandsins.

„Maður er sár yfir að lögum og reglum sé breytt án þess að það sé talað við mann. Mér fyndist almenn kurteisi að láta mann vita. Mér finnst þetta rosaleg frekja. Ég hélt að ég hefði öll hlunnindin hér,“ segir Þóra sem þess utan er ekki hrifin af þeirri reglu að sleppa beri veiddum urriða.

„Að veiða og sleppa? Hvaða helvítis hálfviti veiðir svoleiðis? Geta menn þá ekki bara veitt í baðkarinu heima hjá sér?“ segir húsfreyjan á Kárastöðum, sem dregur í efa að urriði sé í útrýmingarhættu í Þingvallavatni. Tilgangslaust sé að sleppa veiddum fiskum til að hlífa stofninum.

„Þeir sem búa í 101 eru svo vitlausir að halda að þeir viti allt þótt þeir viti ekki neitt. Það vita allir sem búa við vatnið að urriðinn drepst þegar hann er veiddur svona, enda er vatnið fullt af dauðum urriða. Hvaða skepna halda menn að þoli þetta?“

Þóra hefur þegar selt talsvert af veiðileyfum fyrir sumarið til eigenda frístundahúsa í Kárastaðalandinu.

„Ég tek ekki þátt í þessari vitleysu að veiða og sleppa og ætla að friða vatnið til 1. júní,“ segir Þóra um næstu skref þótt hún játi að hún viti ekki alveg hvernig hún eigi þá að snúa sér gagnvart þeim sem þegar hafi keypt leyfi.

Þóra bætir við að hún skilji alls ekki þá ákvörðun Þingvallanefndar að flýta upphafi veiðitímabilsins frá 1. maí til 20. apríl ef friða eigi urriðann. „Það eru allir að veiða urriða þá og það væri miklu nær að friða til 1. júní. Þessir andskotar í 101. Það á að búa til borgarvirki og halda Reykvíkingum innan borgarmarkanna og leyfa okkur landsbyggðarfólkinu bara að vera í kyrrð og ró.“

Jóhannes Sturlaugsson fiskifræðingur, sem rannsakað hefur urriða í Þingvallavatni í 15 ár, meðal annars með styrkjum frá Þingvallanefnd, segir það bæði skynsamlegt og eðlilegt að sleppa Þingvallaurriða.

„Þótt ekki sé búið að samræma veiðireglur á öllum veiðisvæðum Þingvallavatns þá verður að gera þá kröfu til veiðimanna sem veiða á svæðum þar sem engar takmarkanir eru á urriðaveiði að þeir taki mið af þeim ráðandi tíðaranda sem ríkir nú í umgengni veiðimanna við urriðana. Annað er í reynd óvirðing við bæði Þingvallaurriðann og þá sem standa vörð um hann með ýmsu móti,“ skrifar Jóhannes á vefsíðu fyrirtækisins Laxfiska. gar@frettabladid.is



Veiðimaður hafnar kæru frá þjóðgarði

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum kærði rangan mann vegna dráps á urriða. Maðurinn sem veiddi fiskinn segist hafa keypt leyfi á Kárastöðum og hafnar því að þjóðgarðurinn geti sett veiðireglur fyrir landi jarðarinnar. Gott verði að skera úr um málið.

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Urriðaveiði Einars S. Ólafssonar vakti hörð viðbrögð margra og leiddi til kæru. MYND/ÚR EINKASAFNI




STINGDU ÞÉR
20%
AF ÖLLU FYRIR
SUNDIÐ TIL
OG MEÐ 1. MAÍ
QUIKSILVER
fashy
arena
ROXY
speedo
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



**Á GEYSI** Landinn vill náttúrupassa fyrir ferðamannastaði.

Aðgangur að náttúruperlum:

## Meirihluti vill náttúrupassa

**FERÐAÞJÓNUSTA** Meirihluti Íslendinga er fylgjandi því að innlendum og erlendum ferðamönnum verði gert að kaupa „náttúrupassa“ til að fá aðgengi að helstu ferðamannastöðum á Íslandi. Þetta er niðurstaða nýlegrar könnunar MMR samkvæmt tilkynningu frá fyrirtækinu.

Fram kemur að 47,2 prósent sögðust fylgjandi náttúrupassa og 35,2 prósent sögðust vera andvíg. Einnig kemur fram að eldra fólk er líklegra til að vera hlynnt náttúrupassa en yngra fólk. - gar

Dæmdur í 16 ára fangelsi:

## Verður áfram í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Friðrik Brynjar Friðriksson, sem dæmdur var í 16 ára fangelsi í Héraðsdómi Austurlands fyrir að hafa myrt Karl Jónsson síðasta vor, hefur verið úrskurðaður áfram í gæsluvarðhald á meðan mál hans er til meðferðar fyrir Hæstarétti, þó ekki lengur en til 18. júní.

Friðrik hlaut dóminn 23. október á síðasta ári. - hrs

# Flóttafólki neitað um rétt

Mannréttindasamtökin Amnesty International segja illa farið með hælisleitendur og flóttamenn í Grikklandi. Í nýrri skýrslu er skorað á ESB að refsa Grikkjum, en Grikkir eru hvattir til þess að bæta ráð sitt og láta rannsaka allar ásakanir. Jafnframt er Evrópusambandið gagnrýnt fyrir að styðja í reynd ólöglegt framferði Grikkja.

**GRIKKLAND** „Meðferðin á flóttamönnum og innflytjendum á landamærum Grikklands er ömurleg,“ segir John Dalhuisen frá Amnesty International. „Í staðinn fyrir að þeir finni hæli þá er tekið á móti þeim með ofbeldi og hótunum.“

Í nýrri skýrslu gagnrýna samtökin harðlega meðferð Grikkja á hælisleitendum.

Athyglinni er sérstaklega beint að þeirri iðju grískra landamæravarða að hrekja flóttafólk, sem kemur til Grikklands annaðhvort landleiðis frá Tyrklandi eða sjóleiðis um Eyjahaf, til baka yfir landamærin.

„Þess eru dæmi að flóttafólkið sé svipt klæðum, eignum þess stolið og byssum jafnvel beint að því áður en því er komið aftur yfir landamærin til Tyrklands,“ er haft eftir Dalhuisen í tilkynningu frá Amnesty.

Hann bendir á að það séu ríkisstarfsmenn sem sjái um að hrekja fólk til baka, og grísk stjórnvöld beri því fulla ábyrgð á verkum þeirra: „Stjórnin verður að viðurkenna opinskátt þessa ólöglegu og oft hættulegu iðju, að hrekja fólk til baka, og sjá til þess að þessu verði hætt.“

Í skýrslunni er bent á að bæði grísk lög, reglur Evrópusambandsins og alþjóðalög banni þessa meðferð á fólki. Í raun sé verið að flytja fólk nauðungarflutningi án minnsta tillits til aðstæðna hvers einstaklings. Um leið sé verið að neita fólki um möguleikann á því að sækja um hæli.

Starfsmenn Amnesty International ræddu við 148 innflytjendur og flóttamenn í Tyrklandi og spurðu út í reynslu þeirra. Tæplega helmingurinn sagðist hafa orðið fyrir því að Grikkir hefðu þröngvað þeim aftur yfir landamærin til Tyrklands. Sumir urðu fyrir þessu oftar en einu sinni.

Gagnrýni samtakanna beinist þó ekki síður að Evrópusambandinu, sem hefur lagt mikið upp úr að loka ytri landamærum sínum fyrir aðstreymi fólks frá öðrum heimshlutum.

„Það hefur orðið æ erfiðara fyrir flóttamenn og innflytjendur utan ESB að komast með löglegum hætti inn í Evrópu,“ segir í skýrslunni. Engu skipti hvort fólk sé að flýja styrjaldir eða einfaldlega að leita sér tækifæra til betra lífs. Þetta neyði fólk til að taka æ meiri áhættu, sem á hinn bóginn veldur því einnig að fólkið á frekar á hættu að verða óprúttnum glæpagengjum og smyglurum að bráð.

Margir sigla yfir Eyjahafið á troðfullum bátum, sem sumir hverjir eru varla sjóhæfir: „Á Eyjahafinu einu hafa að minnsta kosti 188 manns, þar á meðal börn og ungbörn, drukknað eða týnst á tímabilinu frá ágúst 2012 til mars 2014,“ segir í skýrslunni. „Frá árinu 2011 hafa að minnsta kosti 2.900 manns, samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja, farist í Miðjarðarhafinu í tilraunum til að komast inn í Evrópusambandið.“

„Grikkland er útvarðarríki Evrópuvígisins, og þótt ríki hafi rétt til að stjórna landamærum sínum, þá má það aldrei gerast á kostnað lífs og öryggis þeirra sem í örvæntingu sinni leita verndar eða einfaldlega betra lífs,“ segir Dalhuisen. -gb



**FLÓTTAFÓLKI BJARGAÐ** Í byrjun apríl var 408 ólöglegum innflytjendum bjargað af hrörlegum 32 metra löngum bát sem var í vanda norðvestur af Krít. NORDICPHOTOS/AFP

### Evrópuvígið varið í Grikklandi

Amnesty International segir Evrópusambandið leggja mun meiri áherslu á að koma í veg fyrir straum innflytjenda til aðildarríkjanna en að veita aðstoð þeim sem á þurfa að halda.

Á árunum 2011 til 2013 útvegaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins Grikklandi samtals 228 milljónir evra, jafnvirði um það bil 35 milljarða króna, í þeim tilgangi að hjálpa Grikkjum við að halda flóttamönnum og hælisleitendum utan landamæranna.

Á sama tímabili útvegaði framkvæmdastjórn ESB Grikkjum tæplega 20 milljónir evra, eða ríflega þrjá milljarða króna, til þess að hjálpa Grikkjum við að taka á móti flóttamönnum og hælisleitendum.

**188** manns hið minnsta hafa drukknað eða týnst á Eyjahafinu á tímabilinu frá ágúst 2012 til mars 2014.


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:

**3.080.000,-**

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.

4,4 — Eyðsla frá 4,4 l/100 km

114g — $CO_2$ frá 114 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is


netto
Kræsingar & kostakjör
-40%
FERSKAR KALKÚNASNEIÐAR
M/LEMONGRAS MARINERINGU
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498-
1.499,-
ÍSFUGL
-23%
STEIKARBORGARI 150 GR
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 298,-
229,-
FERSKLEIKI KJÖTBANKINN FAGMENNSKA
Steikarborgarinn er framleiddur úr hágæða ungnautakjöti og pakkað í lofttæmdar umbúðir þannig að súrefnisupptaka hefjist ekki fyrr en við steikingu. Þannig næst að skila hæstu gæðum allt fram að neyslu hans
LAMBASIRLOIN
FJALLALAMB FROSIÐ
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.793,-
1.399,-
LAMBA BABY BACK
KJÖTBANKINN
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-
1.090,-
LAMBALÆRI
KJÖTSEL - FERSKT
KÍLÓVERÐ
1.393,-
SVÍNARIF
GOÐI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.998,-
1.798,-
Betty Crocker
Cake Mix
GULRÓTARKAKA
BETTY CROCKER
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 539,-
399,-
VANILLUKREM
BETTY CROCKER
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-
399,-
SÆTAR KARTÖFLUR
GÓÐAR MEÐ GRILLMATNUM
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 318,-
-50%
159,-
-50%
LOW CARB PROTEIN SHAKE
LOW CARB
BODY ATTACK
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 449,-
225,-
PRO-PLEX
-50%
PRÓTEINSTANGIR
PRO PLEX
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 298,-
149,-
Tilboðin gilda 30. april – 4. maí 2014
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Atkvæði breyttust í framlög:

# Villupúkinn gerði mistök

**DANMÖRK** Villupúki gerði áhorfendum sjónvarpsþáttarins Big Brother grikk um helgina. Þegar áhorfendur greiddu þátttakandanum Nirvana með kóðann NIR atkvæði sitt með sms-skilaboðum breytti villupúki NIR í MOR.

Í stað þess að greiða sex danskar krónur fyrir atkvæðið greiddu áhorfendur hjálparstarfi kirkjunnar 150 danskar krónur hver. MOR er verkefni hjálparstarfsins í Sambíu. - ibs

# Siggi segir Hafnarfjörð ósanngjarnan

Hjónin Sigurður Þ. Ragnarsson og Hólmfríður Þórisdóttir segja að Hafnarfjörður gæti ekki jafnræðis gagnvart fjölmiðlum bæjarins þegar kemur að auglýsingum. Þau vilja fá skýr svör frá bænum hvers vegna ekki hefur verið auglýst í þeirra miðli.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hafnarfjarðarbær greiddi Fjarðarpóstinum fimm milljónir króna til auglýsinga á síðasta ári. Þetta kemur fram í svari Hafnarfjarðar við fyrirspurn Sigurðar Þ. Ragnarssonar, Sigga Storms, og konu hans, Hólmfríðar Þórisdóttur, til bæjarins.

Hjónin reka fjölmiðilinn H220 og hafa meðal annars framleitt sjónvarpsþættina Stormað um Hafnarfjörð en telja bæinn hunsa miðilinn þegar kemur að auglýsingum. Í fyrirspurn til bæjarins óska þau eftir útskýringum á „hróplegu ósamræmi“ í vali bæjarins á fjölmiðlum til að auglýsa í.

„Hafnarfjarðarbær virðist ekki hafa fjárhagslega hagsmuni að leiðarljósi þegar valið er hvar auglýst er því einingarverð virðist hæst hjá Fjarðarpóstinum,“ segir Siggi. „Þegar maður sér að bæjaryfirvöld vilja að fáir sitji við kjötkatlana finnst okkur rétt að vekja á því athygli. Mér finnst hvorki sanngirnissjónarmið né jafnræðissjónarmið höfð að leiðarljósi.“

Sigurður segir að fjölmiðill hans hafi óskað eftir því að Hafnarfjarðarbær auglýsti hjá þeim, hvort sem er á vefnum eða í sjónvarpsþættinum þeirra. „Ég bauð Hafnarfjarðarbæ að styrkja okkur um fimmtán þúsund krónur sem svona móralskan stuðning en það var ekki orðið við því. Bæjarstjórinn, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, hefur ekki sýnt áhuga á því að liðka fyrir neinu sem heitið getur móralskur stuðningur.“

Sigurður segir að tilgangur fyrirspurnar hjónanna til bæjarins hafi þó ekki verið kvörtun og sé hún frekar hugsuð til að fá svör um stefnu bæjarins. „Það verður samt að taka það skýrt fram að bærinn ræður hvar hann auglýsir. Ef bærinn ætlar að hygla einum frekar en öðrum þá er gott að vita það.“ Fyrirspurn Sigurðar og Hólmfríðar var lögð fram í bæjarráði í síðustu viku.

snaeros@frettabladid.is




**SIGGI STORMUR** Skilur ekkert í ráðamönnum í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Dýrast að auglýsa hjá Fjarðarpóstinum

| Auglýsingar Hafnarfjarðar árið 2013 | | Samtals kr. |
|---|---|---|
| Morgunblaðið | 14 auglýsingar | 387.584 |
| Fjarðarpósturinn | 59 auglýsingar | 5.034.799 |
| Fréttablaðið | 75 auglýsingar | 6.010.110 |
| Hafnarfjörður/Fótspor | 20 auglýsingar | 1.237.160 |
| Ríkissjóður/Stjórnartíðindi | 21 auglýsing | 110.452 |
| Ríkisútvarpið RÚV | 16 auglýsingar | 1.028.245 |
| Aðrir minna | | |

Dansaðu þig í form!



**Fjölbreyttir tímar** þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- Hefst 7. maí
- Þri. og fim. kl. 16:30
- Þjálfari: Hjördís Zebitz
- Verð kr. 13.900.-

HEILSUBORG
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is




BMW 1
www.bmw.is
Hrein akstursgleði

SPARNEYTINN OG SPORTLEGUR.

Enginn annar bílaframleiðandi hefur jafn staðfastlega og jafn lengi leitað nýrra leiða til að draga úr eldsneytiseyðslu og BMW. Það er komið að þér að upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. BMW 116d með 116 hestafla dísilvél er skemmtilegur millistærðarbíll sem sameinar alla helstu kosti BMW. Við bjóðum þig velkominn að reynsluaka og upplifa BMW.

BMW 116d – 4,1 l/100 km*
Verð frá 4.490.000 kr.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM62188

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

B|L
BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Mánatún 7-17



## Glæsilegar íbúðir í miðju borgarinnar

Mánatún er staðsett í hjarta Reykjavíkur með miðbæinn og útivistarsvæðin í Laugardal í göngufæri. Glæsileg hönnun Kanon arkitekta vekur athygli fyrir gott fyrirkomulag og nútímalegt útlit. Stutt er í alla þjónustu og iðandi mannlíf.

Íbúðir í Mánatúni 7-17 eru nú komnar í sölu og verða fyrstu íbúðir afhentar haustið 2014. Allar nánari upplýsingar gefa söluaðilar hjá Eignamiðlun og Mikluborg.

- Stærð íbúða er frá 90 til 170 fm.
- Íbúðirnar eru vel skipulagðar, rúmgóðar og bjartar.
- Innréttingar og tæki eru af vandaðri gerð.
- Með flestum íbúðum eru tvennar svalir.
- Frágangur við hús og lóð verður sérlega vandaður.
- Öllum íbúðum fylgir eitt eða fleiri stæði í bílakjallara.







Fáðu nánari upplýsingar á
**www.manatunid.is**

MÁNATÚN HF
www.manatunid.is

KLASI

Söluaðilar:

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
S. 569 7000 miklaborg.is

Vinnuvélar skemmdu rústir í Öskjuhlíð:

# Vanræktar stríðsminjar

Fréttablaðið sagði frá því í gær að verktakar, sem eru að breikka göngu- og hjólastíg við rætur Öskjuhlíðarinnar í Reykjavík, hefðu óvart farið með jarðýtu í gegnum gólfplötu dúfnahúss, sem brezka hernámsliðið reisti í Öskjuhlíð á stríðsárunum. Húsið var notað til að geyma bréfdúfur, sem herflugmenn höfðu í flugvélum sínum til að senda boð ef þeim hlekktist á.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Merkilegar minjar um hernámið eru úti um alla Öskjuhlíðina vestanverða. Þetta atvik er bara eitt dæmi af mörgum um skeytingarleysið gagnvart þeim. Upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar segir í Fréttablaðinu í gær að í útboðslýsingu verksins hafi komið fram að á svæðinu væru stríðsminjar sem fara þyrfti varlega í kringum, en ýtustjórunum er hugsanlega vorkunn – enginn hugsar um stríðsminjarnar í Öskjuhlíð, þær hafa ekki verið friðaðar og eru ómerktar.

Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í gær má hins vegar enn sjá í Öskjuhlíðinni nokkuð heillega mynd af því hvernig Bretar og seinna Bandaríkjamenn hugðust verja vígi sitt í Reykjavík. Þar eru steypt skotbyrgi, neðanjarðarstjórnbyrgi sem er heilmikið mannvirki, hlaðin vígi úr grjóti og torfi, varnarveggur fyrir olíutanka og grunnar bragga og ýmissa annarra bygginga.

Þessar minjar hafa í sjötíu ár verið spennandi leiksvæði krakka – og eru sumar hverjar orðnar enn þá meira spennandi eftir að skógurinn sem síðan hefur vaxið í Öskjuhlíðinni umlukti þær. Áhugamenn um söguna hafa sýnt þeim áhuga og Minjasafn Reykjavíkur staðið fyrir gönguferðum þar sem rústirnar eru skoðaðar. Þar er einn af leiðsögumönnum viðmælandi Fréttablaðsins í gær, Stefán Pálsson sagnfræðingur sem þykir stríðsminjarnar merkilegar, þrátt fyrir að vera formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. Því miður hafa mannvirkin líka áratugum saman verið vettvangur skemmdarvarga sem hafa krotað á byrgin og fyllt þau af grjóti og rusli.

Þótt minjarnar í Öskjuhlíð hafi ekki náð þeim 100 ára aldri sem þarf til að teljast fornminjar eru þær mikils virði og segja hluta af merkilegri sögu stríðsáranna á Íslandi. Það var erlent herlið sem reisti þessi mannvirki, en þau eru engu að síður hluti af Íslandssögunni, ekkert síður en sögu heimsstyrjaldarinnar síðari.

Það er ekki hægt að varðveita um alla framtíð allar eftirstandandi minjar um veru hernámsliðsins í Reykjavík. Þessi mannvirki eru hins vegar á einu fjölfarnasta og skemmtilegasta útivistarsvæði borgarbúa. Þess vegna er alveg kjörið verkefni fyrir Reykjavíkurborg að hreinsa til í rústunum, bæta aðgengi að þeim, merkja þær með upplýsingaskiltum fyrir kynslóðir framtíðarinnar og passa að fleiri ýtustjórar ryðjist ekki í gegnum þær.

Með því móti verður Öskjuhlíðin enn skemmtilegri og ævintýralegri fyrir unga og aldna og þessum merkilegu minjum er sýndur sá sómi sem þær verðskulda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orðið er laust

Undir liðnum störf þingsins koma þingmenn upp í röðum og ræða það sem helst brennur á þeim í tvær mínútur. Í gær var undir þessum lið, svo dæmi séu tekin, rætt um Mæðrastyrksnefnd, fátæk börn, skuldaleiðréttingar, opinber innkaup og fjölmargt annað. Það er hins vegar alveg spurning hvort þessi dagskrárliður eigi að kallast störf þingsins. Það færi et til vill betur á því að kalla þessar umræður orðið er laust eða eitthvað ámóta. Það myndi lýsa þessum dagskrárlið mun betur.

### Verklaus ríkisstjórn



Bjargey Gunnarsdóttir, Vinstri grænum, sagði á þingi í gær að nú væru einungis sjö þingfundardagar eftir fyrir þinghlé. Hún minnti á að núverandi ríkisstjórn hefði gagnrýnt fyrrverandi ríkisstjórn harðlega fyrir að koma seint fram með frumvörp. Bjargey minnti stjórnarherrana á að fjölmörg ríkisstjórnarmál biðu umfjöllunar fyrir þinghlé, þar á meðal mörg stór mál og sagði svo að einhvern tímann hefðu orðin „verklaus ríkisstjórn“ verið notuð. Hlutirnir breytast hægt á þingi. Ár eftir ár þegar hillir undir þinghlé kvartar stjórnarandstaðan undan slælegum vinnubrögðum ríkisstjórnar og svo þegar hinir sömu flokkar komast til valda breytist ekkert.

### Heimspekilegir stjórnmálamenn



Jón Gnarr borgarstjóri talaði fyrir sínum síðasta ársreikningi í gær. Hann sagðist gera það með mikilli gleði og stolti en hefði verið gagnrýndur fyrir stjórnunarhætti sína, sem byggðust á samvinnu, heiðarleika, virðingu og ábyrgð og ekki síður gleði og jákvæðni. Hann hafi verið sakaður um það að vera ekki raunverulegur borgarstjóri en svo hafi ekki verið. Hann byggi stjórnunaraðferð sína fyrst og fremst á eigin sannfæringu. Þá sagði Jón og sér fyndist að stjórnmálamenn eigi fyrst og fremst að vera heimspekingar. Jón er alltaf fyndinn og skemmtilegur og það verður líklegast ekki jafn gaman að kynna sér ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014.

**jóhanna@frettablaðið / fanney@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Verðtryggingarstjórn Sigmundar Davíðs

FJÁRMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona Samfylkingarinnar

„Eftir kosningar tekur við framsóknarstjórn eða verðtryggingarstjórn.“ Þetta var boðskapur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar þann 22. apríl 2013. Í kosningaáróðri Framsóknarflokksins var hamrað á því að verðtryggingin yrði afnumin.

Nú, einu ári síðar, er ljóst að framsóknarstjórn Sigmundar Davíðs er verðtryggingarstjórn, enda hafa engin þingmál verið lögð fram um afnám verðtryggingar. Og það sem meira er, verðtryggingin hefur fest sig í sessi á íslenskum lánamarkaði. Frá hruni og fram að framsóknarstjórn Sigmundar minnkaði vægi verðtryggðra lána sem hlutfall af nýjum lánum, en nú hefur þetta snúist við. Verðtryggingin er að festa sig í sessi á nýjan leik. Ekki er að sjá að þessi þróun valdi Framsóknarflokknum áhyggjum.

Sigmundur Davíð skipaði vissulega nefnd um málið. Niðurstaða nefndarinnar var í grunninn sú að kosningaloforð Framsóknarflokksins væru þjóðhættuleg, ógnun við fjármálastöðugleika og nánast óframkvæmanleg. Það eina sem nefndin taldi sig geta lagt til var að banna verðtryggð jafngreiðslulán til 40 ára sem nýtast helst tekjulágum og ungu fólki. Niðurstaðan er í samræmi við skilningsleysi ríkisstjórnarinnar á kjörum þeirra tekjulægri, en verður að teljast lélegt fyrsta útspil í umræðu um afnám verðtryggingar.

Skuldalækkunarfrumvörp Sigmundar Davíðs hafa almennt valdið miklum vonbrigðum, ekki síst hjá fyrrverandi kjósendum Framsóknarflokksins. Einungis 40% kjósenda flokksins eru ánægð með árangurinn. Það vekur athygli að engin tilraun er gerð til að tengja saman skuldalækkun og minna vægi verðtryggingar. Aðgerðirnar geta einnig valdið aukinni verðbólgu og hækkandi húsnæðisverði. Það eru vondar fréttir fyrir verst stöddu skuldarana, sem litla sem enga lækkun fá, og ungt fólk sem þarf að komast inn á húsnæðismarkaðinn. Leiga er alla jafna verðtryggð, en á þeim vanda hefur Sigmundur engan áhuga.

Sigmundur Davíð taldi fyrir ári síðan að lítið mál væri að afnema verðtryggingu. Nú er hann í forsvari fyrir verðtryggingarstjórn. Stjórn sem ætlar í tugmilljarða aðgerðir sem gagnast ekki heimilum í greiðsluvanda, leigjendum og skuldurum námslána, þvert á móti munu byrðar þeirra líklega aukast.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Er þjóðin föl fyrir fé?

FJÁRMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Er íslenska þjóðin föl fyrir fé? Þessi spurning hefur sótt á huga minn. Eftir að hafa lesið skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um hrunið – sem 99% Íslendinga hafa ekki nennt að lesa. Eftir að hafa lesið skýrsluna um vanda Íbúðalánasjóðs – sem sömu 99% Íslendinga hafa ekki nennt að lesa. Eftir að hafa lesið skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um fall sparisjóðanna – sem sömu 99% Íslendinga hafa ekki heldur nennt að lesa. Eftir að hafa lesið bók Inga Freys Vilhjálmssonar, Hamskiptin, þar sem hann bendir á samsekt okkar allra í því sem gerðist – sem 99% Íslendinga munu ekki heldur nenna að lesa. Enda ekki furða. Hjá þjóð, þar sem þriðji hver drengur getur ekki lesið sér til skilnings eftir tíu ára grunnskólanám. Hvers annars er að vænta hjá þjóð á hraðri leið til ólæsis?

**Kominn að niðurlotum**

Fyrir tveimur árum var svo komið að stjórnmálaflokkur sem hafði verið ráðandi afl í stjórnmálasögu landsins alla síðustu öld var kominn að niðurlotum. Eftir hrunið var búið að skipta þar um alla áhöfn og slá striki yfir fortíðina – eða var það svo? Þrátt fyrir það var fylgið komið niður í smáflokksfylgi. Nú voru góð ráð dýr. Leitað var í gamalt vopnabúr þar sem meðal annars mátti finna fyrirheit um fíknaefnalaust Ísland og 90 prósenta húsnæðislán, sem gagnast höfðu eftir vonum til fylgiskaupa meðal þjóðarinnar.

Þar fundu menn nýtt og miklu sterkara vopn af sama tagi. Þjóðinni var lofað stórfé, 280 til 300 þúsundum milljóna sem teknar yrðu af einhverju sem látið var heita „erlendir hrægammar“ og enginn sannur Íslendingur hafði minnstu samúð með. Til viðbótar var því lofað að sá sem taka myndi lán myndi ekki þurfa að borga til baka nema brot af þeim verðmætum sem viðkomandi hefði fengið lánað. Með því yrðu þjóðinni afhentir miklu meiri peningar en næmi þeim 280 til 300 þúsund milljónum sem sækja ætti til útlendra hrægamma og gefa henni. Gull var boðið – mikið gull. Yrði þjóðin föl fyrir fé?

**Nú fjarar hratt**

Sú spurning hefur þráfaldlega leitað á huga minn hvort svo væri. Nýir herrar hafa komist til valda á Íslandi. Nú fjarar hratt undan fylginu við þá, sem var svo mikið fyrir aðeins hálfu ári. Hvers vegna? Að sögn vegna þess að þjóðin hefur ekki fengið að sjá nema brot af þeim fjármunum sem henni voru lofaðir. Ekki nema svo sem eins og 80 þúsund milljónir af því gjafafé sem þjóðin segist eiga heimtingu á. 200 þúsund milljónir vantar. Svo á hún að borga allt úr eigin vasa. Engir hrægammar! Og fyrirheitið um að fólk geti fengið lán án þess að þurfa að borga til baka nema hluta af verðmætunum sem fengin voru að láni? Hvað hefur orðið um alla þá peninga? Enginn veit neitt! Og fylgið hrynur. Voru þá völdin fengin fyrir fé? Fé borið í dóminn? Ef ekki – hvers vegna þá allt þetta tap?

**➜ Til viðbótar var því lofað að sá sem taka myndi lán myndi ekki þurfa að borga til baka nema brot af þeim verðmætum sem viðkomandi hefði fengið lánað. Með því yrðu þjóðinni afhentir miklu meiri peningar en næmi þeim 280 til 300 þúsund milljónum sem sækja ætti til útlendra hrægamma og gefa henni.**

**Að vera föl fyrir fé**

Er þjóðin föl fyrir fé? Hvers vegna snýst gagnrýni „minna manna“ þá fyrst og fremst um að það stórvanti á þá fjármuni, sem þjóðinni hafði verið lofað fyrir atkvæðin? Hvers vegna láta „mínir menn“ í það skína, að ef fólkið aðeins vildi styðja þá myndi miklu meira gull koma til skiptanna en raunin hefur orðið á? Hvers vegna láta „mínir menn“ það hjá líða að taka undir réttmæta gagnrýni þeirra Guðmundar Steingrímssonar og Vilhjálms Bjarnasonar á hversu röng sú aðferðafræði er að sækja fjármuni í vasa almennings á Íslandi til þess að ríkisvæða einkaskuldir fólks, sem margt þarf ekki á neinni aðstoð að halda og aðrir sem geta engum um kennt nema sjálfum sér?

**Veröld sem var?**

Er íslenska þjóðin föl fyrir fé? Getur asni klyfjaður glópagulli átt greiða leið um borgarhlið íslensks samfélags? Er samfélag mitt og samferðamanna minna þá bara veröld sem var?

# Hvar urðu Sjálfstæðisflokkur og markaðslausnir viðskila?

STJÓRNMÁL



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Þeir væru stoltir og glaðir höfundar þriðju fimm-ára áætlunar Sovétríkjanna ef þeir sæju frumvarp sjávarútvegsráðherra um veiðigjöld. Þeir væru himinlifandi yfir því hvernig lærisveinar þeirra í ríkisstjórninni hyggjast reikna út og stýra samfélaginu út frá áætluðum tölum um kostnað, álögur og hagnað útgerðarinnar í stað þess að nýta hin einföldu skilaboð markaðarins um hvað hvert fyrirtæki treystir sér til að greiða í leigugjald fyrir kvótann á Íslandsmiðum.

Ef við leigjum íbúð fyrir fjölskylduna þurfum við að standa skil á umsaminni húsaleigu. Þótt illa standi á hjá okkur, þá verðum við engu að síður að standa skil á húsaleigunni. Það er einfaldlega fjárhæðin sem við féllumst á að borga þegar við gerðum húsaleigusamninginn. Ef við höfum ekki efni þá þýðir lítið að fara til leigusalans og krefjast þess að fá leiguna lækkaða, það eru nægir aðrir um að vilja taka húsnæðið á leigu.

**Leigugjaldið renni til byggðanna**

Þannig er því líka farið með sjávarútveginn. Ef þeir útgerðarmenn sem nú eru handhafar kvóta geta ekki greitt leigugjaldið fyrir auðlindina, þá ættu þeir að snúa sér að einhverju öðru því það eru nægir aðrir um að veiða fiskinn í sjónum en núverandi útgerðir sem telja sig ekki geta greitt.

Hinn gamalkunni hræðsluáróður um sjávarbyggðir sem standa tæpt er þegar tekinn að hljóma og þess vegna þurfi að lækka veiðigjöld útgerðarinnar enn frekar en orðið er. Við þessum hræðsluáróðri er einfalt svar, látum tekjur veiðigjaldsins renna til byggðarlaganna þannig að sveitarfélög sem óttast afleiðingar auðlindagjaldsins geti einfaldlega ráðstafað því sem kemur í þeirra hlut til að styrkja atvinnuuppbyggingu hjá sér hvort sem það yrði sjávarútvegur eða eitthvað annað.

Þeir útgerðarmenn sem fá afhentan makrílkvótann við Ísland á silfurfati munu ekki telja það eftir sér að greiða háar fjárhæðir fyrir makrílinn við Grænland eða Færeyjar þótt ekki komi til greina af þeirra hálfu að borga fyrir kvótann á Íslandsmiðum. Leiguverð kvótans við Grænland og Færeyjar ræðst af lögmáli framboðs og eftirspurnar, lögmáli sem ríkisstjórnarflokkarnir á Íslandi kjósa að nota ekki en styðjast þess í stað við reikniaðferðir frá Ráðstjórnarríkjunum.

**➜ Ef við leigjum íbúð fyrir fjölskylduna þurfum við að standa skil á umsaminni húsaleigu. Þótt illa standi á hjá okkur, þá verðum við engu að síður að standa skil á húsaleigunni.**

# Ræðum tengsl ríkis og kirkju

TRÚMÁL



Hjalti Hugason
prófessor

Eftir stuðningsyfirlýsingu Árna Páls Samfylkingarformanns við þjóðkirkjuna hefur nokkuð verið ritað hér í blaðið um samband ríkis og kirkju. Hér verður ekki tekin afstaða í því máli en vakin athygli á að það verðskuldar umræðu án sýndarraka og staðhæfulítilla fullyrðinga.

**Þýðingarlaust ákvæði?**

Í leiðara 16. apríl sl. staðhæfir Ólafur Þ. Stephensen að stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkjuna hafi „í dag enga praktíska þýðingu“. Er það örugglega svo? Mætti þá fella það niður án nokkurra afleiðinga? Er það t.d. skilningur Þjóðkirkjunnar sjálfrar? Hvers vegna beitti hún sér þá fyrir varðveislu þess í óbreyttri mynd fyrir tæpum tveimur árum? Er æskilegt að hafa ákvæði í stjórnarskrá sem ekki hafa neina „praktíska þýðingu“?

Ritstjórinn telur að 62. gr. stjórnarskrárinnar sé „nokkurs konar yfirlýsing um kristna sögu og siðferðisgrundvöll ríkisins“. Var hún raunverulega hugsuð þannig? Ef þetta er hlutverk hennar væri þá ekki nær að orða hana sem gilda grein og staðsetja hana framar í stjórnarskránni? Þarfnast sagan þess að vera staðfest með stjórnarskrárákvæði? Lifir hún ekki fremur í sameiginlegu minni og sjálfsmynd þjóðarinnar? Ef sagan þarf stjórnarskrárstaðfestingu, hvernig verður henni þá best fyrir komið?

Í öllu falli er mikilvægt að gera sér grein fyrir að af trúarsögu Íslendinga verður ekki leitt neitt eitt ákveðið fyrirkomulag á tengslum ríkis og kirkju og það endurspeglað í ákvæðum stjórnarskrár eða laga. Í því efni þarf fremur að líta til nútímaaðstæðna. Á þeim nótum skrifar Valgarður Guðjónsson hér í blaðinu 23. apríl sl.

**Þjóðkirkja og mismunun**

Margt í grein Valgarðs þarfnast þó skýringa. Það er í sjálfu sér rétt að þjóðkirkjuskipan felur í sér mismunun. Það er aftur á móti ekki rétt sem af grein Valgarðs má ráða að það sé mismunun af því tagi sem Mannréttindadómstóll Evrópu telur brjóta gegn Mannréttindasáttmálanum. Þvert á móti sýna nýlegir dómar að þjóðkirkjufyrirkomulag sem slíkt sé ekki álitið brjóta gegn sáttmálanum þótt einstakar afleiðingar þess eða útfærslur kunni að gera það. Eigi rök Valgarðs að gilda verður að sýna fram á að slíkir annmarkar séu til staðar hér. Samanburður hans við mismunun kynjanna eða kynþáttamisrétti er því misvísandi. Það er heldur ekki rétt sem Valgarður staðhæfir að enginn viti hvaða jarðir það séu sem standa undir samningi „ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar“. Það er skjalfest og í flestum tilvikum litlum vafa undirorpið um hvaða jarðir er að ræða. Hitt er sanni nær að erfiðara mun að meta „hversu mikils virði þær eru“. Þá má velta því fyrir sér við hvaða tíma skuli miðað komi til eignauppgjörs milli ríkis og kirkju, 1907, 1997 eða eitthvert ár í framtíðinni.

**➜ Þvert á móti sýna nýlegir dómar að þjóðkirkjufyrirkomulag sem slíkt sé ekki álitið brjóta gegn sáttmálanum þótt einstakar afleiðingar þess eða útfærslur kunni að gera það.**

**Ræðum saman af nákvæmni**

Hvaða skoðun sem við kunnum að hafa er mikilvægt að umræðan um tengsl ríkis og kirkju fari fram á málefnalegum grunni en ráðist ekki af tilfinningaþrungnum fullyrðingum.



LAUS PLÁSS NÆSTA SKÓLAÁR!

VILT ÞÚ KOMA Í HÓP ÁNÆGÐRA NEMENDA?

Tjarnarskóli er fyrir nemendur í 8.–10. bekk grunnskóla. Hjá okkur er lögð áhersla á að rækta það besta í hverjum nemanda og keppt að því að hver og einn nái hámarksárangri miðað við getu.

Nemendurnir fá góða aðstoð við námið auk góðrar þjálfunar í sjálfstæðum vinnubrögðum. Upplýsingar um námsframvindu og aðra þætti skólastarfsins eru sendar reglulega til foreldra og nemenda.

VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ ÖLLUM LÍÐI VEL Í TJARNARSKÓLA

Hafðu samband í síma **551 68 20 / 562 40 20** eða **tjarnarskoli@tjarnarskoli.is** til þess að fá nánari upplýsingar og panta heimsóknartíma hjá okkur. **Við tökum vel á móti þér.**

TJARNARSKÓLI
EINKASKÓLI VIÐ TJÖRNINA

Tjarnarskóli - lítill skóli með stórt hjarta!
Tjarnarskóli - Lækjargötu 14B - www.tjarnarskoli.is

# Menntun og tækifæri fyrir alla – 1. maí 2014

VERKALÝÐSBARÁTTA



**Ólafía B. Rafnsdóttir**
formaður VR

Barátta verkalýðshreyfingarinnar hefur frá upphafi byggst á sýn um samfélag jafnréttis og jafnra tækifæra þar sem allir hafa möguleika til menntunar og tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði.

Möguleikar ungs fólks til að sækja sér menntun við hæfi er mikilvæg forsenda virkrar þátttöku á vinnumarkaði og starfstækifæra í framtíðinni. Menntakerfið svarar í dag ekki kröfum um tækifæri til náms sem svara þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Þá eru sterkar vísbendingar um að vaxandi hópur foreldra hafi ekki efni á að fjármagna framhaldsskólanám barna sinna vegna kostnaðar. Afleiðingin er sú að brottfall ungmenna úr framhaldsskólum á Íslandi er óásættanlegt og mun meira en gerist meðal nágrannaþjóðanna. Um leið dregur verulega úr möguleikum þeirra á vinnumarkaði sem hverfa úr námi.

Atvinna við hæfi og þátttaka á vinnumarkaði er sjálfsögð krafa og lykillinn að virkri þátttöku í samfélaginu. Virkni og almenn atvinnuþátttaka er jafnframt mikilvæg forsenda velferðarsamfélagsins. Þúsundir einstaklinga eru atvinnulausar. Þetta á ekki síst við um mikinn fjölda ungs fólks sem aldrei hefur náð að festa sig í sessi á vinnumarkaði.

**➜ Atvinna við hæfi og þátttaka á vinnumarkaði er sjálfsögð krafa og lykillinn að virkri þátttöku í samfélaginu.**

Í stefnumörkuninni Ísland 2020 hafa stjórnvöld sett það sem markmið að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun lækki úr 30% í 10% á næstu árum. Samtök launafólks hafa lagt mikla áherslu á að viðurkennt verði mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni. Annað tækifæri til náms fyrir fólk með litla formlega viðurkennda menntun er mikilvægt, ásamt því að svara þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Öflug og framsækin menntastefna er mikilvægur drifkraftur efnahagslífsins og samfélagsins alls. Réttur allra til menntunar og starfa við hæfi er eitt stærsta jafnréttismál samtímans. Um leið er aukin menntun og tækifæri til virkrar atvinnuþátttöku mikilvæg forsenda árangurs í að draga úr ójöfnuði í samfélaginu.




# Tapaðar tekjur af veiðigjöldum

SJÁVARÚTVEGUR



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram frumvarp um breytingar á veiðigjöldum, sem fela í sér bráðabirgðaumgjörð til eins árs.

Í nýju frumvarpi er ekkert um gjaldtöku vegna nýrra veiðitegunda. Við í Samfylkingunni höfum krafist þess að gjald verði sett á upphafsúthlutun í makríl. Það eru engin rök fyrir því að gefa útgerðinni allar veiðiheimildir í nýjum tegundum, án nokkurs endurgjalds. Það hefur engin útgerð skuldsett sig til að kaupa makrílkvóta. Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi fallist á þá kröfu okkar fyrir jólahlé Alþingis að setja á fót nefnd til að útfæra gjaldtöku vegna nýrra tegunda, hefur ekkert orðið um efndir á því samkomulagi. Ríkisstjórnin hefur einbeittan vilja til að gefa makrílkvótann og ekkert virðist geta fengið hana ofan af þeim ásetningi.

Veiðigjöldin verða lægri en ella vegna breytinga sem ríkisstjórnin gerði síðasta sumar. Þá var það fyrsta verk ríkisstjórnarinnar að lækka gjöld á stórútgerðina, þrátt fyrir að afkomutölur gæfu ekki tilefni til þess. Þá söfnuðust 35.000 undirskriftir gegn lögunum og forsetinn gaf fyrirheit um að kæmi til þess að veiðigjöld yrðu lækkuð með varanlegum hætti myndi hann vísa slíkri löggjöf til þjóðarinnar. Það er því rétt að minna á að svigrúm ríkisstjórnarinnar til að festa í sessi lækkun til stórútgerðarinnar er lítið sem ekkert, án aðkomu þjóðarinnar.

### Frjáls markaður ráði

Að hluta til er lækkun tekna af veiðigjaldinu nú afleiðing af lakari afkomu sjávarútvegsins. Það er eðli auðlindagjalda að þau geta sveiflast, í ljósi afkomu greinarinnar. Markmið auðlindagjalda er að þjóðin fái í sinn hlut auðlindarentuna, sem er ávinningur atvinnugreinar af ókeypis aðgangi að sameiginlegum auðlindum. Ef auðlindirnar gefa minna af sér, minnkar eðli málsins samkvæmt þessi renta.

Auðlindarentan getur líka verið ólík eftir einstökum útgerðargreinum. Það er jákvætt í þessu frumvarpi að nú skuli áfram vera leitast við að greina betur þá ólíku afkomu, til að gjaldtakan geti betur verið í samræmi við afkomu í einstökum greinum sjávarútvegs. Það er líka mikilvægt að gjöldin leggist ekki með ósanngjörnum hætti á smærri rekstraraðila.

**➜ Þá var það fyrsta verk ríkisstjórnarinnar að lækka gjöld á stórútgerðina, þrátt fyrir að afkomutölur gæfu ekki tilefni til þess.**

Sumir útgerðarmenn hafa kvartað yfir að þessi lægri veiðigjöld leggist samt með ósanngjörnum hætti á greinina og talið að gjaldtakan samkvæmt hinu nýja frumvarpi taki ekki nægilega mið af versnandi viðskiptakjörum. Það er því miður óhjákvæmileg afleiðing þess að gjaldið er lagt á miðað við gögn sem ekki eru ný og þess að verið er að reyna að áætla auðlindarentu, en hún er ekki ákveðin í frjálsum viðskiptum. Við í Samfylkingunni höfum lengi haft einfalt svar við þeim vanda. Við höfum alltaf viljað að veiðigjöld ráðist í frjálsum viðskiptum með veiðiheimildir. Útgerðaraðilar myndu greiða hátt verð fyrir veiðiheimildir þegar vel árar í greininni og minna þegar afkoman er verri. Ef veiðigjaldið væri tengt slíkum viðskiptum væri tryggt að þjóðin deildi kjörum með sjávarútveginum, nyti góðrar afkomu hans og deildi byrðunum þegar illa árar. Við fögnum öllum nýjum liðsmönnum í baráttunni fyrir því að hinn frjálsi markaður verði látinn ráða veiðigjaldinu. Það er besta leiðin.

# Lýsing byggir á lögum II

FJÁRMÁL



**Þór Jónsson**
upplýsingafulltrúi Lýsingar hf.

Einar Hugi Bjarnason hæstaréttarlögmaður flytur mestmegnis endurtekið efni í andsvari sínu við grein minni í Fréttablaðinu 15. apríl sl. um Lýsingu hf. og dóma sem félagið byggir síðari endurreikning samninga sinna á. Kosturinn við það er að þá getur þetta svar mitt verið stutt, enda óþarfi að svara rangfærslum sem áður hefur verið vísað til föðurhúsanna eða upphrópunum sem dæma sig sjálfar.

Einar Hugi lætur eins og hann þekki ekki dóminn sem útreikningsaðferð Lýsingar byggist á og er kenndur við Plastiðjuna. Heldur hann því fram að endurreikningur félagsins sé andstæður dómafordæmum en flutti þó sjálfur málið í Hæstarétti.

Hann nefnir heldur ekki einu orði athugasemdir mínar við hvatningu hans árið 2011 til viðskiptavina Lýsingar o.fl. um að hætta að greiða af fjármögnunarleigusamningum og fullyrðingar um að þeir stæðust ekki lög. Hæstiréttur hefur þvert á móti staðfest að fjármögnunarleigusamningar Lýsingar eru lögmætir. Þykist ég vita að þeim sem fóru að ráðum lögmannsins og skulda nú dráttarvexti vegna vanskila leikur forvitni á að vita hvort orðum hans fylgi ekki einhver ábyrgð.

**➜ Hæstiréttur hefur þvert á móti staðfest að fjármögnunarleigusamningar Lýsingar eru lögmætir.**

Lýsing hefur lagt sig fram um að eyða ætlaðri réttaróvissu um samninga félagsins og endurreikna og leiðrétta samninga þegar svo ber undir með skilvirkum hætti. Dómsmál vegna slíkra samninga hafa reynst ýmsum lögfræðingum, sem hafa sérhæft sig í gengislánum, drjúg tekjulind. Endurteknar staðhæfingar lögmannsins um hver sé launagreiðandi minn, sem má þó vera augljóst, verða hjákátlegar í ljósi þeirra hagsmuna.

# Áskorun til neytenda

DÝRAVERND



**Gunnar Geir Pétursson**
doktorsnemi og stjórnarmaður í Velbú – samtökum um velferð búfjár

Í Fréttablaðinu 20. mars síðastliðinn segir Elín Hirst frá því að Matfugl hafi boðið sér í heimsókn í kjúklingaverksmiðju á Kjalarnesi en áður hafði hún skrifað í sama blað grein sem hét „Áskorun til kjúklingabænda“. Það er jákvætt að heyra að í þessari tilteknu verksmiðju sé aðbúnaður dýranna eins og lög gera ráð fyrir, því það er ekki sjálfgefið, en auðvitað má reikna með að Matfugl hafi skartað sínu fegursta fyrir heimsókn þingmannsins. En jafnvel þótt Matfugl væri með eina fyrirmyndarverksmiðju skiptir það litlu máli fyrir neytandann því kjötinu fylgja ekki upprunamerkingar og því veit neytandinn ekki úr hvaða verksmiðju fuglinn kemur.

Það má reyna að setja sig í spor dýra sem læst eru inni í verksmiðjum alla sína tíð við aðstæður sem eiga ekkert skylt við það náttúrulega umhverfi sem dýr hafa þróast í. Þótt „lýsing sé tempruð eftir því hvaða tími sólarhringsins er“ kemur hún ekki í stað sólarinnar sem dýrin fá aldrei að upplifa á sinni stuttu ævi, nema þá kannski þegar þau eru flutt við gríðarleg þrengsli í sláturhúsið, stundum beinbrotin ef eitthvað er að marka lýsingar nokkurra starfsmanna.

Þótt Elínu þyki „loftskipti góð“ og „aðgengi að mat“ gott, munu þessi dýr aldrei upplifa andvara á sumardegi né heldur munu þau finna lykt af neinu öðru en því sem finna má í verksmiðjunni. Að auki munu þessi dýr aldrei geta valið sér annað en það tilbúna fóður sem þeim er skammtað, sem er valið til þess að hafa vaxtarhraða dýranna (óhugnanlega) mikinn, en kjúklingur nær sláturstærð á aðeins fimm vikum á Íslandi. Ljóst má vera að fáir myndu vilja hafa gæludýr sitt í svipuðu umhverfi.

### Alvarlegar athugasemdir

Vel má vera að kjúklingaverksmiðjur hér á landi séu hreinlegri en gengur og gerist í Evrópu. Þrátt fyrir það er að finna alvarlegar athugasemdir dýralækna í hverri einustu starfsskýrslu Matvælastofnunar frá árinu 2008 vegna ástands kjúklinga. Hér fylgja nokkur dæmi: „... áberandi breytingar á fótum vegna bleytu á gólfum í eldishúsum...“, „... fuglarnir voru mjög marðir, fæturnir voru með mikinn dritbruna ...“ „... misdjúpra sára vegna dritbruna undir fótum kjúklinga ...“, „... illa meðferð fugla við tínslu og í flutningi vegna of mikilla þrengsla ...“

**➜ Við hvetjum fleiri bú, verksmiðjur og sláturhús til að opna dyr sínar fyrir almenningi, svo þeir sem vilja geti kynnt sér ferlið sem liggur að baki matnum á diskinum.**

Því ber að fagna að loksins er von á íslenskum velferðarkjúklingi. Samkvæmt nýlegum fréttum stefnir sprotafyrirtækið Litla gula hænan á að hefja sölu á velferðarkjúklingi í sumar. Vistvænu kjúklingarnir munu hafa frjálsan aðgang að útisvæði þegar veður leyfir en auk þess hafa meira rými en þeir sem fastir eru í verksmiðjunum. Í flestum stærri búðum er nú þegar hægt að kaupa lífrænan kjúkling, innfluttan frá Danmörku.

Samtökin Velbú, sem beita sér fyrir velferð búfjár, vilja gagnsætt framleiðsluferli dýraafurða. Við hvetjum fleiri bú, verksmiðjur og sláturhús til að opna dyr sínar fyrir almenningi, svo þeir sem vilja geti kynnt sér ferlið sem liggur að baki matnum á diskinum. Við í Velbú þiggjum boð frá framleiðendum sem hafa ekkert að fela.





YVES SAINT LAURENT

**GLOSS VOLUPTÉ**

„VARIR Á VARIR“ FREISTANDI AÐ KYSSA.

# YVES SAINT LAURENT

KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG SMÁRALIND 30. APRÍL – 7. MAÍ.

**20%** **AFSLÁTTUR AF** ÖLLUM GLOSSUM.



YSL snyrtibudda full af YSL sýnishornum fylgir þegar keyptir eru 2 eða fleiri hlutir úr línunni.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARÍU SIGRÍÐAR HÁKONARDÓTTUR**
**frá Flatey á Breiðafirði,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 17. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Markús Markússon**
**Sigríður Markúsdóttir** — **Jón Kjartansson**
**Bjarndís Markúsdóttir** — **Pétur Maack Pétursson**
**Hákon Markússon** — **Guðrún Bjartmarz**
**Þorbjörg Markúsdóttir** — **Sigurður Einarsson**
**Hrafnhildur Markúsdóttir** — **Þór Þórsson**
**Karitas Markúsdóttir**
**Guðbjörg Markúsdóttir** — **Jón Ingi Hákonarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær bróðir okkar,

**RUNÓLFUR ÞORKELSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, 24. apríl sl. Minningarathöfn fer fram miðvikudaginn 30. apríl klukkan 15.00 í Fella- og Hólakirkju. Jarðsett verður í Setbergskirkjugarði þann 3. maí.

**Páll Þorkelsson**
**Lilja Þorkelsdóttir**
**Hulda Þorkelsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir**

✝



Þökkum samúð við fráfall móður okkar,

**SIGRÍÐAR SVÖVU RUNÓLFSDÓTTUR**
**frá Keflavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar B4 á Borgarspítala.

**Runólfur, Þórunn, Inga, Gunnhildur, Friðfinnur, Einar og Páll Skaftabörn og fjölskyldur.**

✝



Kærar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur ómetanlegan stuðning og hlýhug við andlát og útför elsku mannsins míns, pabba, tengdapabba og afa,

**FRIÐRIKS THEODÓRSSONAR.**

**Edda Völva Eiríksdóttir**
**Hildur Friðriksdóttir** — **Jóhannes Albert Sævarsson**
**Hrefna Friðriksdóttir** — **Hörður Sigurðarson**
**Halla Rún Friðriksdóttir** — **Jón Benóný Reynisson**
**barna- og barnabarnabörn.**





LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is





Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni
Graníthöllin Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888




**FJALLAR Í FYRSTA SINN UM SJÁLFAN SIG** Goddur hefur tekið þátt í uppbyggingu náms í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands frá stofnun hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Komst inn í myndlistarnám í þriðju tilraun

## Goddur heldur fyrirlestur um eigin verk og feril í Listaháskólanum í hádeginu.

„Málið er að ég er búinn að eyða miklum tíma í það í gegnum minn tíma sem kennari að tala um aðra og flytja fyrirlestra um aðra, en ég hef aldrei fjallað um sjálfan mig,“ segir Guðmundur Oddur Magnússon, betur þekktur sem Goddur, prófessor í grafískri hönnun. Hann heldur fyrirlestur um sinn eigin grafíska myndheim í fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands, SNEIÐMYND, í Þverholti 11 í hádeginu í dag.

„Þannig að þetta er í fyrsta sinn sem ég sýni hvað ég hef verið að gera síðastliðin 40 ár,“ segir Goddur, sem hóf ferilinn á auglýsingastofu á Akureyri.

„Ég fékk hlutastarf við að aðstoða á stofunni,“ rifjar hann upp, og bætir við að í menntaskóla hafi hann alltaf haft gaman af því að búa til plaköt og skólablöð.

„Mig langaði að læra eitthvað þessu tengt, en komst reyndar ekki inn í Myndlista- og handíðaskólann fyrr en í þriðju tilraun,“ segir hann og hlær, en hann nam í skólanum frá 1976-1979.

„Mér leist ekkert á auglýsingadeildina þannig að ég skipti alveg um og fór í myndlist því deildin var svo miklu skemmtilegri á þeim tíma.“

Hann útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Emily Carr College of Art and Design í Vancouver í Bresku Kólumbíu árið 1989.

„Ég tilheyri þeirri kynslóð sem fyrst lærir grafíska hönnun í Macintosh-umhverfi þannig að það voru bara rauðir dreglar þegar ég kom heim frá Kanada og menn vildu ólmir fá mig til að kenna. Þá varð ég tæknikennari í einhver ár, en nemendurnir voru fljótir að taka fram úr mér og ég fattaði að ég ætti ekki séns í tölvusnillingana. Það var ekki fyrr en ég fór í fræðikennslu sem aldurinn fór að vinna með mér og skeggið síkkaði og hárið, og ég þurfti lítið annað að gera en að láta sjá mig og þá urðu allir hræddir,“ segir Goddur og hlær.

**Þá varð ég tæknikennari í einhver ár, en nemendurnir voru fljótir að taka fram úr mér og ég fattaði að ég ætti ekki séns í tölvusnillingana.**

„En í gegnum árin hef ég aðallega verið að vinna að hönnun fyrir listamenn og viðburði og oft hef ég sjálfur tekið þátt í alls konar gjörningum og gert þá plaköt fyrir þá,“ segir Goddur. „Þetta verður eins og kvikmynd af öllu heila klabbinu.“

olof@frettabladid.is

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**STEFÁN EGGERT PÉTURSSON**
**frá Brúarholti, Miðfirði, Kirkjuvegi 11, Keflavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans sunnudaginn 20. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Páll Björgvin Hilmarsson** — **Signý Eggertsdóttir**
**Pétur Skarphéðinn Stefánsson** — **Sæbjörg Þórarinsdóttir**
**Lovísa Guðlaug Stefánsdóttir** — **Indriði Þórður Ólafsson**
**Ásta Pálína Stefánsdóttir** — **Gunnar Már Yngvason**
**Hrönn Stefánsdóttir** — **Jósef Hólmgeirsson**
**Reynir Snæfeld Stefánsson** — **Ólöf Brynja Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Okkar ástkæra

**GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR**
**frá Þórisstöðum,**

síðast til heimilis á Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi, lést föstudaginn 25. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 2. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða.

**Ólafía Ólafsdóttir**
**Hilmar Jónasson**
**Tómas Guðjónsson**
**Gyða Maja Guðjónsdóttir**
**Þuríður Óskarsdóttir**
**Marsibil Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Okkar ástkæri

**JÓN HERMANNSSON**
**frá Borgarnesi, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,**

andaðist 26. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Hann verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 14.00.

**Indriði Albertsson** — **Helga Sveinbjörnsdóttir**
**Helga Indriðadóttir** — **Margrét Kristín Indriðadóttir**
**Sveinbjörn Indriðason** — **Magnús Indriðason**
**fjölskyldur þeirra og aðrir aðstandendur.**

✝



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BENEDIKTA SIGURRÓS SIGMUNDSDÓTTIR**
**Árskógum 8,**

andaðist á heimili sínu þann 23. apríl. Útför hennar verður frá Langholtskirkju föstudaginn 2. maí klukkan 11.00.

**Arndís Jónsdóttir** — **Arnaldur Valgarðsson**
**Ragnheiður Jónsdóttir** — **Sigurgeir Steingrímsson**
**Sigrún Jónsdóttir** — **Stefán Magnússon**
**Björk Jónsdóttir** — **Kjartan Jóhannsson**
**Jóhanna Jónsdóttir** — **Bo Hedegaard-Knudsen**
**Sturla Þór Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. apríl 2014 | 30. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## SAMVINNA ÓLÍKRA FRUMKVÖÐLA **LYKILLINN AÐ VELGENGNI**

**→ Magnús Þór Torfason, lektor við Harvard Business School, mun sjá um nýtt meistaranám í nýsköpun og viðskiptaþróun.**

**→ Námið verður byggt á reynslu hans af kennslu og rannsóknum á sviði frumkvöðlastarfsemi og tengslaneta.**

**→ Var einn af stofnendum hugbúnaðarfyrirtækisins Handpoint og situr í dag í stjórn fyrirtækisins.**

**SÍÐA 4**

## Helgi Þór Arason til Landsbréfa

Stjórn Landsbréfa hf. hefur ráðið Helga Þór Arason sem framkvæmdastjóra félagsins. Undanfarin ár hefur Helgi gegnt starfi forstöðumanns Markaðsviðskipta í Landsbankanum hf.

Helgi nam viðskiptafræði við Háskóla Íslands og stefnir á að ljúka MBA-prófi frá sama skóla nú í vor auk þess sem hann hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Helgi hefur störf þann 5. júní næstkomandi, en fram að þeim tíma mun Hermann Már Þórisson, sem gegnt hefur stöðu framkvæmdastjóra Landsbréfa til bráðabirgða, vera framkvæmdastjóri félagsins. - fbj

## Tvöfölduðu söluna á milli ára

Útgáfa upprunaábyrgða raforku, svokallaðra grænna skírteina, fór langt fram úr áætlun Landsnets í fyrra. Gefnar voru út 13 milljónir skírteina, samanborið við tæplega 5,4 milljónir skírteina árið 2012, að því er fram kemur á vef Landsnets. „Í ljósi mikillar aukningar í sölu grænu skírteinanna var gjaldskrá vegna útgáfu þeirra lækkuð í október síðastliðnum úr 7,0 krónum fyrir hvert útgefið skírteini í 4,30 krónur," segir þar.

Landsnet byrjaði að gefa út upprunaábyrgðir raforku í apríl 2012 en með þeim er staðfest að orkan sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum. - óká

## Verðlag hækkaði í apríl

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,31 prósent í apríl og mælist ársverðbólga 2,3 prósent. Er það þriðja mánuðinn í röð sem hún mælist innan verðbólgumarkmiðs Seðlabankans.

Í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka segir að ef horft sé til verðbólgu án húsnæðis nemi hún einu prósenti og endurspegli það hve þungt húsnæðis- og leiguverð vegi um þessar mundir.

Deildin segir líkur vera á að staðan breytist lítið næstu mánuði; í mesta lagi gæti verðbólgan farið í skamman tíma yfir markmið Seðlabankans en þar er miðað við 2,5 prósent. - fbj



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**5** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**8** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**2** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
VODAFONE
18,0% frá áramótum
BANK NORDIC
7,3% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
MAREL
-20,7% frá áramótum
MAREL
-6,6% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 118,00 | -9,2% | 7,3% |
| Eimskipafélag Íslands | 246,50 | -5,9% | 2,7% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 32,15 | 18,0% | -1,1% |
| Hagar | 42,40 | 10,4% | 1,1% |
| HB Grandi* | 27,65 | -0,2% | -0,2% |
| Icelandair Group | 17,00 | -6,6% | -4,5% |
| Marel | 105,50 | -20,7% | -6,6% |
| N1 | 17,65 | -6,6% | -0,6% |
| Nýherji | 3,50 | -4,1% | 0,0% |
| Reginn | 16,40 | 5,5% | 1,2% |
| Sjóvá* | 13,10 | -3,0% | -0,8% |
| Tryggingamiðstöðin | 28,68 | -10,5% | -1,1% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,21 | -14,6% | -2,3% |
| Össur | 266,00 | 16,2% | 5,1% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.153,18 | -8,4% | -2,7% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 21,40 | 61,5% | 7,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

*Breyting frá útboðsverði í apríl 2014.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 30. apríl**
- Vöruskipti við útlönd
- Vísitala framleiðsluverðs í mars 2014
- Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2014
- Nýherji – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt
- Icelandair Group – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt

**Föstudagur 2. maí**
- Fjárfestakynning Nýherja

**Miðvikudagur 7. maí**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum
- Gistinætur á hótelum í mars 2014

**Fimmtudagur 8. maí**
- Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði

**Föstudagur 9. maí**
- Efnahagslegar skammtímatölur í maí 2014

**Þriðjudagur 13. maí**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

**Miðvikudagur 14. maí**
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir

**Fimmtudagur 15. maí**
- Fiskafli í apríl 2014
- Stjórnir og framkvæmdastjórar fyrirtækja

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

SF SAMTÖK FISKVINNSLUSTÖÐVA

**Rannsóknasjóður síldarútvegsins**

Sjóðurinn styrkir að þessu sinni námsefnisgerð í sjávarútvegstengdu námi við grunnskóla og á framhaldsskólastigi. Gerð er krafa um að fræðslu- og kynningarefni styrkt af sjóðnum verði öllum aðgengilegt á netinu án gjalds.

**Umsóknarfrestur er 2. júní.**

Nánari upplýsingar er að finna á vef sjóðsins hjá Samtökum fiskvinnslustöðva (www.sf.is)

Félagið greiddi fyrr í mánuðinum rúma 1,8 milljarða króna í arð til hluthafa:

# VÍS tapar 14 milljónum króna

Tryggingafélagið VÍS tapaði fjórtán milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi ársins samanborið við 711 milljóna króna hagnað á sama tímabili 2013.

Í tilkynningu félagsins um árshlutauppgjörið segir að ávöxtun á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði hafi almennt verið fremur lítil eða neikvæð og tjónaþungi meiri en á sama tíma í fyrra. Iðgjöld tímabilsins námu 3.861 milljónum króna en voru 4.024 milljónir á fyrsta ársfjórðungi 2013. Heildareignir VÍS nema nú 50,18 milljörðum íslenskra króna og eigið fé er jákvætt um 14,7 milljarða.

Félagið greiddi rúma 1,8 milljarða króna í arð til hluthafa þann 10. apríl síðastliðinn.



SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR

„Áfram er unnið að því í samræmi við stefnu félagsins að einfalda starfsemi þess með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við viðskiptavini og auka ánægju þeirra, auka skilvirkni í starfseminni og lækka þannig rekstrarkostnað,“ segir Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, í tilkynningu um uppgjörið. - hg

# Vodafone Group hrifið af verkefni á Akureyri

***Ný verslun Vodafone og Tes og kaffis hefur vakið áhuga breska fjarskiptarisans Vodafone Group. Hugmyndin kviknaði í febrúar. Fjarskiptafyrirtækið er nú að breyta öllum 2.500 verslunum sínum.***

**VERSLUN**
**HARALDUR GUÐMUNDSSON**
HARALDUR@FRETTABLADID.IS




**Í BRETLANDI** Vodafone Group vinnur nú að breytingum á verslunum fyrirtækisins. NORDICPHOTOS/AFP

„Vodafone Group er að sýna þessu verkefni heilmikinn áhuga enda er þetta fyrirkomulag ekki þekkt í verslunum fyrirtækisins erlendis,“ segir Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Vodafone á Íslandi.

Fyrirtækið hefur ákveðið að opna nýja tvö hundruð fermetra verslun í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri í samstarfi við Te og kaffi. Ákvörðunin hefur vakið áhuga breska fjarskiptarisans Vodafone Group sem er þessa dagana að breyta öllum 2.500 verslunum sínum.

„Verslunin er hönnuð af Vodafone Group í takt við stefnu fyrirtækisins. En þegar við komum að borðinu með hugmynd um að opna verslun með kaffihúsi þá höfðu stjórnendur breska fyrirtækisins miklar efasemdir um áformin og spurðu hvernig við ætluðum að útfæra þetta. Svo förum við að vinna þetta saman og nú eru þeir mjög spenntir fyrir því hvernig þetta muni tvinnast saman og opnir fyrir því að nýta þessa hugmynd víðar.“

Stefnt er að opnun verslunarinnar á Glerártorgi í júní en áform Vodafone Group eru að sögn Björns á frumstigi.

„Þeir eru á öðru tímabelti en við í fleiri skilningi en einum og verslanirnar eru jú um 2.500 talsins en hér eru þær fjórar. Þetta gerist því á öðrum hraða en hér á Íslandi. Við byrjuðum í febrúar að hugsa málið og erum núna komin á það stig að það verði opnuð búð í júní, en þeir gefa sér örugglega sex til níu mánuði bara í að velta hugmyndinni fyrir sér.“

Björn segir líklegt að samstarf fyrirtækisins og Tes og kaffis nái einnig til annarra verslana Vodafone á Íslandi.

„Við erum nú þegar með lítið kaffihorn í versluninni í Skútuvogi en það er öðruvísi sniði. En það er klárlega möguleiki að útvíkka þetta ef vel gengur enda fellur þetta mjög vel saman.“

Sala félagsins jókst um 24 prósent milli fyrstu fjórðunga áranna 2013 og 2014:

# Hagnaður Össurar nær tvöfaldast

Hagnaður Össurar á fyrsta fjórðungi þessa árs er 95,5 prósentum yfir hagnaði sama tímabils í fyrra, tæplega 11,3 milljónir Bandaríkjadala miðað við tæplega 5,8 milljónir dala í fyrra. Í krónum talið nemur hagnaður félagsins það sem af er ári rúmum 1.265 milljónum.

Velta með bréf félagsins nam 13,8 milljónum króna í Kauphöll Íslands í gær og hækkaði verð þeirra um 4,3 prósent, endaði í 266 krónum á hlut.

Fram kemur í tilkynningu Össurar til Kauphallar að hagnaðurinn það sem af er ári nemi níu prósentum af sölu félagsins, borið saman við sex prósent af sölu á fyrsta ársfjórðungi 2013. Sala Össurar nú nam 121 milljón Bandaríkjadala, samanborið við 97 milljónir á sama tíma 2013 og jókst um rúm 24 prósent. Þar af er innri vöxtur sagður hafa verið sex prósent.

Í uppgjörinu kemur fram að nokkru munar á kostnaði milli fyrsta fjórðungs 2013 og 2014, en hann fór úr 2,2 milljónum dala í 520 þúsund dali. Munar þar mest um gengismun, en í fyrra hallaði á félagið svo nam rúmlega 1,1 milljón dala, en á fyrsta fjórðungi þessa árs skilar munurinn hagnaði upp á 330 þúsund dali.

Haft er eftir Jóni Sigurðssyni, forstjóra Össurar, að niðurstöður fjórðungsins hafi verið í takt við væntingar. „Við sjáum enn einn ársfjórðunginn þar sem arðsemin er mjög góð og rekstrarhagnaður tvöfaldast á milli ára. Aðhaldsaðgerðir sem við förum í á síðasta ári og endurhönnun á ferlum hafa jákvæð áhrif, en einnig er ánægjulegt að sjá að markaðsskilyrði á stoðtækjamarkaðnum í Bandaríkjunum eru að þróast í rétta átt.“ Jón bendir líka á að í aprílbyrjun hafi lánasamningi félagsins verið breytt og hann framlengdur um þrjú ár, eða fram til ársins 2019. Lánakjörin segir hann endurspegla sterka fjárhagslega stöðu Össurar og góðar framtíðarhorfur. - óká



**JÓN SIGURÐSSON** Í tilkynningu stoðtækja- og gervilimaframleiðandans Össurar til Kauphallar kemur fram að lánakjör félagsins hafi batnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Uppgjör Össurar fyrsta fjórðung 2014***

| Liður | Q1 2013 | Q1 2014 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Sala | 97,1 | 120,9 | 24,5% |
| Rekstrarhagnaður | 10,1 | 15,8 | 57,5% |
| Hagnaður | 5,8 | 11,3 | 95,5% |
| Heildareignir | 706,2 | 706,3 | 0,0% |

*Tölur eru í milljónum Bandaríkjadala. Heimild: Árshlutauppgjör Össurar


Við vitum að allt getur gerst í landbúnaði
Eins og bændur og búalið vita eru nær engin takmörk fyrir því sem getur komið upp á. Sérfræðingar fyrirtækjaþjónustu VÍS bjóða sérsniðna tryggingavernd eftir breytilegum þörfum þeirra sem starfa í landbúnaði. Þannig getur þú einbeitt þér að því sem þú gerir best. **VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk**.
VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS
ENNEMM / SÍA / NM61315

# Ógn sögð stafa af útlánabólu í Kína

***Þrjátíu hagfræðingar sem AP spurði út í þróun efnahagsmála í Kína telja að smitáhrif gætu orðið af minnkandi hagvexti þar. Aðgerða sé þörf hjá Kínastjórn. AGS varaði nýverið við auknum veikleikum í fjármálakerfi Kína.***

**EFNAHAGSMÁL**

**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Í þann mund sem heimshagkerfið er að rétta úr kútnum eftir skuldakreppur Bandaríkjanna og Evrópu beina hagfræðingar sjónum sínum að nýju áhyggjuefni, sem þeir segja vera Kína. Þar sjá þeir útlánabólu sem hamlað gæti hagvexti á heimsvísu taki stjórnvöld í Kína ekki til sinna ráða.

Þetta er niðurstaða könnunar fréttaveitu Associated Press (AP) á meðal þrjátíu hagfræðinga. Þeir eru engu að síður bjartsýnir á að viðleitni kínverskra stjórnvalda til að koma á efnahagsumbótum í hagkerfi landsins, sem er það næststærsta í heimi, komi til með að efla kínverska banka, slá á útlánabóluna og gagnast útflutningsfyrirtækjum í öðrum löndum, svo sem Bandaríkjunum, til lengri tíma litið.

„Kínverjar þurfa nauðsynlega að taka á og breyta viðskiptaháttum sínum,“ segir William Cheney, aðalhagfræðingur hjá eignamiðlunarfyrirtækinu John Hancock Asset Management. „En þeir hafa líka áður sýnt að það geta þeir gert. Ég er bjartsýnn á getu þeirra til að koma á breytingum.“

Sveifla aukinna útlána kínverskra banka er hins vegar sögð áhyggjuefni. Stjórnvöld í Kína hvöttu í upphafi, þegar fjármálakreppan 2008 gekk yfir, til aukinna útlána til þess að ýta undir vöxt. Stórir bankar í ríkiseigu fjármögnuðu byggingu íbúðarhúsnæðis, járnbrauta og skrifstofuháhýsa. Stór hluti lánanna fór hins vegar í staðbundin gæluverkefni embættismanna í stað þess að vera á viðskiptalegum forsendum.

Í byrjun þessarar viku varaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) við auknum skuldum einkaaðila í Kína og gaf út skýrslu þar sem vísað var til „vaxandi veikleika“ í fjármálakerfi Kína, þar á meðal lána utan hefðbundinna banka. Útlán í „skuggabankakerfi“ Kína eru í skýrslunni sögð samsvara fjórðungi kínverska hagkerfisins. Þá benti AGS á greiðslufall sem orðið hafi nýverið vegna greiðslukorta og annarra skulda sem bankar hafi selt fjárfestum og mikillar skuldabyrði sveitarstjórna. Haldi þessi þróun áfram „gæti það haft neikvæðar markaðsafleiðingar bæði í Kína og á heimsvísu,“ sagði í skýrslu AGS.

Útlánabólan hefur orðið til þess að lóðaverð í Kína hefur tvöfaldast síðustu fimm ár, samkvæmt áætlun japanska bankans Nomura. Að mati greiningarfyrirtækisins Capital Economics fóru skuldir Kínverja sem hlutfall af hagkerfinu úr 130 prósentum árið 2008 í 200 prósent 2013. Þegar skuldir hafa aukist með viðlíka hætti áður, svo sem í húsnæðisbólunni í Bandaríkjunum, hafa fjármálakreppur að jafnaði fylgt í kjölfarið. „Það ætti að hringja viðvörunarbjöllum,“ segir Mark Williams, sérfræðingur Capital Economics í efnahagsmálum Asíu.

## Kínaáhrifin

**Niðurstöður könnunar 23. apríl 2014.*

**Aukin skuldsetning í Kína varpar skugga á hagvöxt á heimsvísu að mati 30 hagfræðinga sem fréttaveita AP hefur leitað til.***




*Hver verður líklega helsta afleiðing hægari vaxtar í Kína?*
- *4 Hamlar hagvexti í Bandaríkjunum og á heimsvísu.*
- *17 Hamlar aðallega vexti á nýmarkaðssvæðum sem flytja vörur sínar til Kína.*
- *8 Verður til þess að Kínastjórn grípur til innspýtingaraðgerða sem viðheldur ásættanlegum vexti.*
- *1 Svarar ekki.*

*Hver verða helstu áhrif nýlegrar virðisrýrnunar kínverska gjaldmiðilsins?*
- *Hefur letjandi áhrif á spákaupmennsku í viðskiptum með gjaldmiðil Kína.*
- *14 Eflir útflutning Kína.*
- *3 Verður til þess að erlendir kröfuhafar og innstæðueigendur í kínverskum bönkum koma eignum sínum úr landi.*
- *2 Svara ekki.*

*Hefur Kína gengið í gegn um útlánabólu?*
- *25 Já.*
- *3 Nei.*
- *2 Svara ekki.*

*Hvað af eftirfarandi er líklegasta afleiðing hjöðnunar slíkrar útlánabólu?*
- *7 Fasteignamarkaður í Kína verður fyrir víðtækri verðdýfu.*
- *4 Helstu vöruframleiðslulönd verða fyrir skelli þegar Kínverjar kaupa minna af útflutningsvarningi þeirra.*
- *13 Staða banka í ríkiseigu í Kína verður veikari vegna tapaðra viðskiptakrafna.*
- *6 Svarar ekki.*

**Tölurnar í kökuritunum segja til um fjölda hagfræðinga af þeim 30 sem AP leitaði til sem styðja hverja tilgátu.*

> Kínverjar þurfa nauðsynlega að taka á og breyta viðskiptaháttum sínum. En þeir hafa líka áður sýnt að það geta þeir gert. Ég er bjartsýnn á getu þeirra til að koma á breytingum.






**FASTEIGNAGJÖLDIN ÞUNG** Tap af rekstri án fjármagnsliða Hörpu er áþekkt fasteignagjöldum sem félaginu er gert að greiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Á árinu 2013 komu 1,3 milljónir gesta í tónlistarhúsið:

# Hagnaður af Hörpu

Hagnaður varð af rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu upp á 172 milljóna króna í fyrra, samanborið við 1.419 milljóna tap árið 2012. Tap af rekstrinum án fjármagnsliða fór úr 585 milljónum árið 2012 í 360 milljónir að meðtöldu framlagi eigenda á árinu 2013. Samkvæmt tilkynningu frá Hörpu er sú upphæð áþekk fasteignagjöldunum sem félaginu er gert að greiða. Aðalfundur félagsins var haldinn í gær.

Eigin tekjur Hörpu jukust úr 644 milljónum í 873 milljónir, sem er 26 prósenta tekjuaukning. Gjöld aukast einnig um 175 milljónir þannig að félagið bætir reksturinn um 55 milljónir króna frá fyrra ári.

Á árinu 2013 komu 1,3 milljónir gesta í húsið samanborið við 1 milljón á árinu 2012. Tónleikar og listviðburðir voru 489 samanborið við 387 árið 2012, en fundir, ráðstefnur og veislur voru 320 en 250 árið áður. Alþjóðlegar ráðstefnur voru 15 samanborið við 12 árið áður og er áætlað að ráðstefnuhald Hörpu hafi skilað allt að 4,5 milljörðum króna í gjaldeyristekjur. Nýting á sölum Hörpu var 67 prósent á árinu 2013.

Á aðalfundinum var ákveðið að fækka í stjórn úr sjö í fimm. Í stjórn voru kjörin Guðfinna S. Bjarnadóttir sem formaður og meðstjórnendurnir Svanhildur Konráðsdóttir, Kjartan Örn Ólafsson, Vilhjálmur Egilsson og Ásta Möller. Forstjóri Hörpu er Halldór Guðmundsson.

**- fbj**

### Töpuðu 295 milljónum á fyrsta fjórðungi og segja upp 75 manns:

# Bréf Marel lækkuðu

Verð hlutabréfa Marel lækkaði um 8,26 prósent í viðskiptum gærdagsins í Kauphöll, á fyrsta viðskiptadegi eftir að félagið upplýsti um taprekstur á fyrsta fjórðungi þessa árs. Heildarvelta með bréf félagsins í viðskiptum gærdagsins nam 212,6 milljónum króna og endaði verð þeirra í 105,5 krónum á hlut.

Frá því var greint í uppgjöri félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung að 1,9 milljóna evra (295 milljóna króna) tap hefði verið á fyrsta fjórðungi, miðað við 5,7 milljóna evra (885 milljóna króna) hagnað á fyrsta fjórðungi 2013.

Meðal aðgerða sem félagið greip til á fjórðungnum er fækkun starfsmanna. 75 manns var sagt upp, þar af 25 millistjórnendum.

Í tilkynningu til Kauphallar er afkoman sögð lituð af áhrifum nokkurra einskiptisliða sem samtals nemi um 2,4 milljónum evra (372 milljónum króna).

Greint er frá því að hleypt hafi verið af stokkunum áætlun um skýrari rekstraráherslur með það að markmiði að mæta þörfum viðskiptavina með skilvirkari hætti og draga úr árlegum kostnaði um 20 til 25 milljónir evra. „Upphafsskrefin voru tekin á fyrsta ársfjórðungi og hefur nú þegar tekist að draga úr árlegum kostnaði sem nemur 3,6 milljónum evra,“ segir í tilkynningu.

**-óká**




# Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á www.reitir.is.

Kringlan 4–12    103 Reykjavík    www.reitir.is    575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

# Notar reynsluna frá Harvard til að móta frumkvöðla framtíðarinnar

***Magnús Þór Torfason, lektor við Harvard Business School, mun sjá um nýtt meistaranám í nýsköpun og viðskiptaþróun við Háskóla Íslands. Námið verður byggt á reynslu hans af kennslu og rannsóknum á sviði frumkvöðlastarfsemi og tengslaneta. Magnús var einn af stofnendum hugbúnaðarfyrirtækisins Handpoint.***

**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is



„Þegar þú stofnar frumkvöðlafyrirtæki þarftu að geta leitt saman hæfasta fólkið á sínu sviði og við ætlum að búa til umhverfi þar sem nemendur eiga í samskiptum við fólk með mismunandi bakgrunn og þekkingu," segir Magnús Þór Torfason, lektor við Harvard Business School og verðandi umsjónarmaður nýs meistaranáms í nýsköpun og viðskiptaþróun við Háskóla Íslands. Námið mun meðal annars byggjast á reynslu Magnúsar af kennslu og rannsóknum á sviði frumkvöðlastarfsemi og tengslaneta og rekstri hugbúnaðarfyrirtækisins Handpoint.

**Frá Handpoint til Harvard**

Magnús lauk doktorsprófi í stjórnun frá Columbia-háskólanum í New York árið 2010. Hann lærði áður rafmagnsverkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands og stofnaði Handpoint árið 1999 með félögum úr háskólanum, þeim Davíð Guðjónssyni og Þórði Heiðari Þórarinssyni.

„Við fórum mjög snemma út í að þróa forrit fyrir handtölvur sem væru núna kölluð öpp. Forritin tengdust öðrum kerfum á flókinn hátt og voru mikið notuð í alls kyns ferlum eins og vörutalningum og verðkönnunum bæði á Íslandi sem og erlendis," segir Magnús.

Hann situr í dag í stjórn fyrirtækisins. Höfuðstöðvar þess eru í Cambridge á Englandi en Handpoint þróar lausnir fyrir greiðslumiðlun sem hægt er að nota í snjallsímum og spjaldtölvum.

„Eftir námið í Columbia tóku við fjögur ár í Boston. Ég sótti um nokkrar kennslustöður við bandaríska háskóla og endaði í frumkvöðladeild Harvard Business School þar sem ég kenndi í MBA-námi skólans og byggði kennsluna meðal annars á minni eigin reynslu."

Frumkvöðlanámið í Harvard byggist að sögn Magnúsar að miklu leyti á þeirri hugmyndafræði að frumkvöðlar nái árangri með því að vinna að verkefnum með fólki af öðrum fagsviðum.

„Fólk í MBA-náminu er að vinna verkefni með nemendum úr verkfræði, tölvunarfræði eða af öðrum sviðum. Þessir nemendur vinna oft saman við að koma sínum eigin fyrirtækjum á koppinn og oft verða einmitt mjög áhugaverð fyrirtæki til úr samvinnu nemenda úr Harvard Business School og úr verkfræðideild MIT-háskólans," segir Magnús.

**Nýr kafli í Háskóla Íslands**

Hann hefur ásamt öðrum unnið að skipulagningu nýs meistaranáms í nýsköpun og viðskiptaþróun við HÍ. Skipulag námsins byggist að hluta til á reynslu Magnúsar og námið mun gefa nemendum úr ólíkum deildum tækifæri til að vinna saman að verkefnum þar sem áhersla verður lögð á tengingu við atvinnulífið.

> Ef skipuritið er beinagrind fyrirtækis þá er tengslanetið taugakerfið. Skipuritið er formlegur þáttur stjórnskipunar og skipulags fyrirtækis en tengslanetið er óformlegi þátturinn. Það er mjög einfalt að breyta skipuriti á pappír en það er miklu erfiðara að breyta tengslaneti.

„Mig langaði til að koma heim eftir átta ár í Bandaríkjunum og þetta er gott tækifæri til að byggja á því sem ég var að gera úti. Þetta verður blanda af fræðilegu og verklegu námi."

Margir stjórnendur bandarískra fyrirtækja koma að MBA-náminu í Harvard með því að hitta nemendur skólans og miðla sinni reynslu og þekkingu. Magnús og aðrir skipuleggjendur meistaranámsins við HÍ ætla einnig að nýta sér þekkingu og reynslu íslensku fyrirtækjanna; Actavis, Alvogen, Landsbankinn, Marel, Meniga og Össur.

Magnús verður umsjónarmaður námsins fyrir hönd viðskiptafræðideildar en Rögnvaldur Sæmundsson, lektor í iðnaðarverkfræði, fyrir hönd iðnaðarverkfræðideildar.

„Við munum vinna að þessu saman og þannig búa til tenginguyfir Suðurgötuna. En með þessu námi erum við ekki að reyna að steypa alla í sama mót heldur nota það til að tengja saman fólk með ólíkar hugmyndir. Enda er helsta merki góðra frumkvöðla ekki að þeir séu sérfræðingar í öllu heldur að þeir eigi auðvelt með að vinna með fólki með annan bakgrunn."

**Tengslanet taugakerfi fyrirtækja**

Magnús hefur sérhæft sig í tengslanetarannsóknum þar sem sjónum er meðal annars beint að því hvernig hægt er að nýta tengsl við stofnun og rekstur frumkvöðlafyrirtækja. Doktorsverkefni hans við Columbia fjallaði um tengslanet í tölvuleiknum EVE Online og hann hefur einnig rannsakað alþjóðleg tengslanet og net fjárfestingarsjóða.

„Ef skipuritið er beinagrind fyrirtækis þá er tengslanetið taugakerfið. Skipuritið er formlegur þáttur stjórnskipunar og skipulags fyrirtækis en tengslanetið er óformlegi þátturinn. Það er mjög einfalt að breyta skipuriti á pappír en það er miklu erfiðara að breyta tengslaneti.

Það er ekki síst mikilvægt atriði í frumkvöðlafyrirtæki þar sem þú þarft oft að nýta ekki bara það sem þú ert með innan fyrirtækisins. Frumkvöðlafyrirtæki eru oft ekki með nauðsynlegar rannsóknarstofur eða markaðsdeildir. Stjórnendur þeirra þurfa því að vera lunknir við að safna að sér aðföngum og nota til þess tengslanetið," segir Magnús og bendir á fleiri kosti þess að skoða tengslanet.

„Ef þú þekkir tengslanet einhvers geturðu spáð um hversu góðar hugmyndir viðkomandi á eftir að fá. Í Harvard lagði ég áherslu á að nemendur nýttu sér þetta og það hvernig tengslanetið getur hjálpað fyrirtækjum að ná markmiðum sínum og einstaklingum að nýta og skapa tækifæri."

**Kostir og gallar Íslands**

Á árunum fjórum sem Magnús bjó í Boston fékk hann að kynnast öflugu frumkvöðlastarfi fyrirtækja á austurströnd Bandaríkjanna. Hann segir þau fyrirtæki eiga til að gleymast þegar fjallað sé um spennandi bandaríska frumkvöðla á uppleið.

„Vesturströndin er sterk í að búa til neytendalausnir en oft er meiri áhersla lögð á tæknilausnir á austurströndinni."

Íslenskt frumkvöðlaumhverfi hefur að sögn Magnúsar sína kosti og galla.

„Það er ýmislegt sem er að vinna á móti okkur eins og fjarlægðir og smæð samfélagsins. Við erum svolítið langt frá mörkuðunum og langt frá fjármagni líka. En ég tel að við höfum náð að vinna alveg rosalega vel úr því sem við þó höfum. Íslenski markaðurinn er lítill en við höfum náð að nýta það samt sem áður sem styrkleika. Hér er mikil gróska eins og sést í hlutum eins og Gulleggingu og Startup Reykjavík," segir Magnús.

„Hins vegar er þetta alltaf erfiðara þegar fyrirtækin eru komin aðeins lengra og farin að þurfa áhættufjármögnun til að fjármagna markaðsstarf og annað. Þá er mikilvægt að vera með tengingar til Evrópu og Bandaríkjanna svo fyrirtækin geti betur sótt fjármagn erlendis. Það er stórt skref að byrja að taka fjármagn erlendis frá og þeir sem eru að vinna í íslensku frumkvöðlaumhverfi ættu að einbeita sér að því að gera það ferli aðeins smurðara."



**BJÓ VESTANHAFS** Magnús hefur fengið að kynnast frumkvöðlastarfi fyrirtækja á austurströnd Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## 1. MAÍ Í REYKJAVÍK

**Kröfugangan 1. maí leggur af stað frá Hlemmi kl. 13.30 á morgun. Lúðrasveit verkalýðsins og lúðrasveitin Svanur spila. Útifundur hefst síðan á Lækjartorgi kl. 14.10 þar sem flutt verða ávörp og tónlistarmenn koma fram. Fyrsti ræðumaður er Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB.**








Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 | laugardaga frá kl. 10-16


# KEPPT UM BESTA PASTADISKINN

**RUSTICHELLA KYNNIR** *Veitingahúsið Primo Ristorante, Hagkaup og Eggert Kristjánsson hf. halda uppskriftasamkeppni undir merkjum Rustichella.*

Uppskriftasamkeppnin fer þannig fram að áhugasamir senda inn uppskriftir sínar á www.primo.is/pasta. Þar skráir fólk sig til leiks á þar til gerðu formi," segir Páll G. Arnar, sölustjóri Eggerts Kristjánssonar hf., sem er umboðsaðili Rustichella-pasta á Íslandi. „Skilyrði fyrir þátttöku er að pastað sem notað er í uppskriftinni sé frá Rustichella en það fæst í Hagkaupi," útskýrir Páll. Uppskriftirnar eru í framhaldinu dæmdar af dómnefnd sem skipuð er matreiðslumönnum frá Primo, Hagkaupi og Rustichella. „Dómnefndin velur fimm til átta uppskriftir sem hún telur skara fram úr. Þær eru síðan matreiddar af matreiðslumönnum Primo og dómnefndin velur þær uppskriftir sem skipa þrjú efstu sætin," lýsir Páll. Þátttakendur geta einnig sent inn myndbönd við framleiðslu á pastaréttum sínum en veitt verða sérstök verðlaun fyrir skemmtilegasta myndbandið.

Vinningar í keppninni eru glæsilegir. „Fyrsti vinningur er flugferð fyrir tvo til Ítalíu með Icelandair en einnig verða veittir vinningar fyrir annað og þriðja sæti. Þá gæti sá réttur sem sigrar endað á matseðli Primo Ristorante. Veitingastaðurinn var stofnaður á síðasta ári að Grensásvegi 10. Hann er með ítölsku yfirbragði og notar eingöngu Rustichella-pasta á matseðli sínum.

Skilafrestur er til 10. maí og verða úrslit kunngerð 15. maí.




Skilafrestur á www.primo.is/pasta er til 10. maí.

**Úrslit verða kunngerð 15. maí.**

**GÆÐAPASTA**

- Rustichella var stofnað í smábænum Penne 1924.
- Sérvalið og viðurkennt durum-hveiti er notað en það er með hátt prótíninnihald.
- Gamlar framleiðsluaðferðir eru notaðar og hágæða hráefni.
- Hæg þurrkun tryggir rétt bragð og raka. Pastað þrefaldast að þyngd við suðu.
- Notuð eru bronsmót til að tryggja hrjúft yfirborð svo sósur, krydd og olíur loði betur við pastað.
- Semolina blandað fjallavatni gefur frábæra áferð og bragð.
- Hefðir og tækninýjungar vinna vel saman við að framleiða vöru af hæsta gæðaflokki.
- Hugað er að sjálfbærni í vali umbúða og lágmarksnotkun umbúðaefnis.
- Umbúðir eru 100% endurvinnanlegar og náttúrulegt blek notað í merkingar.

**PASTA-KEPPNI**
Vinningar í keppninni eru glæsilegir. Fyrsti vinningur er flugferð fyrir tvo til Ítalíu.







MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG KÆLI
CREAM
GEL

Ég er kælandi fótagel sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreytta og bólgna fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.



www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup






Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum," segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.



„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni."



Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is




SAFT




**UPPLIFUN** Lára fór í tíu daga skíðaferð til Austurríkis í febrúar þar sem daglega var gengið á fjallaskíðum á nýtt fjall og svigað niður.
MYNDIR/ÓSKAR GÚSTAVSSON

# GAMAN AÐ REYNA SVOLÍTIÐ Á SIG

***FJALLASKÍÐAFERÐ*** *Lára Hálfdanardóttir notar helst ekki skíðalyftur heldur gengur upp brekkurnar á fjallaskíðum og rennir sér svo niður. Hún er nýkomin niður af Heklu og Eyjafjallajökli og skíðaði í Ölpunum fyrir stuttu.*

Ég er reyndar alger nýgræðingur í sportinu en ég féll fyrir fjallaskíðum síðasta haust og keypti mér þá græjur. Þetta er ótrúlega skemmtilegt. Sumir segja að lífið byrji fyrir utan troðnu brekkurnar," segir Lára Hálfdanardóttir, kennari í Melaskóla.

Lára hafði stundað fjallgöngur í mörg ár og stundum velt því fyrir sér af hverju hún væri að ganga til baka, niður snævi þaktar fjallshlíðar. Á fjallaskíðum er hins vegar hægt að ganga upp brekkurnar og renna sér svo niður.

„Við setjum skinn undir skíðin á leiðinni upp svo þau renna ekki aftur á bak. Bindingarnar eru einnig lausar um hælinn og skórnir stilltir fyrir göngu. Á toppnum tökum við skinnin undan, festum hælinn niður og svigum niður brekkurnar," útskýrir Lára. „Áramótaheitið mitt í ár var að komast á fjallaskíðin alla mánuði ársins. Ég veit ekki hvort það á eftir að heppnast hjá mér en það hefur gengið ágætlega enn sem komið er," segir Lára en hún er nýkomin heim úr ferð á Heklu og Eyjafjallajökul. Þangað fór hún ásamt íslenskum og austurrískum vinum.

„Við heimsóttum þau í tíu daga til Austurríkis í febrúar og gengum þá á eitt fjall á dag og skíðuðum niður. Nú eru þau í heimsókn hjá okkur í jafn marga daga og við fórum með þau í Skálafell á föstudaginn, á Heklu á laugardaginn og á Eyjafjallajökul á sunnudeginum. Hópurinn er núna farinn norður á Siglufjörð en ég komst því miður ekki með," segir Lára sem er ánægð með ferðina um helgina.

„Við fengum yndislegt veður. Hekla er yfirleitt hulin skýjum en þennan dag var alveg heiðskírt og við sáum eins langt og landið leyfði. Við gistum svo í Básum í Þórsmörk og gengum upp á Eyjafjallajökul frá Seljavöllum. Við þurftum að bera skíðin upp að snjólínu, í um það bil 500 metra hæð, og fórum þar í línu og gengum á skíðunum upp jökulinn. Til að byrja með vorum við í þokudumbungi en komumst fljótlega upp úr honum og fengum þá glampandi sól og yndislegt veður. Það var frábært skíðafæri niður af jöklinum," segir Lára. „Það er mögnuð tilfinning að komast í brekkur sem ekki er búið að skíða niður á undan manni og sjá sporin sín."



**GENGIÐ Á HEKLU** Göngufólkið hreppti frábært veður og útsýni svo langt sem landið náði.

Hún segir frelsið við fjallaskíðin heillandi og að hver sem er ætti að geta stundað þau. Þó þurfi að fara varlega og vera meðvitaður um umhverfið.

„Maður ræður sjálfur ferðinni en þarf auðvitað að vera varkár og það er ekkert sniðugt að vera einn á ferðinni á fjallaskíðum. Það þarf að fylgjast með veðurspám og pæla í snjóalögum. Við erum til dæmis alltaf með snjóflóðaýli á okkur og skóflur og snjóflóðastangir í bakpokunum. En ef maður hefur gaman af að skíða og gaman af að ganga á fjöll er þetta frábært sport. Fólk spyr oft af hverju við tökum ekki bara lyftuna, en ég hef svo gaman af því að ganga, meðtaka náttúruna og reyna svolítið á mig." ■ **heida@365.is**



**Í AUSTURRÍKI** „Fólk spyr oft af hverju við tökum ekki bara lyftuna en ég hef svo gaman af því að ganga, meðtaka náttúruna og reyna svolítið á mig," segir Lára.

# FÁÐU FLATAN MAGA

**RARITET KYNNIR** *Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? Þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Probiotics.*

Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna,“ segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem starfar í Lifandi markaði.

Marta hefur notað Optibac Probiotics-gerlana að staðaldri síðan í haust.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli,“ segir Marta, sem reynir eftir megni að sneiða hjá mjólkurvörum, sykri, glúteni og unnum kjötvörum.

„Líkami minn þolir ekki þessar matvörur. Meltingin fer úr skorðum og ég verð þreytt og orkulaus. Vissulega getur verið erfitt að sneiða hjá þessum fæðutegundum en þegar ég borða mat sem ég þoli illa á ég alltaf til poka af „For a Flat Stomach“ í veskinu.“

Marta mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörunum.

„Ég nota „For a Flat Stomach“ sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og svo prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga. Einn af hverjum fimm fær þaninn maga einu sinni eða oftar í mánuði sem getur stafað af fæðuóþoli, streitu, fyrirtíðaspennu, tíðahvörfum eða lélegu mataræði. Því er gott að nota „Fyrir flatan maga“ til að draga úr áhrifum þungs matar og sætinda sem fólk borðar um páska og í fermingarveislum.“




### VÍSINDALEGA SANNAÐ

**OptiBac Probiotics** er ný lína af meltingargerlum með vísindalega sannaðri virkni í meira en þrjátíu klínískum rannsóknum. Aðrar gagnlegar vörur frá OptiBac Probiotics eru:

**„Bowel Calm“** (Saccharomyces Boulardii) stoppar niðurgang á náttúrulegan og fljótvirkan hátt og er áhrifaríkt gegn gersveppaóþoli (Candida).

**„Optibac for Every Day“** (extra sterkt) inniheldur 20 milljarða lifandi baktería í dagskammti. Bakteríurnar hafa verið ítarlega rannsakaðar í yfir 75 klínískum rannsóknum. Virkar vel gegn candida og iðrabólgu (IBS), sem hrjáir tuttugu prósent manna.

**„Bifidobacterium BB12“** með trefjum virkar vel gegn hægðatregðu og kemur meltingu í eðlilega virkni. Gott fyrir alla og öruggt fyrir konur á meðgöngu og börn frá eins árs aldri.

**OPTIBAC-VÖRURNAR** innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.



**GÓÐUR ÁRANGUR** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-trefjunum og notar „For a Flat Stomach“ til að fá flatan maga.

**MELTINGIN Í LAG** Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag. Hentar öllum aldri og einnig konum sem ganga með barn eða eru með það á brjósti.




**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**www.facebook.com/optibadiceland**

# TRAUST LAUSN VIÐ HÆGÐATREGÐU

*Byltingarkennd lausn fyrir þá sem þjást af hægðatregðu.*

Hægðatregða er algengt vandamál hjá fjölda fólks; einkum konum, börnum, unglingum og eldra fólki, auk þess sem margir upplifa meltingartruflanir af þessu tagi á ferðalögum.

„Bifidobacteria & Fibre“ frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probiotic-geril í heimi. Einnig prebiotics-trefjar í miklu magni sem koma reglu á meltinguna. Þeim sem hafa lágt hlutfall vinveittra baktería í þörmum er hættara við hægðatregðu og því dugandi heilræði að auka inntöku á góðum bakteríum, eins og virku bakteríunni Bifidobacterium lactis BB-12®.

„Bifidobacteria & Fibre“ kemur meltingunni í lag og er öruggt til inntöku fyrir börn eldri en eins árs, fullorðna, konur á meðgöngu og með börn á brjósti.

Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag en við hægðatregðu er ráðlagt að taka upp í fjóra skammta daglega; með morgunmat, hádegismat, kvöldmat og áður en farið er að sofa.

# HEILSUNAMMI Í FERÐALAGIÐ EÐA GÖNGUTÚRINN

**RARITET KYNNIR** *Chimes-engiferbita sem eru bæði afar hollir og bragðgóðir. Engiferbitarnir fást í flestum apótekum.*

Í aldaraðir hafa íbúar Austur-Jövu í Indónesíu ræktað engifer í næringarríkum jarðvegi eldfjallaeyjunnar. Þessi ræktun er með sérstöku bragði sem ekki er auðvelt að ná fram annars staðar í veröldinni, svo einstakt er það.

Í dag eru Chimes-engiferbitarnir seldir um allan heim, enda eru þeir sérlega bragðgóðir og heilsubætandi á marga vegu. Þeir fást í Lyfjum og heilsu, Apótekaranum, Lyfjaveri, Lifandi markaði, Lyfjavali, Árbæjarapóteki og flestum öðrum apótekum um land allt, auk þess í völdum verslunum Olís og 10-11.

Engifer þykir virka vel til að draga úr bílveiki, flugveiki og gegn morgunógleði, tíðaverkjum og hitakófi. Einnig er engifer mikið notað til að bæta meltingu og ónæmiskerfi.

Það sem skiptir mestu máli er að Chimes-engiferbitarnir eru frábærir á bragðið og góðir sem nammi til að styrkja sál og líkama í amstri dagsins.

Þú verður að prófa.




**CHIMES-HEILSUBITAR** Engiferbitar sem bæta meltinguna og styrkja ónæmiskerfið. MYND/PJETUR

MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG MÓTA
BODY
FIRMING

Ég viðheld teygjanleika húðarinnar. Byrjaðu bara á að bera mig reglulega á líkamann og þú helst flott og fitt. Frábært krem með góðum innihaldsefnum eins og Elastín, Kollagen og Pomegranate.




www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU



Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**RETIRO** Glæsilegur almenningsgarður í miðbæ Madridar er fjölsóttur og vinsæll.

# STÓRKOSTLEGT MANNLÍF Í MADRID

**BORGARFERÐ Í SÓL** *Íslendingar hafa löngum flykkst á spænskar sólarstrandir og notið lífsins. Hvernig væri að breyta til og heimsækja höfuðborgina Madrid í staðinn? Borgin hefur upp á margt áhugavert að bjóða.*

Mannlífið í Madrid er ákaflega fjölskrúðugt og þar er mögulegt að sjá knattspyrnuliðið Real Madrid leika á heimavelli. Í borginni er sömuleiðis hægt að sjá alvöru nautaat, hafi einhver áhuga á slíku. Einn af stærstu og fallegustu lystigörðum í heimi, Retiro, er í Madrid. Áður fyrr var hann konunglegur einkagarður en var breytt í almenningsgarð seint á nítjándu öld. Þar er skemmtilegt að ganga um og njóta alls þess sem garðurinn hefur upp á að bjóða. Nokkrar frægar byggingar setja svip sinn á umhverfið. Borgarbúar þyrpast í garðinn um helgar ásamt ferðamönnum, setjast á teppi með nesti, leika við börnin eða lesa bók. Allt iðar af lífi í garðinum innan um falleg tré, blóm og styttur. Stórt vatn er í miðjum garðinum þar sem hægt er að leigja bát og sigla um. Enginn fer til Madridar nema fá sér göngutúr í Retiro-garðinum.

**SJÓNHVERFINGAR OG LISTSKÖPUN**

Í miðri borg er ferhyrnda torgið Plaza Mayor. Það var útbúið í miðju fagurra íbúðablokka á sextándu öld. Frá torginu eru níu útgönguleiðir til allra átta. Þar eru mörg veitingahús og það er ævintýri líkast að setjast þar niður og horfa á fjölskrúðugt mannlífið. Listamenn koma og sýna listir sínar, sem geta verið af öllum mögulegum gerðum; dans, söngur, hljóðfæraleikur, töfrabrögð eða aðrar sjónhverfingar. Þarna eru margar mannlegar styttur af öllum mögulegum gerðum sem hreyfa sig eingöngu ef peningur er látinn detta í nærliggjandi box. Það er hægt að gleyma sér á Plaza Mayor í marga klukkutíma, svo margt er að sjá og upplifa.

**MEÐ TÚRISTASTRÆTÓ**

Konungshöllin, Plaza de Oriente, er staðsett í miðborg Madridar og ein af þeim byggingum sem nauðsynlegt er að skoða. Breiðstræti liggja frá miðbænum og fyrir þá sem hafa gaman af því að ganga þá eru góðar gangstéttir um allt og fagrar byggingar að sjá. Til að átta sig á borginni er góð hugmynd að byrja á því að fá sér ferð með tveggja hæða túristastrætó og upplifa borgina með leiðsögn í eyrunum, síðan að ganga um þá staði sem eru mest heillandi og skoða betur.



**STÓR GARÐUR** Retiro er með stærstu almenningsgörðum og þar er hægt að njóta útivistar.

**BORG SÆLKERANNA**

Fyrir sælkera er auðvitað nauðsynlegt að kíkja inn á einhvern þeirra fjölmörgu tapas-bara sem eru víða um borgina. Sumir ganga á milli baranna og fá sér einn rétt hér og annan á öðrum stað. Biðjið um sérrétt staðarins og þá kemur eitthvað ótrúlega gott.

Madrid er þekkt fyrir góðan mat og hótelin geta venjulega upplýst um bestu tapas-staðina. Sælkerarnir mega heldur ekki láta matarmarkaðinn San Miguel fram hjá sér fara. Þar er hægt að smakka bæði mat og vín ásamt því að skoða alls kyns matvæli sem framleidd eru í héraðinu.

Þá er sunnudagsmarkaðurinn El Rastro vinsæll en þar er hægt að fá ýmsan varning á góðu verði.

**GOTT AÐ VERSLA**

Það er gott að versla í Madrid. Verðlag er hagstætt, mikið af glæsilegum verslunum og ótrúlegt vöruúrval. Í miðbænum er stórverslunin El Corte Ingles en ævintýralegt er að fara þar upp á níundu hæð, fá sér smárétti og vínglas og horfa yfir borgina en þar er stórkostlegt útsýni. Nokkur mjög góð veitingahús eru á níundu hæðinni og glæsilegir vínbarir. Vel er hægt að mæla með slökun þar eftir búðaráp.



**HAUSLAUS** Sjónhverfingarnar eru fjölbreytilegar meðal listamanna á Plaza Mayor-torginu.

**LISTIR OG MENNING**

Fyrir þá sem hafa áhuga á söfnum eru þau mörg í Madrid og þar eru geymd mörg fræg málverk. Söfn eins og Prado, La Reina Sofia og Thyssen-Bornemisza eru afar áhugaverð. Þeir sem vilja fara í skemmtilega borgarferð ættu að horfa til Madridar. Icelandair flýgur þangað yfir sumartímann en ávallt er hægt að fá hagstæð fargjöld frá flugvöllum í Englandi, til dæmis með Easy Jet.

# SKRÁARGATIÐ

**Kynningarblað** Framleiðendur, neytendur, hollusta, Matvælastofnun

MIÐVIKUDAGUR **30. APRÍL 2014**

## HOLLUR KOSTUR

**Skráargatið er opinbert samnorrænt merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Markmiðið með Skráargatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru.**

# Næringarlega betur samsett fæði

Skráargatið er opinbert, samnorrænt merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði um samsetningu næringarefna. Markmið Skráargatsins er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru. Notkun Skráargatsins er valfrjáls og gjaldfrí en uppfylla þarf skilyrði Skráargatsreglugerðar. Hér er samantekt um helstu skilyrði fyrir notkun Skráargatsins.

- Framleiðendum og innflytjendum er frjálst að nota Skráargatið á matvörur sem uppfylla skilyrði til að bera merkið.
- Um notkun merkisins gildir reglugerð á 25 matvælaflokkum. Sett eru mismunandi skilyrði um innihald ákveðinna næringarefna fyrir hvern flokk.
- Skráargatsmerktar vörur eru næringarlega séð betur samsettar en aðrar vörur í sama flokki sem uppfylla ekki skilyrði Skráargatsins.
- Reglugerðin setur skýrar reglur fyrir merkingu og markaðssetningu, auk þess sem hún tryggir rétta notkun merkisins þegar kemur að grafískri hönnun og lit.
- Reglugerðin setur almenn skilyrði sem eru sameiginleg fyrir alla 25 matvælaflokkana. Notkun sætuefna (aukefna) og ný innihaldsefni, eða samþykkt nýfæði með sætueiginleikum, eru bönnuð. Innihald transfitu takmarkast við 2 grömm í hverjum 100 grömmum af heildarfitumagni. Matvæli sérstaklega ætluð ungbörnum og smábörnum undir þriggja ára aldri má ekki merkja með Skráargatinu.
- Skráargatið er skilgreint sem næringarfullyrðing vegna þess að það miðlar jákvæðum eiginleikum um ákveðin næringarefni í matvörum. Því þarf merkið að vera í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar á matvælum.
- Samkvæmt reglugerð nr. 406/2010 er gerð krafa um að matvælaframleiðendur og dreifingaraðilar á Íslandi tilkynni allar næringar- og heilsufullyrðingar til Matvælastofnunar. Um er að ræða tilkynningaskyldu en ekki leyfisveitingu. Tilgangur með tilkynningarskyldu er að hafa yfirsýn yfir matvæli sem bera merkið og eru markaðssett á Íslandi.
- Fyrirtæki eru sjálf ábyrg fyrir merkingu og markaðssetningu sinna vara. Ekki má nota Skráargatið í markaðssetningu og auglýsingum nema heimilt sé að merkja vöruna með Skráargatinu samkvæmt reglugerð.
- Skráargatið er mest notað á forpakkaðar vörur. Meginreglan er að staðsetja merkið á framhlið umbúða.
- Óforpakkaðar matvörur, svo sem ber, ávextir, kartöflur, grænmeti, fiskur, skelfiskur og fleira sem er selt í lausri vigt, má merkja með Skráargatinu á skilti eða veggspjaldi. Skráargatið má eingöngu setja á forpakkað brauð í pokum með fullri næringargildismerkingu og uppfyllir skilyrði í Skrárgatsreglugerðinni. Brauð sem eru seld í lausu má ekki merkja með Skráargatinu.
- Skráargatið má eingöngu setja á forpakkaðar kjötvörur, með fullri næringargildismerkingu. Óforpakkað kjöt og kjötvörur má ekki merkja Skráargatinu.
- Notkun Skráargatsins er valfrjáls og gjaldfrí en ávallt verður að uppfylla skilyrði í reglugerð um Skráargatið.
- Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Matvælastofnun fara með eftirlit með Skráargatinu og bregðast við brotum á reglum. Eftirlit fer fram með reglubundnu eftirliti, úttektum og eftirlitsverkefnum og felur í sér skoðun á vöru og merkingum, skjalaskoðun og sýnatökur til mælinga.
- Matvælafyrirtæki, það er stjórnendur þeirra, bera sjálf ábyrgð á að farið sé eftir reglum um Skráargatið. Það felur líka í sér skyldu til að tryggja og hafa eftirlit innan fyrirtækisins með að reglum sé fylgt.
- Skráargatið er opinbert, samnorrænt merki. Slíkt fyrirkomulag er kostur fyrir neytendur, iðnað og verslun. Margar stórar matvælakeðjur og framleiðendur hafa starfsemi í fleiru en einu Norðurlandanna, auk þess sem mikil viðskipti eru á milli landa. Fyrirkomulag Skráargatsins styrkir einnig skoðanaskipti milli neytendasamtaka, atvinnugreina og yfirvalda.

*Nánari upplýsingar um skilyrði og kröfur má finna í Skráargatsreglugerðinni á mast.is.*



Skráargatið er skilgreint sem næringarfullyrðing því það miðlar jákvæðum eiginleikum um ákveðin næringarefni í matvælum.

## DÆMI UM BROT Á REGLUM UM SKRÁARGATIÐ:

- Villandi eða röng merking og/eða markaðssetning
- Merkið er notað á matvörur sem tilheyra ekki skilgreindum matvælaflokkum
- Vara flokkuð í rangan matvælaflokk
- Rangt útlit merkisins
- Sætuefni notað í skráargatsmerkta matvöru
- Of hátt eða lágt innihald af ákveðnum skilgreindum næringarefnum fyrir matvælaflokkinn

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.









# Trefjaríkar **flögur** og stökkt **granóla**



Nýtt!




## Góð nýjung

Morgnar eru til þess að njóta! Byrjaðu daginn með skál af Havrecrunch sem bæði bragðast dásamlega og uppfyllir hollustukröfur Skráargatsmerkisins. Prófaðu Havrecrunch ef þér finnst bragðið skipta að minnsta kosti jafnmiklu máli og heilsan. Bragðgóð máltíð.

NJÓTTU HOLLUSTU ®

# Græna skráargatið á flestum framleiðsluvörum Ísfugls

**Stór hluti af framleiðsluvörum Ísfugls uppfyllir nú þegar skilyrði Græna skráargatsins um minni og hollari fitu, minni sykur og minna salt í þeim matvælaflokkum kjöts sem við á. Hjá Ísfugli er stefnt að því að sem flestar vörur fari þar inn í framtíðinni.**

Kjúklingar eru það kjötmeti sem mest er borðað í hinum vestræna heimi. Það er auðvelt að búa til ljúffenga máltíð úr kjúklingakjöti fyrir alla fjölskylduna – og kjúklingur er almennt vinsæll hjá börnunum. Kjúklingakjöt er magurt og hentar því vel þeim sem vilja passa upp á línurnar. Límmiðinn með Græna skráargatinu ætti að auðvelda neytendum að velja þá vöru sem uppfyllir skilyrði um góða samsetningu næringarefna.

### Í sátt við náttúru og nærumhverfi

Eigendur Ísfugls eru hjónin Jón Magnús Jónsson og Kristín Sverrisdóttir, sem jafnframt eru bændur á Reykjum í Mosfellsbæ.

„Við hlustum eftir þörfum markaðarins og skynjum kröfuna um hreinan og hollan mat. Einnig finnum við að neytandinn vill vita um uppruna vörunnar," segir Jón Magnús.

„Við notum eingöngu íslenskt hráefni í vinnslunni og markmiðið er að starfsemin sé í sem bestri sátt við náttúru og nærumhverfi. Að baki Ísfugli standa traustir og metnaðarfullir bændur sem ala kjúklinga og kalkúna og leggja þannig grunninn að gæðahráefni fyrirtækisins. Flest eru eldishúsin í minni kantinum og framleiðslueiningarnar því frekar litlar. Fyrir vikið næst góður árangur hvað varðar heilbrigði fuglanna – og engin fúkkalyf eru notuð við eldi þeirra," segir Jón Magnús og bætir við að dýravelferð og heilbrigði sé ávallt haft að leiðarljósi. Yfirsýn bóndans og umhirða fuglanna sé almennt betri í litlum húsum en stórum – og í sláturhúsi og kjötvinnslu sé hreinlæti og fagmennska líka í hávegum höfð á öllum stigum.

> **Við hlustum eftir þörfum markaðarins og skynjum kröfuna um hreinan og hollan mat.**

### Mikilvægt að börnin fái holla fæðu

Auk þess sem vörurnar frá Ísfugli fást í matvöruverslunum eru þær seldar í mötuneyti og skóla. Þeim hjónum er sérstaklega umhugað um yngstu kynslóðina og finnst mikilvægt að börn fái holla fæðu.

„Við fullorðna fólkið hugsum mikið um að borða hollt sjálf en gleymum stundum börnunum okkar. Það er ekki síður mikilvægt að börnum sé boðið upp á mat sem uppfyllir skilyrði Græna skráargatsins. Ísfugl stefnir að því að auka sífellt framboð af hollum kjúklinga- og kalkúnaréttum fyrir skólamötuneyti. Við verðum með eitthvað nýtt og spennandi næsta haust," segir Kristín.




Að Ísfugli standa traustir og metnaðarfullir bændur, þau Jón Magnús Jónsson og Kristín Sverrisdóttir. Flest eru eldishúsin í minni kantinum og áhersla lögð á velferð dýranna og heilbrigði. Stór hluti framleiðsluvara Ísfugls uppfyllir skilyrði Græna skráargatsins. MYND/VALLI

# Hollari kostur fyrir neytendur

**Matvörur merktar Skráargatinu eru hollari en aðrar vörur í sama vöruflokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið. Slíkt merki getur stuðlað að meiri jöfnuði til heilsu. Skráargatið var tekið upp hér á landi sem einn liður í því að stuðla að bættu mataræði. Fólk er því hvatt til að leita eftir merkinu við innkaup því Skráargatið gerir það einfalt að velja hollara.**

Skráargatið er samnorrænt, opinbert merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Markmiðið með Skráargatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru. „Vörur sem bera merkið eru hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið," segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, næringarfræðingur hjá Embætti landlæknis. „Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur slíkt merki matvælaframleiðendur til að þróa hollari vörur og stuðlar þannig að auknu úrvali af hollum matvælum á markaði." Hér á landi eru það Matvælastofnun og Embætti landlæknis sem standa sameiginlega á bak við merkið.

### Val á matvörum hefur áhrif

Skráargatið auðveldar hollara val og þar með að fara eftir opinberum ráðleggingum um mataræði, því matvörur sem bera merkið verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Í þeim þarf að vera minni og hollari fita, minni sykur, minna salt og meira af trefjum og heilkorni.

### Samnorrænt opinbert merki

Skráargatið var tekið upp hér á landi þann 12. nóvember síðastliðinn sem einn liður í því að stuðla að bættu mataræði og þar með bættri heilsu. Skráargatið hefur verið í notkun í Svíþjóð í tæplega tuttugu og fimm ár og er orðið vel þekkt þar í landi. Árið 2009 var merkið einnig tekið upp í Noregi og Danmörku og varð þannig að samnorrænu opinberu merki. Öll Norðurlöndin eru með samnorrænar næringarráðleggingar sem skilgreiningar fyrir Skráargatið byggjast á. Nýjar ráðleggingar voru kynntar í október síðastliðnum og eru skilgreiningarnar fyrir Skráargatið í endurskoðun hjá norrænum hópi.

### Markmiðið með Skráargatinu

Eins og áður segir er markmiðið með Skráargatinu að auðvelda neytendum að velja hollari matvöru á einfaldan og fljótlegan hátt. Með því er neytendum leiðbeint, óháð tungumálakunnáttu, menntun eða þekkingu á næringarfræði. Til lengri tíma litið gæti merkið því stuðlað að meiri jöfnuði til heilsu.

Skráargatið má finna á umbúðum vara sem uppfylla skilyrði þess. Merkið má einnig nota á ópakkaðan fisk, ávexti, og grænmeti. Það eru alls 25 flokkar matvæla sem merkja má með Skráargatinu og eru mismunandi skilyrði fyrir mismunandi flokka. Með merkinu er ekki verið að hvetja fólk til að velja einn matvælaflokk umfram annan heldur til að velja hollari valkost innan hvers matvælaflokks. Skráargatsmerktar vörur henta bæði fyrir börn og fullorðna en mikilvægt er að hafa fjölbreytnina í fyrirrúmi og velja úr öllum fæðuflokkum daglega.

### Grænt eða svart Skráargat

Skráargatið er skrásett vörumerki sem þýðir að það eru settar kröfur um útlit merkisins. Aðallitur merkisins er grænn en þó má einnig nota svartan lit í vissum tilvikum, en á þessu tvennu er þó enginn munur. Skráargatið, óháð lit, mun alltaf þýða hollara val, innan hvers vöruflokks.

### Framboðið jókst hratt

Þegar Skráargatið var tekið upp hér á landi voru þegar á milli fjörutíu og fimmtíu íslenskar vörutegundir með merkið hér á markaði auk ýmissar innfluttrar vöru frá hinum Norðurlöndunum. Framboð á Skráargatsmerktum vörum jókst hratt á hinum Norðurlöndunum eftir upptöku merkisins þar og eru nú á bilinu 1.500–1.700 vörutegundir merktar Skráargatinu þar á markaði. Það er vonandi að svipuð þróun verði hér á landi þannig að skráargatsmerktum vörum fjölgi. Til að svo megi verða er mikilvægt að neytendur kaupi Skráargatsmerktar vörur. Einnig er mikilvægt að forsvarsmenn verslana sjái sér hag í að hafa Skráargatsmerktar vörur á boðstólum og hafi þær vel sýnilegar fyrir viðskiptavini sína.

Skráargatið var tekið upp á Íslandi sem einn liður í því að stuðla að bættu mataræði. Fólk er því hvatt til að leita eftir Skráargatinu þegar það kaupir í matinn því að Skráargatið gerir það einfalt að velja hollara.



Fólk er hvatt til að velja skráargatsmerktar vörur. Það eru alls 25 flokkar matvæla sem merkja má með Skráargatinu og eru mismunandi skilyrði fyrir mismunandi flokka. NORDICPHOTOS/GETTY

**FINNA MÁ SKRÁARGATIÐ Á EFTIRFARANDI VÖRUM:**

- Ávöxtum og berjum
- Brauði og kornvörum
- Fiski, skelfiski og vörum úr fiski
- Grænmeti og kartöflum
- Kjöti og kjötvörum
- Matarolíu og viðbiti
- Mjólk og mjólkurvörum
- Tilbúnum réttum
- Vörum úr jurtaríkinu sem valkostur við dýraafurðir



# Skemmtilegar og fágaðar lausnir gegn glymjanda og bergmáli

Einstaklingar og fyrirtæki eru farin að huga miklu meira að hljóðvistarlausnum en áður fyrr. Undanfarin ár hefur Áltak selt nýjar og fallegar lausnir frá leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem sameina bæði fallegt útlit og mjög mikið notagildi.

Fyrirtækið Áltak er umboðsaðili frábærra hljóðvistarlausna frá Ecophon og Owa. Bæði fyrirtækin eru meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði í Evrópu og hefur Áltak selt lausnir frá þeim um margra ára skeið. Að sögn Stefáns Magnússonar, sölumanns hjá Áltaki, hafa orðið miklar framfarir undanfarin ár í hljóðvistarlausnum sem sést helst á því hve fallegar þær eru orðnar og henta vel fyrir bæði heimili og fyrirtæki. „Undanfarin ár höfum við séð margar fallegar hljóðvistarlausnir sem eru bæði mjög smekklegar og einfaldar í senn. Sérstaklega hafa lausnirnar frá Ecophon komið sterkar inn og við bjóðum upp á fjölmargar nýjungar frá þeim sem hafa slegið í gegn.“



Stefán Magnússon sölumaður stendur fyrir framan upphengjanlegar hljóðísogsplötur. MYND/PJETUR

Meðal lausna sem Áltak selur eru hefðbundin kerfisloft frá Ecophon sem eru helst ætluð fyrir skrifstofurými, auk alls kyns sérlausna sem henta fyrir allar gerðir húsnæðis. „Hvort sem um er að ræða einbýlishús, veitingastaði, skóla eða skrifstofuhúsnæði, bjóðum við upp á lausnir fyrir alla. Mörg veitingahús hafa til dæmis sett upp eyjur hjá sér til að dempa hljóð og draga úr glymjanda.“

### Fallegt útlit

Einnig býður Áltak upp á mjög skemmtilegar lausnir sem ganga fyrir flestar gerðir af húsnæði. Þá eru 20-40 mm þykkar einingar hengdar upp á vegg sem kaupendur láta prenta á ljósmyndir eða eitthvað skemmtilegt eftir smekk hvers og eins. „Þetta er að koma virkilega vel út því þá virkar til dæmis myndin í stofunni sem bergmálsgildra.“

Stefán segir góða hljóðvist gjörbreyta andrúmslofti. „Fyrst og fremst dregur góð hljóðvist úr glymjanda. Það kannast allir við það að fara í veislur þar sem er mikið af fólki og allir eru að reyna að tala hærra en næsti maður. Þetta er oft eins og fuglabjarg og gestir verða þreyttir áður en þeir vita af. Þess vegna nýta til dæmis veitingahúsaeigendur hljóðvistarlausnir í auknum mæli, enda vilja þeir eðlilega að gestum og starfsfólki líði sem best.“

### Vöxtur undanfarið

Mikil vakning hefur orðið í þessum málum hér undanfarin fimm ár að sögn Stefáns. „Við höfum séð mikinn vöxt undanfarin ár og hvað bæði einstaklingar og fyrirtæki eru meira meðvituð um þennan mikilvæga málaflokk. Þessi aukni áhugi tengist ekki síst þeim nýju lausnum sem við bjóðum upp á, sem gerðu einstaklingum og fyrirtækjum kleift að setja upp huggulegar plötur í húsum sínum í stað hefðbundins kerfislofts. Þannig er hægt að slá tvær flugur í einu höggi, beisla hávaðann og brjóta jafnframt upp rýmið með smekklegum hætti.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.altak.is.



Master Solo-plötum er raðað eftir hentugleika og smekk. MYND/ÚR EINKASAFNI



Master Matrix er einfalt, stílhreint og opnanlegt með einu handtaki. MYND/ÚR EINKASAFNI



Texona-veggplötur í fundarherbergi. MYND/ÚR EINKASAFNI



Litríkir og fallegir Master Solo-hringir. MYND/ÚR EINKASAFNI


**Beislaðu hávaðan með Ecophon**

Ecophon SOLO plöturnar hafa reynst einstaklega vel þar sem þær hafa verið notaðar t.d. á heimilum, skrifstofum og í opnum rýmum.

Ecophon SOLO plöturnar draga úr bergmáli og glymjanda og hjálpa til að gera rýmið notalegt og þægilegt án þess að spilla útlitinu.

Það þarf ekki að heilklæða loftið til að fá góða hljóðvist í hvert rými, með Ecophon solo er nóg að nota 30-40 % af loftafleti.

Ecophon bíður einnig upp á frábærar hljóðlausnir sem virka og endast fyrir kennslustofur, leikskóla og alla staði þar sem glymjandi er mikill.



Ecophon

ÁLTAK

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is

# Hávaði hættulegur streituvaldur

Á hverju ári veldur hávaði á vinnustöðum varanlegu heyrnartjóni. Hávaði veldur vinnandi fólki einnig streitu, spennu, ónákvæmni og einbeitingarleysi. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með hávaða á vinnustöðum og gerir kröfur um úrbætur sé ástæða til.

Hávaði er allt hljóð sem við viljum ekki eða líkar ekki að heyra," segir Sigurður Karlsson, aðstoðardeildarstjóri efna- og hollustuháttadeildar hjá Vinnueftirlitinu.

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með hávaða á vinnustöðum, mælir hljóðstyrk, gerir athugasemdir við hljóðvist og kröfur um úrbætur út frá reglugerðum ef ástæða er til.

„Hávaði veldur ekki einungis varanlegu heyrnartjóni. Hann er mikill streituvaldur, veldur spennu, minnkar einbeitingu og nákvæmni. Oft tökum við ekki eftir hávaða sem veldur okkur spennu en allir hafa upplifað léttinn þegar slokknar á suði í umhverfinu," segir Sigurður.

Hjá Vinnueftirlitinu gilda reglugerðir um hávaða á vinnustöðum. Sigurður segir hávaðamörk vera misjöfn eftir aðstæðum.

„Til verndar heyrn starfsmanna eru mörk sett við 80 og 85 desíbel. Á skrifstofum og öðrum stöðum þar sem kröfur eru um einbeitingu má utanaðkomandi hávaði ekki vera meiri en 50 desíbel. Það er meiri hávaði en við myndum sætta okkur við heima í stofu. Til viðmiðunar getur hljóðstyrkur lyklaborða verið nærri 50 desíbelum, stöðugt suð í loftkælikerfi 60 desíbel og hljóðstyrkur venjulegs tal á milli tveggja einstaklinga í eins metra fjarlægð um 60 til 65 desíbel. Allt er það mikið áreiti yfir daginn," útskýrir Sigurður.

## Svara öllum erindum

Starfsfólk í þungaiðnaði, vélsmiðjum, trésmiðjum og prentsmiðjum á heyrnartjón mest á hættu og alþekkt er að vélstjórar til sjós og lands séu í áhættustétt, að sögn Sigurðar.

„Þá eru skólar hávaðasamir vinnustaðir og full ástæða til að hafa vakandi auga á aðstæðum og velferð starfsfólks og barna. Háværastir eru leikskólar og kennslustundir í sundi og leikfimi, sem slaga upp í að vera heyrnarskaðleg á stundum, yfir 80 til 85 desíbel. Rannsóknir sýna að um fjögur prósent starfsfólks sem vinnur að jafnaði við 85 desíbel í 40 ár geta átt von á heyrnartjóni og allt fer það hratt stigvaxandi upp frá því."

Sigurður segir algengt að starfsfólk hafi beint samband við Vinnueftirlitið vegna vandamála sem tengjast hljóðvist á vinnustað.

„Eðlilegi gangurinn er að ræða fyrst við vinnuveitendur eða öryggistrúnaðarmann. Fái starfsfólk ekki úrlausn vandamála með þeim hætti hefur það beint samband við okkur til að fá óvilhallan aðila til að skoða vinnuaðstæður. Það er bæði leyfilegt og sjálfsagt og við svörum öllum erindum. Okkar starf er að koma í veg fyrir óafturkræft heyrnartjón, streitu og slæm áhrif hennar á heilsufar starfsmanna."



Sigurður Karlsson er aðstoðardeildarstjóri Efna- og hollustuháttadeildar hjá Vinnueftirlitinu. MYND/PJETUR

## Vitund eykst um hávaðavarnir

Heyrnarskaði af völdum hávaða er einn af algengustu atvinnusjúkdómum á Íslandi.

„Hávaði er beinlínis hættulegur. Ekki aðeins vegna varanlegs heyrnartjóns heldur eykur hann hættu á slysum þegar fólk heyrir ekki viðvaranir eða aðsteðjandi hættu þar sem er mikill hávaði. Hávaðavarnir og eftirlit með hávaða eru því líka liður í að koma í veg fyrir slysahættu á vinnustöðum."

Sigurður segir vaxandi vitund um hávaðavarnir í íslensku atvinnulífi, ekki síst í opnum skrifstofurýmum.

„Áður var skrifborðum raðað þvers og kruss í opnum sölum og ekkert spáð í hljóðvist en nú er allt gert til að draga úr hávaða með hljóðeinangrandi skilrúmum, hljóðdempandi efni í lofti og á veggjum, lækkað í símum, settar reglur um hávaða og fólki gert að eiga samtöl sín í smærri fundarrýmum. Allt er þá til bóta og dregur úr hávaðamengun."












**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Betri hljóðvist með lausnum fyrir veggi, loft, gólf og lagnir

Hönnuðir og húsbyggjendur leita í auknum mæli eftir hljóðvörnum til þess að gera hljóðvistina betri í hvers kyns híbýlum. Langvarandi hávaði þreytir og veldur streitu en það eru til lausnir á markaði sem geta hjálpað við að leysa vandann.

Byggingavöruverslun Þ. Þorgrímsson & Co. í Ármúla 29, 108 Reykjavík, hefur í áratugi selt margs konar efni til hljóðdeyfingar fyrir skrifstofur, verslanir, skóla, samkomusali, upptökustúdíó og heimili.

„Það er mjög mismunandi hvaða efni er best að nota á hverjum stað. Sums staðar þarf að ná góðu hljóðísogi í veggjum eða í loftum eða hljóðdempun í gólfi og fer það allt eftir því hvernig aðstæður eru á hverjum stað," segir framkvæmdastjórinn Þór Þorgrímsson.

„Söluráðgjafar Þ. Þorgrímsson & Co. reyna ávallt að leiðbeina viðskiptavinum um það hvaða efni er best að nota á hverjum stað en hljóðfræðin er flókin fræðigrein og í flóknari verkefnum koma til hljóðsérfræðingar," bætir hann við. Hann segir Þ. Þorgrímsson bjóða hljóðdeyfiplötur í loft sem hægt er að setja í kerfi eða líma í loftin og einnig fljótandi eyjur sem hanga í loftinu og draga verulega úr hávaða. „Á veggina erum við með veggjaeiningar sem eru 1.200 millimetrar á breidd, 2.700 á hæð og 40 millimetrar á þykkt til þess að draga úr endurkasti frá veggjum."

Þór segir eftirspurn eftir veggkorki, sem skreytir mikið, einnig að aukast og fæst hann í nokkrum útgáfum. „NDA-hljóðsvampur er mest notaður í upptökustúdíó. Við erum með bassagildrur í horn, eggjabakkaformið sem notað er á veggina og í loftin, einnig pýramídalagaðan svamp í plötum sem eru 100x100 sentímetrar með lími og fljótlegt er að setja upp hvar sem er." Eitt besta gólfefnið til þess að draga úr högghljóði í gólfplötu er að sögn Þórs náttúrulegur korkur frá WICANDERS með rúmþyngdina 500 kíló á rúmmetra. Þ. Þorgrímsson & Co. er með eitt mesta úrval af náttúrukorki, bæði í plötum á gólfið og í rúllum til þess að nota undir parket í þeim tilgangi að minnka hljóðleiðnina í gólfinu. Hljómburður milli rýma og íbúða er sums staðar vandamál og þá þarf helst að nota efni með mikla rúmþyngd og jafnvel önnur efni í bland til að draga úr mismunandi bylgjulengdum. „VIROC-veggjaplatan getur hentað vel í slíkum tilfellum vegna mikillar rúmþyngdar en við erum með nokkrar þykktir og aðferðir sem svara mismunandi þörfum," segir Þór.

Hávaði og suð í pípulögnum er enn eitt dæmi um hvimleitt vandamál sem Þ. Þorgrímsson hefur lausn á. „Í slíkum tilfellum getur verið sniðugt að nota EUROBATEX-pípueinangrun á rörin en hún dregur úr suði."



Söluráðgjafar Þ. Þorgrímsson & Co. veita viðskiptavinum ráðgjöf um hvaða efni er best að nota á hverjum stað en það er afar mismunandi og hljóðfræðin getur verið flókin. MYND/GVA





Þ. Þorgrímsson býður hljóðdeyfiplötur í loft sem er hægt að setja í kerfi eða líma í loftin. Eins eru á boðstólum fljótandi eyjur sem hanga í loftinu og draga verulega úr hávaða.





## HÁVAÐI VELDUR STREITU

**Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni** (WHO) er margt annað en sjúkdómar eða heilsubrestur sem kemur í veg fyrir góða heilsu. Líkamleg, andleg og félagsleg vanlíðan getur haft gríðarlega mikil áhrif á heilsuna. Hávaðamengun hefur til dæmis afar neikvæð áhrif á heilsu fólks. Truflun vegna hávaða er áhættuþáttur streitu og álags. Öll truflun á hvíld og slökun í vinnu eða heima hefur áhrif á velferð og líðan fólks. Röskun á svefni vegna hávaða getur haft mikil áhrif á fólk og komið í veg fyrir lífsgæði þess. Þessi hávaðamengun getur til dæmis stafað af mikilli umferð nálægt heimili eða vinnu. Streitan getur komið fram í ýmsum líkamlegum kvillum eins og vöðvaspennu eða -verkjum. Þá er fólk sem hefur stöðugan hávaða í eyrunum í aukinni hættu á að fá háþrýsting og að þróa með sér hjartasjúkdóma.

**Misjafnt er** hvernig einstaklingur upplifir hávaða eða hversu næmur hann er fyrir honum. Hægt er að komast hjá umferðarhávaða með því að setja upp hljóðmön við umferðargötur en það hefur víða verið gert á höfuðborgarsvæðinu.



## STÖÐUGT SUÐ Í EYRA

**Eyrnasuð (e. tinnitus)** er hljóð sem í flestum tilfellum skapast í eyranu vegna skemmda á endum heyrnartaugarinnar sem er í innra eyranu. Eyrnasuð lýsir sér þannig að viðkomandi heyrir tón, suð, nið eða slátt í eyranu. Mikið hávaðaálag eykur hættuna á að fá eyrnasuð og högghljóð auka verulega líkurnar á því. Eyrnasuð getur verið fyrsta merki þess að heyrnin hafi skaðast vegna hávaða.

Eyrnasuð er margs konar, það getur verið stopult og það getur verið stöðugt. Það getur haft breytilega tónhæð allt frá lágum nið upp í hátóna ískur. Það getur verið hvort sem er í öðru eyra eða báðum.

Engin lækning er til við eyrnasuði en orsakir þess eru ýmsar. Mikill hávaði getur valdið eyrnasuði. Meira en tvö hundruð gerðir lyfja eru taldar geta valdið eyrnasuði og önnur heilsuvandamál eins og ofnæmi, æxli og hjarta- og æðavandamál, vandamál tengd kjálkum og hálsi geta valdið eyrnasuði.

Heimild: vinnueftirlit.is

# *Hávaði truflar líka fiska*

Ekki aðeins mannfólkið truflast við of mikinn hávaða. Nýlegar rannsóknir sýna að hljóð og hljóðbylgjur sem berast í undirdjúpin frá skipum, olíuvinnslu á sjó, fiskleitartækjum og skipaumferð almennt geta haft skaðleg áhrif á fiskistofna.

Vísindagrein eftir dr. Hans Slabbekoorn frá Leiden-háskólanum í Hollandi var birt í tímaritinu Ecology and Evolution. Þar greinir frá því að neðansjávarheimurinn er langt í frá hljóðlátur. Flestir fiskar hafa ágæta heyrn og hljóð skipa mikilvægan sess í daglegu lífi þeirra. Fiskar gefa frá sér hljóð til dæmis þegar þeir berjast um yfirráðasvæði, keppa um mat, við mökun og þegar þeir verða fyrir árás. Sýnt hefur verið fram á að fiskar heyra ýmis hljóð, annaðhvort með innra eyra eða þeir greina þau með rák á bolnum. Hæfileikinn til að nema hljóð er mismikill, þannig hefur þorskurinn til dæmis meðalheyrn.

Ýmis utanaðkomandi hljóð geta valdið truflun í daglegum athöfnum fiska. Til dæmis hefur komið fram í rannsóknum að síld í Atlantshafi, þorskur og bláuggatúnfiskur flýja hljóð sem þeim hugnast ekki. Ef slík hljóð heyrast á þekktum hrygningarslóðum gætu þau haft áhrif á vöxt og viðgang þessara stofna.



Þorskurinn heyrir ágætlega.





**Meðallestur á Fréttablaðinu hvern dag er meiri en uppsafnaður lestur á Morgunblaðinu í heila viku***

**Það þýðir að birting auglýsingar í Fréttablaðinu einhvern einn dag vikunnar, nær til fleiri lesenda en auglýsing í öllum Morgunblöðum vikunnar.**

* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, júl–sept 2013.




**Allt sem þú þarft ...**




# Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota



Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

ENNEMM / SÍA / NM58258

# Matvörum fjölgar hægt og rólega

Um hálfu ári eftir að Skráargatið var innleitt hérlendis geta landsmenn valið úr rúmlega 100 vörum úr fjölbreyttum flokkum matvara. Enn sem komið er framleiðir lítill hópur fyrirtækja þær vörur sem eru í boði en þeim gæti fjölgað á næstu árum.

Frá því að Skráargatið var innleitt á Íslandi í nóvember á síðasta ári hafa innlendir framleiðendur tekið vel við sér að sögn Zulemu Sullca Porta, sérfræðings hjá Matvælastofnun. „Við erum strax komin með ágætt úrval matvara í fjölbreyttum matvöruflokkum, sérstaklega brauðmeti og ýmsum kjötvörum. Þessar vörur má finna í öllum gerðum matvöruverslana á landinu. Í dag höfum við á skrá 55 innlendar vörur merktar Skráargatinu. Brauð og brauðmeti eru fjölmennasti flokkurinn með rúm 27% af þeim innlendu vörum sem bera merkið. Þar má finna ýmsar tegundir heilkornabrauða, bollur, hamborgarabrauð og ýmislegt fleira.“

Meðal annarra stórra flokka nefnir Zulema kjötálegg og kjötvörur en flokkarnir eru hvor um sig með um 20% af Skráargatsvörum hérlendis. „Kjötvörurnar einskorðast við kjúklinga- og kalkúnavörur og áleggsflokkurinn inniheldur skinkur, hangiálegg, lifrakæfu og fleiri vörur.“ Níu tilbúnir réttir, heitir og kaldir, eru einnig á boðstólum og sex mjólkurvörur eru í boði svo önnur dæmi séu nefnd.



„Við erum strax komin með ágætt úrval matvara í fjölbreyttum matvöruflokkum,“ segir Zulema Sullca Porta, sérfræðingur hjá Matvælastofnun. LJÓSMYND/GUÐM

### Fjöldi erlendra vara í boði

Enn sem komið er eru aðeins ellefu fyrirtæki sem framleiða þessar vörur en búast má við að þeim fjölgi jafnt og þétt á næstu árum eftir því sem viðbrögð neytenda verða betri. „Það er auðvitað erfitt að spá um þróun mála á næstunni. Hingað til höfum við séð mesta þróun í kjötvörum og væntanlega sjáum við það áfram. Einnig má gera ráð fyrir áframhaldandi vexti í brauðvörum og tilbúnum réttum. Svo má nefna að hægt er að merkja óunnin fisk, grænmeti og ávexti með Skráargatinu og vonumst til að sjá aukningu þar líka.“

Skráargatið var tekið í notkun í Svíþjóð fyrir tæplega 25 árum en fimm ár eru síðan merkið var tekið upp í Noregi og Danmörku og varð þar með samnorrænt merki. Árið 2009 byrjuðu því að sjást hér á landi vörur frá Norðurlöndunum merktar Skráargatinu, þá helst hrökkbrauð og morgunkorn. „Í dag erum við með á skrá um 50 erlendar vörur sem bera merki Skráargatsins. Eðli málsins samkvæmt eru það fjölbreyttari vörur, enda mun stærri framleiðslulönd, auk þess sem þau byrjuðu nokkrum árum á undan Íslandi. Þar má til dæmis finna vörur á borð við haframjöl, frosið brauðmeti, olíur, frosna ávexti, ber og grænmeti, auk ýmissa tilbúinna rétta.“

### Góð byrjun framleiðenda

Þar sem Skráargatið telst næringarfullyrðing þarf notkun þess á umbúðum að tilkynnast til Matvælastofnunar. Stofnunin veitir ekki leyfi heldur er eingöngu um tilkynningarskyldu framleiðanda að ræða. Tilgangur með tilkynningarskyldunni er að hafa yfirsýn yfir þau matvæli sem bera merkið hérlendis. Því gætu leynst fleiri innlendar og erlendar vörur á markaði hérlendis sem uppfylla kröfur Skráargatsins. Á svo litlum markaði sem Ísland er verður þó að teljast líklegt að tölur Matvælastofnunar séu nærri lagi.

Að sögn Zulemu eru aðstandendur Skráargatsins nokkuð sáttir við viðbrögð framleiðanda, sérstaklega þegar mið er tekið af því að stutt er síðan merkið var innleitt hérlendis. „Mörg fyrirtæki eru í stöðugri vöruþróun og nokkur þeirra hafa merkt viðkomandi vörur Skráargatinu um leið og þær hafa farið á markað.“

Aðstandendur Skráargatsins hafa ekki enn tekið saman tölur yfir sölu Skráargatsvara hérlendis enda stutt síðan farið var að selja þær. „Við gerum frekar ráð fyrir að kanna þekkingu neytenda á Skráargatinu í framtíðinni. Við finnum þó nú fyrir miklum áhuga neytenda og sjáum vísbendingar um að þeir nýti merkið við innkaup á matvöru.“

## BÆTTAR MATARVENJUR



**Upphafið að** góðum matvenjum byrjar hjá ungbörnum. Það er því mikilvægt að börn fái hollan og góðan mat allt frá upphafi. Frá ársaldri ætti að venja börn á hollan og fjölbreyttan mat sem inniheldur öll þau vítamín sem líkaminn þarfnast. Veljið matvöru merkta Skráargatinu því það gefur til kynna að varan innihaldi minni sykur, salt og önnur efni sem oft finnast í matvælum.

**Maturinn á** að samanstanda af grófu brauði, grænmeti, ávöxtum, léttum mjólkurvörum, fiski, kjöti, baunum og smávegis af hnetum. Börn þurfa nægilega mikið af næringarefnum til að vaxa og þroskast. Miðað við hreyfingu þurfa þau næringarríkan mat, en gæta verður þess að mismunandi er hversu mikið hvert og eitt barn borðar í einu. Sumum finnst betra að borða lítið en oftar. Besta leiðin til að finna út hvort barnið borði nægilega mikið er að fylgjast með þyngd þess og þroska. Foreldrar ættu að hvetja börn sín til leikja í stað þess að sitja við sjónvarp eða tölvu, til dæmis að fara út að hjóla eða hlaupa. Börn þurfa hreyfingu ekki síður en fullorðnir.

**Rannsóknir sýna** að börn sem setjast reglulega til borðs með fjölskyldu sinni á matmálstímum borða hollari mat en þau sem ekki eru alin upp við það. Þau börn eiga frekar á hættu að grípa eitthvað sætt eða óhollt þegar þau verða svöng.

## HVAÐ ER MINNI OG HOLLARI FITA?



**Í vörum** sem merktar eru Skráargatinu er minni og hollari fita, en hvað er átt við með því?

**Með minni** fitu er átt við minna af mettaðri fitu en með hollari fitu er átt við meira af ómettuðum fitusýrum, þ.e. mjúkri fitu.

**Í ráðleggingum** um mataræði er mælt með að skipta út hluta af mettuðu fitunni fyrir ómettaðar fitusýrur (bæði fjölómettaðar og einómettaðar). Þetta má gera með því að takmarka neyslu á kexi, kökum, sælgæti og snakki, skipta út fullfeitum kjöt- og mjólkurvörum fyrir fituminni vörur og nota olíur í staðinn fyrir smjörlíki og smjör.

**Hægt er** að auka hlut hollrar fitu í fæðunni með því að borða feitan fisk, á borð við lax, bleikju, lúðu, síld, lárperur (avókadó), hnetur og taka lýsi, svo eitthvað sé nefnt.

**Einnig þarf** að huga að gæðum kolvetna því ekki er æskilegt að skipta út mettaðri fitu fyrir fínunnin kolvetni heldur neyta frekar heilkornavara, ávaxta og grænmetis en draga úr neyslu á fínunnum kolvetnum eins og hvítu hveiti, hvítu pasta, hvítum hrísgrjónum og fínu brauði en allt þetta er trefjarýrt.

**Skráargatið getur** hjálpað til því settar eru kröfur um hollustu fitunnar, hámarksmagn mettaðrar fitu og í sumum flokkum eru kröfur um lágmarksmagn heilkorns, trefja, ávaxta og grænmetis.

## EKKI MEGRUNARFÆÐI

**Skráargatsmerktar vörur** eru ekki hugsaðar sem megrunarvörur heldur sem hluti af hollu og fjölbreyttu mataræði.

**Skilgreiningarnar á** bak við merkið eru byggðar á norrænum næringarráðleggingum sem eru forvarnaráðleggingar ætlaðar heilbrigðu fólki en eru ekki hugsaðar til að meðhöndla sjúkdóma né til að stuðla að þyngdartapi.

**Skráargatsmerktar vörur** henta bæði börnum og fullorðnum. Þó þarf að hafa í huga að það eru mismunandi ráðleggingar á mismunandi æviskeiðum.

**Matvæli sem** sérstaklega eru ætluð ungbörnum, til dæmis ungbarnamjólk og barnamatur í krukku, má ekki merkja með Skráargatinu þar sem önnur reglugerð (nr. 708/2009) gildir um þær vörur.



# VELDU HOLLARA

Fyrsta kjúklingavaran á Íslandi sem uppfyllir kröfur Skráargatsins




**Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.**

**Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir kröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952. Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**

ROSE
Poultry from Denmark




565 6000 / somi.is
ÞAÐ ER BÆÐI HOLLT OG
SKEMMTILEGT AÐ FARA
ÚT AÐ BORÐA
Skráargatið sýnir þér hollustu.
Hollustan er líka góð á bragðið. Sómavörur merktar
Skráargatinu uppfylla ströng skilyrði og innihalda
m.a. meira grænmeti og minna af sykri og salti.
SÓMI
Ferskt á hverjum degi

# DEKKJASALAN

Dalshrauni 16, 220 Hafnafjörður
**587 3757**
dekkjasalan@dekkjasalan.is

DEKKJAVERKSTÆÐI • DEKKJAHÓTEL • NÝ DEKK • NOTUÐ DEKK • NÝJAR FELGUR
NOTAÐAR FELGUR • NÝ PÓLÝHÚÐAÐAR FELGUR • UMBOÐSSALA FYRIR NOTUÐ DEKK

## PÓLÝHÚÐUM FELGUR

Lánum dekk og felgur á meðan






















Verðskrá, upplýsingar og myndir á…

**www.dekkjasalan.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



VW Tiguan sport _ style. Árgerð 2010, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.223206



LAND ROVER Range rover evoque. Árgerð 2012, ekinn 33 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.223264.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**TILBOÐ 1.390.000.-**

LEXUS RX 300 4X4 SPORT. Árg.2001,ek.aðeins 134.þ km,ný tímareim,lítur sérlega vel út,sjálfskiptur,er á staðnum. Rnr.103285.S:562-1717.



**7 MANNA**

VOLVO XC90 V8. Árg.2006,ek.aðeins 136.þ km,bensín, sjálfskiptur,er á staðnum,einn með öllu.Verð 3.490.000. Rnr.351433.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16**
**www.bilalif.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.141923.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**GLÆSILEGUR !**

Range Rover Sport Supercharged árg 2006 ek 125 þ.km Hlaðinn búnaði , Allur yfirfarinn Mjög flott eintak ! Nú á 4450 þús !!! Skipti möguleg



**FLOTT VERÐ !**

M.Benz C 200 Kompressor Elegance 08/2007 ek 66 þ.km Hlaðinn búnaði ma Leður Lúga ofl , innfl nyr af Öskju ! er á staðnum verð 3650 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

hjól.is
bestir í hjólum...

**NÚ ER TÍMINN !!**

**Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!**

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VW Jetta. Árgerð 2012, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.990765.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 54 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.990689. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec 4matic . Árgerð 2012, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.790.000. Rnr.210364. Mjög flott eintak.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



Nýjir NISSAN Leaf til afhendingar . Árg ,14,, rafmagn, sskj. Verð 3.990.000. Rnr.200970.Nýr bíl með miklum aukabúnaði t.d álfelgur og hraðastillir,Möguleiki á allt að 100% fjármögnun.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝTT HYMER HJÓLHÝSI**

ÚTSALA, Hymer Nova 540, Stórglæsilegt hús af flottustu gerð, lengd 7.69m, breidd 2.4m, ATH aðeins 1 stk í boði á þessu frábæra verði, Verð aðeins 4.490.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



Honda VTX 1800 C árg 2003 ek 29 þús míl Rnr. 124917 Ásett verð 1190 þús Power commander, opið púst Cobra sæti Gsm 8998471

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**KLÁR Í FERÐALAGIÐ**

TOYOTA Avensis wagon sol. Árgerð 2007, ekinn 106 Þ.KM sjálskiptur Dráttarbeisli besta Verð 1.880.000. Rnr.137034.



**TÖFRATÆKIÐ**

HONDA Cr-v i-v-tec 150 hö. Árgerð 2004, ekinn 122 Þ.KM sjálfskiptur. Verð 1.480.000. Rnr.137170.



**BUY OF THE YEAR**

PORSCHE Cayenne s . Árgerð 2004, ekinn 146 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.880.000. Rnr.137068.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



SKODA Octavia ambiente disel. Árgerð 2008, ekinn 104 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.148978.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN



MERCEDES-BENZ Glk 220 cdi 4matic. Árgerð 2012, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.680.1 eigandi og umboðsbíll Rnr.219710.



VOLVO Xc90 momentum d5. Árgerð 2011, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.Umboðsbíll 1 eigandi Rnr.219617.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2010, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 6.790.Ásett verð 7.390 Rnr.219596.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



MMC Lancer. Árgerð 2008, ekinn aðeins 58 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.110697.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

## Bílar til sölu



Chevrolet Corvette árg. ,06, ek. 62þ. km., beinsk., svartur, hvít leðurinnr.Ný dekk. Algjör gullmoli. Skipti ath. V 7,9 millj. Uppl. í 8224850.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



Til sölu Toyota Avensis árg. 2006, ekinn ,98 þús., beinskiptur, skoðaður 2015. Fallegur bíll. Uppl. Í s 864-7917

Útsala!! Reno Megan ssk. ek.157þ. Ástand gott V.170þ. Opel Vectra ssk. ,00 ek.138þ. ástand gott V.190þ. S.8446609

## 250-499 þús.



**POLO 2005 - TILBOÐ 480 ÞÚS VISA**

VW POLO 1,2 árg 2005 ek.153 þús, beinskiptur, 5 dyra, ný skoðaur 15, góð dekk,tímakeðja, eyðir mjög litlu ásett verð 760 þús TILBOÐ 480 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR-100% VÍSALÁN !**

NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, bakkmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól

Hef til sölu leður mótorhjólagalla. Sem saman stendur af jakka og smekkbuxum, númer 46 Uppl. í s. 8678438

## Fellihýsi




## Bátar



**STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU.**
**TILBOÐ ÓSKAST.**

DNG rúllur Viking 700 - dekkaður. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstýring, STK. Verð 7.9 millj. Ýmis Skipti koma til greina. Tilboð óskast . Uppl síma 696-1001



**TIL SÖLU FJORD**

730 með volvo kad 43 230 hö keyrð 450 tíma,volvo DPE 290 drifi, gps, dýptarmælir, radar, vatns miðstöð, olíu miðstöð, rennandi vatn og wc sími 8925855

## Atvinnuhúsnæði

Starfsmaður óskast til starfa á hjólbarðaverkstæði Í Kópavogi helst vanur. Nánari upplýsingar í síma 8201070.

Mjög gott 210 fm atvinnuh. til leigu við Melabraut í Hafnarfirði. Tvær innkeyrsluhurðir, hentar vel fyrir léttan iðnað eða heildsölu. Laust strax. Uppl. í s. 8939678

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskaraftur óskast í bakarí, með reynslu af smurbrauðs og súpugerð. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 25 ára. Framtíðarstarf.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
óskar eftir að ráða vana menn í hellulagnir. Einnig vantar múrara og smið.
**Uppl. sendist á:**
**markmid@markmid-ehf.is**

LINDIN BÍLAÞVOTTASTÖÐ

Við óskum eftir samviskusömum og duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á þvottastöð okkar í Bæjarlind 2 Kópavogi. Um er að ræða fullt starf á þvottastöð og bónstöð og þarf viðkomandi að geta byrjað sem fyrst. Hreint sakavottorð skilyrði. Umsókn sendist á robertmar@simnet

**LÆRÐIR SMIÐIR MEÐ SVEINSPRÓF !**
Byggás ehf óskar eftir að ráða lærða smiði með sveinspróf. Næg verkefni framundan.
**Tekið verður við umsóknum á: byggas@internet.is fyrir 05. maí**




**FREDERIKSEN ALE HOUSE ÓSKAR EFTIR KOKKUM OG ÞJÓNUM**
Óskum eftir fólki bæði í fullt starf og hluta starf. Staðurinn opnar um mánaðarmótin Maí/Júní
**Áhugasamir sendið umsókn með mynd á helgitomas@gmail.com**

Veitingastaður í miðbænum óskar eftir starfsfólki á bar og í veitingasal. Upplýsingar í síma 691 4590.

**ÓSKUM EFTIR MANNI**
Meirapróf og vinnuvélaréttindi skilyrði, reynsla æskileg. Þarf að geta hafið störf strax. Uppl. í s. 893-6959 og 864-4890. Drafnarfell ehf.

## tilkynningar

### Svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes

Fyrir liggur tillaga um svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes. Meginhlutverk svæðisskipulagsins er að stuðla að því að öll sveitarfélögin, í samvinnu við íbúa og atvinnulíf, sigli í sömu átt í umhverfis-, atvinnu- og menntamálum.

Tillöguna má nálgast hér: http://ssk-snaef.alta.is auk þess sem hún liggur frammi á bæjarskrifstofum og skrifstofum oddvita á svæðinu.

Kynning tillögunnar fer m.a. fram á opnu húsi 2. maí nk. í Ráðhúsinu Stykkishólmi milli kl. 12 og 13, að Vegamótum milli kl. 14 og 15 og í Átthagastofu Snæfellsbæjar, Ólafsvík kl. 15.30 til 16.30. Þar gefst færi á að setja fram fyrirspurnir og ábendingar. Formlegt auglýsingaferli fer síðan af stað í sumar og gefst þá 6 vikna frestur til að koma að athugasemdum.

Íbúar Snæfellsness og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér tillöguna á þessu stigi og senda ábendingar eða fyrirspurnir til svaedisgardur@svaedisgardur.is í síðasta lagi 5. maí nk.

**Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi**

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

## fasteignir

Stakfell
:: 535_1000

**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Berta Bernburg**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

### Höfuðborgarsvæðið byggingarlóð

**Til sölu byggingarlóð með samþykktum teikningum fyrir 585 íbúðarfermetrum, allar íbúðir með sér inngangi, búið að greiða gatnagerðargjöld. Má byrja strax að byggja.**

**Teikningar og allar nánari upplýsingar gefnar á skrifstofu Stakfells S. 535-1000.**

**210 Garðabær**

### Haustakur





Allar nánari upplýsingar veitir
**Páll Þórólfsson**
sölufulltrúi
**sími:** 893-9929
pall@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Falleg og björt 103fm 3ja herbergja íbúð
Sérinngangur af svölum á 2. hæð
Frábært útsýni
Rúmgóðar suðursvalir með viðarklæðningu á gólfi

Verð: **35,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Urðarstígur 14 – Reykjavík**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Fallegt og mikið endurnýjað 189,9 fm. parhús á þremur hæðum á rólegum stað utarlega í Þingholtunum. Húsið var allt innréttað uppá nýtt árið 2006, m.a. gólfefni, innihurðir, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir að hluta o.fl. og er í mjög góðu ástandi hið innra. Stórar samliggjandi stofur. Borðstofa og eldhús í stóru opnu rými. Þrjú herbergi. Tvennar svalir til suðvesturs eru útaf stofum á efstu hæð hússins og nýtur þaðan mikils útsýnis, sem og frá stofum. Afgirt baklóð. **Verð 64,9 millj. Verið velkomin.**

**Skrúðás 2 – Garðabæ**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Mjög fallegt, vandað og vel skipulagt 235,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 37,1 fm. bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fimm rúmgóð svefnh. eru í húsinu. Mikil lofthæð er í stærstum hluta hússins og innfelld lýsing í loftum að stórum hluta. Allar innréttingar, innihurðir og loftaklæðningar að mestu eru úr beyki. Stórar verandir með skjólveggjum og rúmgóður flísalagður bílskúr með mikilli lofthæð og háum innkeyrsludyrum. Framlóð hellulögð og með hitalögnum í innkeyrslu og stéttum. **Verð 79,5 millj. Verið velkomin.**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í sameignarlandi Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns í Bláskógabyggð. Nýtt efnistökusvæði við Höfðaflatir.**
   Lýsing breytingar sem felur í sér að gert er ráð fyrir nýju efnistökusvæði í sameignarlandi Úthlíðar, Stekkholts og Hrauntúns sunnan Högnhöfða, í jaðri Úthliðarhrauns. Svæðið hefur þegar verið raskað að hluta í tengslum við efnistöku til eigin nota innan jarðarinnar en nú er gert ráð fyrir að heimilt verði að taka allt 30 þúsund rúmmetra efnis.
   Gerð er breyting á hálendisuppdrætti aðalskipulagsins og greinargerð.

**Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi lýsing deiliskipulagsverkefnis:**

2. **Deiliskipulag nýbýlisins Hrafnshagi úr landi Arabæjar í Flóahrepp**
   Skipulagið nær til nýbýlisins Hrafnshagi sem er 45,3 ha að stærð úr landi Arabæjar. Gert er ráð fyrir að á svæði ofan við Villingaholtsveg nr. 305 verði afmarkaður byggingarreitur þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús, og landbúnaðar byggingar (t.d. hesthús, reiðhöll), samtals allt að 5.000 fm.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

3. **Deiliskipulag 3,73 ha spildu úr landi Hnaus lnr. 166346 í Flóahreppi. Bygging frístundahúss og skemmu.**
   Deiliskipulag sem nær til 3,73 ha spildu úr landi Hnaus lnr. 166346 þar sem heimilt verður að byggja frístundahús sem er allt að 200 fm að grunnfleti þar sem mænishæð frá jörðu má vera allt að 6 m. Þá er að auki gert ráð fyrir 210 fm skemmu á einni hæð, mænishæð ekki hærri en 5 m. Aðkoma að spildunni er frá núverandi afleggjara að Hnausi í gegnum gróðrastöðina.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi**

4. **Deiliskipulag fyrir nýtt fjós á bæjartorfu Gunnbjarnarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
   Deiliskipulag sem nær til svæðis á bæjartorfu jarðarinnar Gunnbjarnarholt (lnr. 166549). Innan skipulagssvæðis er í dag 750 fm fjós og 350 fm hús geldneyti og hlöðu. Afmarkaður er 7.250 fm byggingarreitur þar sem heimilt verður að byggja allt að 5.000 fm fjós með áburðarkjallara, með allt að 12 m mænishæð. Gert er ráð fyrir að nýtt fjós verði byggt utan um núverandi fjós.
5. **Breyting á deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Flúðum í Hrunamannahreppi. Svæði milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss**
   Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem nær til íbúðar- og athafnasvæðis milli Skeiða- og Hrunamannvegar og Högnastaðaáss. Nær skipulagssvæðið yfir göturnar Ása-, Högna- og Smiðjustíg, Austurhof og Sneiðin. Innan svæðisins eru í gildi nokkrar deiliskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir nokkrar lóðir án tengsla við aðliggjandi svæði.
   Með nýju deiliskipulagi er verið að samræma skilmála og búa til heildstæða mynd af svæðinu.
6. **Breyting á deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Flúðum í Hrunamannahreppi. Svæði milli Torfdalur og Vesturbrún.**
   Um er að ræða deiliskipulag sem nær til um 16 ha svæðis á Flúðum, milli Langholtsvegar í suðri og Litlu-Laxár í norðri. Innan svæðisins eru í gildi 3 skipulagsáætlanir sem falla inn í nýtt deiliskipulag. Er það deiliskipulag Lambatanga sem nær til svæði hestamanna og tvær deiliskipulagsáætlanir fyrir hluta íbúðarsvæðis við Vesturbrún. Með nýju deiliskipulagi er verið að samræma skilmála og búa til heildstæða mynd af svæðinu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórna og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni

**www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm.**

Skipulagstillögur nr. 1 - 2 eru í kynningu frá 30. apríl til 15. maí 2014 en tillögur nr. 3 - 6 frá 30. apríl til 12. júní. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 - 2 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 15. maí 2014 en 12. júní fyrir tillögur nr. 3 - 6. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson , Skipulagsfulltrúi petur@sudurland.is**

Make it matter

intel inside CORE i7

# létt
Aðeins 1,49 kg

# þunn
Aðeins 1,59 cm

# & sterk

## HP EliteBook Folio 1040 G1
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.



**Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð**

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi.
Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

SSD 128 GB

UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*

Léttu þér lífið.

Solid State diskur (SSD).

3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

**Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner

FINNUR GEIRSSON

# „Við komumst ekki mikið lengra á íslenskum markaði“

Finnur Geirsson, forstjóri Nóa Siríusar, hefur gegnt þeirri stöðu í 24 ár. Nói Siríus er fjölskyldufyrirtæki og hefur aðeins haft fjóra forstjóra frá árinu 1924 en Finnur er fjórði ættliðurinn til að stýra fyrirtækinu.

Vöruúrval Nóa Siríus er umfangsmikið og fjölbreytt og er konfektið ein vinsælasta vara fyrirtækisins, sem framleiðir um 10 milljónir konfektmola fyrir hver jól. Páskaeggin eru einnig vinsæl en Nói Siríus framleiddi um 800 þúsund páskaegg á þessu ári, sem eru nærri þrjú egg á hvern Íslending.

Nói Siríus flytur sífellt meira af vörum sínum út, en helstu markaðir eru Bandaríkin, Rússland, Danmörk og Færeyjar.

Finnur fer yfir framtíð Nóa Siríusar í nýjasta Klinkinu sem má sjá á forsíðu Vísis.

› klinkið

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Finn Geirsson er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Próteinstykki til Japans

Nói Siríus var nýverið á sælgætissýningu í Köln í Þýskalandi að kynna próteinsúkkulaðið Aktív. Aktívstykkin voru kynnt til sögunnar á Íslandi í fyrra en varan var nokkuð gagnrýnd vegna þess hve hátt sykurinnihald er í stykkinu. Finnur segir Nóa Siríus vera að bregðast við þeirri gagnrýni og vinna við að minnka sykurinnihald vörunnar.

### Hyggst Nói Siríus birta næringarinnihald vöru sinnar á umbúðum?

„Innihaldslýsing liggur fyrir og er búin að liggja fyrir í langan tíma. Síðan er verið að kalla eftir kaloríuinnihaldi og við erum að svara því sömuleiðis. Allt er þetta gert til þess að neytandinn geti verið upplýstur um innihaldið.“

### Kaupa kakóbaunir af svissneskum millilið

„Það er ekki líðandi að það sé ekki staðið að framleiðslu eða tínslu baunanna með ásættanlegum hætti. […] Við kaupum þetta af stóru svissnesku fyrirtæki sem segir okkur að það sé staðið vel að þessum hlutum. Við förum í sérstaka ferð til Fílabeinsstrandarinnar til að sjá þetta með eigin augum.“

### Hafið þið áhyggjur f umræðu um skaðsemi sykurneyslu?

„Sykurneysla, menn gjarnan halda að hún hafi aukist gríðarlega mikið en sannleikurinn er sá að hún hefur ekkert aukist. Íslendingar eru að borða sama magn og þeir gerðu fyrir 50 árum af sykri og heldur minna reyndar.“

„ÉG HELD AÐ ÞAÐ GILDI UM SYKUR EINS OG FLEST ÖNNUR MATVÆLI AÐ OFNEYSLA ER SLÆM.“

# Syndir með Interpol í eyrunum

***Sigríður Benediktsdóttir hefur stýrt fjármálastöðugleikasviði Seðlabankans frá ársbyrjun 2012. Hún starfaði áður hjá Yale-háskóla og Seðlabanka Bandaríkjanna. Sigríður hefur mikinn áhuga á rokktónlist og hreyfingu.***

**SVIPMYND**

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Núna erum við aðallega að innleiða reglur Evrópusambandsins um laust fé hjá fjármálafyrirtækjum og bæta regluverkið í kringum bankana. Við erum einnig að huga að gömlu bönkunum og slitum búanna og möguleikum á því að minnka áhættuna varðandi erlent endurgreiðsluferli þjóðarbúsins,“ segir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands.

Hún hefur stýrt sviðinu frá janúar 2012. Þar er unnið að greiningu á áhættu í fjármálakerfinu og þátttöku í mótun varúðarreglna. Sigríður starfaði áður sem kennari og aðstoðarmaður deildarforseta við hagfræðideild Yale-háskóla og þar á undan sem hagfræðingur hjá Seðlabanka Bandaríkjanna frá 2005 til 2007.

„Við hjónin lærðum bæði við Yale í New Haven mitt á milli Boston og New York. Við fluttum út árið 1998 og vorum bæði í námi fyrstu sjö árin. Síðan fór ég til Washington D.C. til að vinna hjá seðlabankanum en fór síðan aftur til New Haven til að kenna,“ segir Sigríður. Í Washington fékk hún tækifæri til að vinna undir tveimur seðlabankastjórum, fyrst Alan Greenspan og síðar Ben Bernanke.

„Ég þekki þá ekki persónulega en Bernanke settist stundum niður með starfsmönnum bankans og borðaði hádegismat. Greenspan borðaði yfirleitt einn.“

Sigríður flutti aftur til Íslands í apríl 2012 en eiginmaður hennar, Arnar Geirsson hjartaskurðlæknir á Landspítalanum, og synir þeirra þrír komu heim um haustið sama ár.

„Við vorum loksins að flytja í okkar eigin húsnæði eftir tvö ár á leigumarkaðinum. Fjölskyldan er því nú að koma sér almennilega fyrir eftir umbrotatímabil.“

Sigríður lauk BS-gráðu í hagfræði við Háskóla Íslands árið 1995 og sömu gráðu í tölvunarfræði frá sama skóla 1998. Eftir það tók við doktorsnám í hagfræði við Yale þar sem hún skrifaði doktorsritgerð um verðmyndun á hlutabréfamörkuðum. Einn af leiðbeinendum hennar við ritgerðarskrifin, hagfræðingurinn Robert Schiller, hlaut á síðasta ári Nóbelsverðlaun í hagfræði fyrir kenningar sínar um fjármálamarkaði.

„Ég hef gaman af því að rökræða um hluti og hugsa um þá út frá alls konar sjónarhornum. Þessi akademíska hugsun, að kryfja hluti til mergjar án þess að vera á móti fólki þótt það sé á öndverðum meiði, heillar mig og því sakna ég kennslunnar.“

Sigríður hefur mikinn áhuga á tónlist og hljómsveitir eins og Placebo og She Wants Revenge eru núna í uppáhaldi.

„Eitt af mínum uppáhaldsböndum, Interpol, er á leiðinni til landsins í sumar. Ég er búin að sjá þá tvisvar þannig að ég er voða spennt. Það góða við að búa í New Haven var hversu auðvelt það var fyrir okkur hjónin að fara á svona „indie“ rokktónleika.“

Frítími Sigríðar fer að mestu í fjölskylduna en hún hjólar einnig, hleypur og syndir.

„Ástæðan fyrir því að ég hleyp og hjóla er fyrst og fremst sú að þá fæ ég tíma til að hlusta á tónlist. Til að meta tónlist þarf maður að hlusta helst þrisvar sinnum á sömu plötuna og það tekur þar af leiðandi ákveðinn tíma að fara í gegnum þetta. Ég er alltaf með tónlist við höndina og nota jafnvel lítinn vatnsheldan Ipod þegar ég syndi skriðsund.“



**Í SEÐLABANKANUM** Sigríður hjólar oft í og úr vinnunni og geymir þá hjólið á skrifstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Metnaðargjörn og ósérhlífin



„Við Sigga höfum eiginlega þekkst frá því að við vorum smástelpur. Við erum báðar úr Hafnarfirði en urðum fyrst vinkonur fyrir alvöru þegar við vorum saman í bekk í Verzló. Við vorum sex stelpur í strákabekk í stærðfræðideildinni svo við stelpurnar höfum alltaf haldið hópinn eftir það. Sigga er eldklár, metnaðargjörn og stórskemmtileg. Hún hikar ekki við að segja hlutina eins og þeir eru og lætur sér almennt fátt fyrir brjósti brenna. Það eru fáir sem eru færir um að gera upp hús, ala upp þrjá drengi, hlaupa maraþon og tryggja fjármálastöðugleika eins lítils lands samtímis án þess að blása úr nös, enda höfum við alltaf sagt það vinkonurnar að hún sé sannarlega engri lík.“

**Sif Ríkharðsdóttir**
lektor í almennri bókmenntafræði.



„Sigríður kom í Seðlabankann með hressilegan andblæ og mikla orku. Hún er strangheiðarleg og réttsýn og vinnur í samræmi við það. Hún hefur mikinn metnað fyrir því að vinnubrögð séu vönduð og að unnið sé á faglegum forsendum, vinnunni er því lyft upp á hátt plan og það er eftirsóknarvert umhverfi fyrir þenkjandi fólk. Hún er einstaklega drífandi því hún er bæði dugleg og ósérhlífin. En umfram allt þá er hún sanngjörn og góð manneskja og það er gott að leita til hennar. Hún er þannig allt í senn, yfirmaður, samstarfsfélagi og vinur í raun.“

**Harpa Jónsdóttir**
aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans.

# ÖRUGGAR GAGNAGEYMSLUR OG AFRITUNARLAUSNIR




## ÖRUGGUR STAÐUR FYRIR MIKILVÆG GÖGN

Að tapa mikilvægum gögnum fyrirtækis getur haft í för með sér mikinn kostnað og tekjumissi. Örugg afritun og varðveisla gagna er lykillinn í að tryggja sig gegn óhöppum eða óafturkræfum gagnamissi.

Fjölbreytt úrval af stækkanlegum gagnageymslum sem taka mið af stærð hvers fyrirtækis með stuðningi fyrir eigin tölvuský. Vandaður vélbúnaður frá heimsþekktum framleiðendum.

tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
414-1710 / sala@tl.is




Viðsnúningur hefur orðið í fólksfjölda á sunnanverðum Vestfjörðum:

# Laxeldið vaxandi atvinnugrein

**SKOÐUN**

Kristín Helgadóttir
starfsmannastjóri Fjarðalax



Í Arnarfirði er Fjarðalax með vaxandi atvinnustarfsemi. Fyrirtækið hefur á fjórum árum skapað störf sem ekki voru til áður, í landshluta þar sem stöðug fólksfækkun hefur verið undanfarin 20 ár. Laxeldi skapar um 19 ný störf á hver eitt þúsund tonn af fiski sem alinn er í sjókvíaeldi.

Viðsnúningur hefur orðið í fólksfjölda á sunnanverðum Vestfjörðum. Æ fleiri Vestfirðingar taka ákvörðun um að snúa aftur heim á æskuslóðirnar vegna nýrra atvinnumöguleika. Frá því að Fjarðalax hóf starfsemi á Vestfjörðum hafa fjölskyldur flutt vestur til að starfa hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið sér enn fram á frekari vöxt og af þeim sökum mun starfsfólki halda áfram að fjölga. Það hefur verið keppikefli fyrirtækisins að ráða og halda góðu starfsfólki. Þannig hafa starfsmenn fengið tækifæri til að þróast í starfi og hafa sumir lagt fyrir sig köfunarnám, aðrir farið í nám í fiskeldi og skipstjórn, nám sem stundað er samhliða vinnu.

**Fjölbreyttur mannauður**

Um þessar mundir starfa um fimmtíu manns hjá Fjarðalaxi og er gert ráð fyrir að þeir verði orðnir um sextíu í lok þessa árs. Menntun starfsmanna er fjölbreytt. Hjá fyrirtækinu starfa hagfræðingar, skipstjórar, viðskiptafræðingar, bifvélavirkjar, líffræðingar, lögfræðingar, kafarar, fiskeldismenn, markaðsfræðingar, vélstjórar, smiðir, rafvirkjar, bílstjórar og fólk úr ýmsum öðrum starfsstéttum sem vinnur sérhæfð störf í laxeldi. Þetta er breiður hópur fólks með ólíka menntun og reynslu að baki. Í sameiningu vinnur allt þetta starfsfólk að því að byggja upp fyrirtæki með því að rækta náttúruvottaðan lax í vel launuðum störfum. Til viðbótar þessu hafa orðið til fjölmörg afleidd störf hjá verktökum, s.s. rafvirkjum, vélsmiðju, tölvuþjónustu, matarþjónustu, flutningsþjónustu o.fl. sem hefur margföldunaráhrif á svæðinu.

**NordBio**

Það er von okkar að atvinnugreinin fái tækifæri til að vaxa áfram á grundvelli sjálfbærrar og lífrænnar hugmyndafræði sem skapar umtalsvert meiri tekjur til hagsbóta fyrir samfélagið í heild heldur en hefðbundið fiskeldi. Því fer vel á því að Ísland gegni um þessar mundir formennsku í samstarfi Norðurlandanna um norræna lífhagkerfið, NordBio, þar sem Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra leiðir samstarfið. NordBio er ætlað að styrkja norrænt atvinnulíf og bæta umhverfislegan, hagrænan og félagslegan afrakstur af nýtingu auðlinda úr lífríkinu, bæði til lands og sjávar. Því er einnig ætlað að styrkja byggð, þekkingu sem grunn að stefnumörkun í atvinnulífinu og umhverfismálum með því að efla samstarf á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar í lífhagkerfinu. Lífrænt fiskeldi fellur vel að þessum markmiðum.

## Vörur seldar fyrir tæplega hálfa milljón evra á uppboði



**STRÚTSFJAÐRAKJÓLL** Hátískukjóllinn „Lascar", sem gerður er úr strútsfjöðrum og var hannaður af franska hönnuðinum Jean-Paul Gaultier fyrir vor/sumarlínuna hans árið 2000, er til sýnis á uppboðssýningu. Uppboðið var haldið síðastliðna helgi í París. Yfir eitt þúsund hlutir voru til sölu á uppboðinu og seldust fyrir 472 þúsund evrur. Lascar-kjóllinn seldist á 35.728 evrur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

TrackWell
Tímon
Taktu stjórn á vinnutíma og launakostnaði
Tímon tímaskráningarkerfi

✔ Einfaldar launavinnslu
✔ Eykur áreiðanleika í gagnavinnslu
✔ Bætir yfirsýn stjórnenda yfir nýtingu mannauðs
Fáðu tilboð!
Hringdu í síma 5 100 600 eða sendu okkur póst á timon@trackwell.is og fáðu tilboð fyrir þinn rekstur.
www.trackwell.is



**KONUR VANTAR Í TÆKNISTÖRF** Ung stúlka reynir fyrir sér við forritun. MYND/AÐSEND

Dagurinn Stelpur í tækni er haldinn á Íslandi í fyrsta sinn. Þrjátíu þúsund stelpur í 100 löndum taka þátt:

# Staðalímyndir í tækni brotnar upp

Áttatíu stelpur úr 8. bekk fimm grunnskóla munu í dag fara í heimsókn í Háskólann í Reykjavík og í fjögur tæknifyrirtæki. Markmið dagsins er að hvetja stelpur til að sækja sér starfsferil í tækni með því að sýna þeim hvað tækniiðnaðurinn býður upp á og brjóta upp staðalímyndir af tæknistörfum. Þá munu þær hitta kvenfyrirmyndir í faginu, fá að spreyta sig á skemmtilegum verkefnum og heimsækja helstu tæknifyrirtæki landsins, að því er segir í tilkynningu.

Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Ský, Samtök iðnaðarins, GreenQloud, Skema og / sys/tur.

„Girls in ICT Day" er haldinn víða um Evrópu ár hvert og er þetta í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt. Þrjátíu þúsund stelpur munu taka þátt í 1.300 viðburðum í 100 löndum í dag.

Í tilkynningu segir að skortur á starfsfólki í tæknistörf sé alþjóðlegt vandamamál og að konur séu vannýtt afl. Mikill minnihluti kvenna fer í tæknilegt nám. Hér á landi eru konur um tuttugu prósent nemenda í tæknitengdu námi þrátt fyrir að konur séu í meirihluta háskólanemenda. - skó




**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO S60 MEÐ NÝJU D4 DRIVE-E VÉLINNI FRÁ VOLVO**

**LÁG EYÐSLA OG ÓHEMJU MIKIÐ AFL. GILDI SEM HAFA EKKI SÉST FYRR.**

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16**

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I volvo.is

Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Volvo S60, D4 Drive-E dísil, 181 hö, tog 400 Nm, 8 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,2 l/100 km. $CO_2$ 109 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

MARKAÐURINN

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 112,0 | DKK 20,80 | NOK 18,73 | CHF 127,3 |
| GBP 188,3 | EUR 155,3 | SEK 17,14 | JPY 1,09 |

**FTSE 100**
6.769,91 +69,75 (1,04%)

**Viðskiptavefur Vísis**
@VisirVidskipti

## NÝ STJÓRN

### Erna stjórnarformaður

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi Sjóvár-Almennra trygginga hf. í gær. Stjórnina skipa Erna Gísladóttir, Heimir V. Haraldsson, Hjördís E. Harðardóttir, Ingi Jóhann Guðmundsson og Tómas Kristjánsson. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar sem haldinn var að loknum aðalfundinum var Erna Gísladóttir kjörin formaður stjórnar og Tómas Kristjánsson varaformaður.

## 2,1%

### Hófleg verðbólga

Bráðabirgðaspá Greiningar Íslandsbanka gerir ráð fyrir 0,1% hækkun á vísitölu neysluverðs í maí, 0,3% í júní og 0,4% lækkun í júlí. Miðað við bráðabirgðaspána mun verðbólga mælast 2,1% í júlí. Horfur fyrir seinni hluta ársins eru einnig fremur jákvæðar. Útlit er því fyrir að verðbólga verði hóflegri á yfirstandandi ári en hún hefur verið frá árinu 2002, en þá mældist verðbólga 2,1% að jafnaði.

**29.04.14** Ferlegt fyrir hundaeigendur að geta ekki farið með hund í strætó. Þarf maður að labba til dýralæknisins?



*Gísli Marteinn Baldursson*
*sjónvarpsmaður*

## Skuldaþak sett á ríkið

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, kynnti í gær nýtt frumvarp til laga um opinber fjármál. Bjarni sagði frumvarpið boða meiri stöðugleika og betri lífskjör. Í frumvarpinu eru sett sérstök afkomu- og skuldaviðmið, eða fjármálareglur, sem tryggja eiga sjálfbærni opinberra fjármála til lengri tíma. Í frumvarpinu er byggt á langtímastefnumörkun opinberra fjármála og auknum aga við framkvæmd þeirra. Þá sé fjárlagaferlið styrkt og yfirsýn tryggð með breyttum undirbúningi og framsetningu fjárlaga. Eftirlit með framkvæmd þeirra verði styrkt til að draga úr frávikum og reikningsskilum ríkisins og upplýsingagjöf um opinber fjármál verði breytt til að tryggja gagnsæi. Markmið löggjafarinnar er að nýta betur almannafé og stuðla með styrkri efnahagsstjórn að stöðugleika og sífellt betri lífskjörum.

## Hin hliðin



**AUÐUR JÓHANNESDÓTTIR** FRAMKVÆMDASTJÓRI LIFA EHF

## Fram yfir síðasta söludag?

Undanfarið hefur orðið vitundarvakning um matarsóun á Íslandi, þar sem strangar reglur um fyrningu matvæla hafa tekið við af hyggjuviti og trausti á lyktarskyni og sjón sem hafa um aldir hjálpað okkur að meta hvort óhætt er að leggja okkur eitthvað til munns.

### Lent í ruslagámnum

Nýlega átti ég með nokkurra daga millibili þátt í samræðum þar sem fullfrískt og frambærilegt fólk um miðjan aldur sagðist lenda á hverjum veggnum á fætur öðrum í atvinnuleit sinni vegna þess að það þætti of gamalt. Þá varð mér hugsað til umfjöllunar sem ég sá um matarsóun sem sýndi ruslagám við stórmarkað sem var barmafullur af girnilegu grænmeti og óskemmdri pakkavöru.

Þetta fólk var sumsé lent í ruslagáminum. Margir atvinnurekendur virðast nefnilega kjósa að túlka kennitölur sem algilda best-fyrir dagsetningu frekar en að leyfa sér svo mikið sem að lykta af vörunni og velta því fyrir sér hvort hún væri ekki vel nýtileg í máltíð dagsins og gæti jafnvel gætt hana nýjum töfrum.

### Of mikil þekking og reynsla

Önnur hindrun sem þessir kunningjar mínir lentu á var að þeim hafði verið hafnað vegna of mikillar þekkingar og reynslu. Of mikillar? Er yfirmaður þá hræddur við að starfsmaðurinn skyggi á hann? Eða um að viðkomandi muni ekki staldra lengi við? Er ekki einmitt tilvalið að ráða einhvern „óverkvalifæð" ef slíkur starfskraftur býðst, jafnvel í skamman tíma, og sjá hvaða galdur verður þegar nýtt krydd er sett í pottinn?

Það er ef til vill ekki skrítið að margir ríghaldi í störfin sín, jafnvel þótt þeir séu ekki lengur á réttum stað. Ég sem hélt að það væri ekki lengur í tísku að lafa nógu lengi á sama staðnum til að fá gullúr að launum.

### Sóun

Nú get ég að sjálfsögðu ekki alhæft um aðstæður eldri aldurshópanna á vinnumarkaði út frá nokkrum dæmum – skráð atvinnuleysi er vissulega minna í elstu hópunum en þeim yngstu, en þetta viðhorf, að fólk á miðjum aldri og eldra sé óaðlaðandi starfskraftur, virðist nokkuð útbreitt og því er viðhaldið í orðræðunni.

Þurfum við ekki að breyta þessu og hætta að túlka fæðingardaga sem leiðbeiningu um fyrningardag? (Helst án tafar, minn „best-fyrir dagur" nálgast nefnilega óðfluga)

Mestu skiptir samt að það er óhagkvæmt að láta sóun viðgangast, hvaða auðlind sem um ræðir, mat eða mannauð, sérstaklega ef við stefnum öll á að verða hundrað ára.



# FJARÐARKAUP
# HELGARTILBOÐ
30. APRÍL - 3. MAÍ



1.298 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI

**SVÍNAKÓTILETTUR**
verð áður 1.698 kr./kg



2.294 kr./kg

**FJALLALAMBS SKYNDIGRILL**
verð áður 2.549 kr./kg



198 kr.

**HUNTS TÓMATSÓSA 680G**
verð áður 258,-kr.



2.998 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI

**LAMBAPRIME.**
verð áður 3.398 kr./kg



2.240 kr./kg

**FJALLALAMBS LÆRISN. KRYDDAÐAR**
verð áður 2.489 kr./kg



339 kr./pk.

**FK VÍNARPYLSUR 10 STK. PK.**
verð 339 kr./pk.



490 kr./pk.

**HAMBORGARAR 2X115G M/BRAUÐI**
verð áður 540 kr./pk.



149 kr.

**MYLLU PYLSUBRAUÐ**
verð 149 kr.



1.845 kr./kg

**KF LAMBALÆRISSNEIÐAR VILLIKR.**
verð áður 2.190 kr./kg



1.398 kr./kg

**KRYDDAÐAR SVÍNAKÓTILETTUR**
verð 1.398 kr./kg



1.398 kr./kg

**KRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI**
verð 1.398 kr./kg



1.855 kr./kg

**KF GRÍSAFILLE KRYDDAÐ**
verð 1.855 kr./kg



1.978 kr./kg

**FJALLALAMBS SIRLOIN SNEIÐAR KRYDD.**
verð áður 2.198 kr./kg



998 kr.

**COKE DÓSIR 12X 0,33L**
verð 998 kr.



198 kr./stk.

**HUNTS BBQ SÓSUR**
verð áður frá 216 kr./stk.

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

**BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI**
MIÐVIKUDAGURINN 30. APRÍL OPIÐ 9 - 19
FIMMTUDAGURINN 1. MAÍ - LOKAÐ

FK
FJARÐARKAUP

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is



2 | KL. 20:50
**Grey's Anatomy**
Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.

# Frábært miðvikudagskvöld



2 | KL. 20:05
**How I Met Your Mother**
Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



2 | KL. 20:30
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.



2 | KL. 21:35
**Rita**
Önnur þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri, sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja skoðun sína.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 20:00
**Hitch**
Vinsæl gamanmynd með Will Smith, Kevin James og Eva Mendes í aðalhlutverki.



3 | KL. 19:45
**Baby Daddy**
Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 9 | | | | 5 | | 8 |
| | | 5 | | | 4 | | 2 | |
| | | | | 3 | 2 | 9 | | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | | 5 | 3 | | |
| | | | | 7 | 8 | | | |
| | | 6 | | | | | 7 | |
| 9 | | 8 | | | | 6 | | |
| 3 | 1 | | 8 | 5 | | | | 4 |
| | | | 7 | 1 | 9 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | | 2 | 5 | | 1 |
| | | 7 | 4 | | | 8 | | |
| | 2 | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 6 | 3 | | 8 | | | | 9 | 2 |
| | | | | | | 1 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | | | 8 |
| | | | | | | | | 5 |
| | | 8 | 3 | 9 | | | | |
| | 4 | 3 | | | 1 | | | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | | | | |
| | | | | 3 | 5 | | | 8 |
| 9 | | | 4 | 7 | | | 5 | |
| 6 | | | 3 | | | | | |
| | 5 | | | | | 2 | | 3 |
| 1 | 3 | 2 | | | 9 | 4 | 6 | |
| | | 6 | | 4 | | | | 1 |
| | | 4 | | 1 | | 6 | | |
| 2 | | 5 | 6 | | | | | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 4 | 6 |
| 8 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 |
| 1 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 3 | 8 | 2 | 1 | 4 | 9 | 5 |
| 4 | 3 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 9 | 1 | 8 | 2 | 4 | 5 | 6 | 3 | 7 |
| 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 8 | 9 | 6 |
| 9 | 8 | 1 | 3 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 | 3 | 1 |
| 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 1 | 5 | 4 |
| 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 2 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 2 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 2 | 1 | 8 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 2 | 7 | 5 | 8 |
| 9 | 3 | 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 5 | 3 | 1 | 2 | 8 | 9 |
| 2 | 8 | 1 | 7 | 4 | 9 | 3 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Blóm getur ekki blómstrað án sólskins og maðurinn getur ekki lifað án ástar.“**

*Max Muller*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** land, **6.** frá, **8.** kraftur, **9.** umrót, **11.** voði, **12.** móhraukur, **14.** gleði, **16.** í röð, **17.** æxlunarkorn, **18.** umfram, **20.** gangþófi, **21.** snjóföl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stjórn, **3.** samtök, **4.** stormur, **5.** rá, **7.** skítugur, **10.** sjón, **13.** tækifæri, **15.** einleikur, **16.** námsgrein, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** laos, **6.** af, **8.** afl, **9.** los, **11.** vá, **12.** drýli, **14.** unaðs, **16.** fg, **17.** gró, **18.** auk, **20.** il, **21.** gráð. **LÓÐRÉTT: 1.** vald, **3.** aa, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** forugur, **10.** sýn, **13.** lag, **15.** sóló, **16.** fag, **19.** ká.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hjörvar Steinn Grétarsson (2.511) vann Hannes Hlífar Stefánsson (2.541) í 4. umferð Wow air Vormóts TR.**

**Hvítur á leik:**



**25. Df4!** Hannes gafst upp enda tapar hann liði. Ef 25.…Dxf4 þá 26. Hd8+ Be8 27. gxf4 og ef 25.…Db6 þá 26. Dxb8+! Dxb8 27. Hd8+. Hjörvar er efstur með fullt hús og Dagur Arngrímsson (2.382) er annar með 3 vinninga.

**www.skak.is:** Skákmót Vals – Minningarmót um Hemma Gunn.



# Allt klárt fyrir vorið?



**ELISABETH SÓFASETT**
Í settinu er borð með glerplötu, sófi og tveir stólar úr pólýrattan. Svartar sessur fylgja.

**119.900,-**



Grillstar

**CANBERRA GASGRILL**
Með 4 brennurum. Rafstýrður kveikirofi, grillflötur 77,6 x 44,9 cm, úr ryðfríu stáli. Hitamælir fylgir. Grillið er með einu hliðarborði, einum hliðarbrennara, hjólum og geymsluskáp.

**39.990,-**



PLUS

**SANDKASSI MEÐ BAKSTOÐUM**
120 x 120 cm, úr gagnvarinni furu. Með bakstoðum sem má einnig nota sem lok á kassann.

**8.995,-**



RYOBI

**SLÁTTUVÉL MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU**
Öflug 36 V litíumrafhlaða, 100 mín. rafknúið hraðhleðslutæki. Sláttubreidd 40 cm. Fimm hæðarstillingar, 20–70 mm. 50 l safnskúffa. Slær yfir 400 m² á einni hleðslu. Með tvíklippibúnaði.

**69.990,-**



**SÓLHLÍF ÚR MÁLMI/PÓLÝESTER**

**1.589,-**

**HENGISÓFI**
Fyrir börn.

**4.995,-**



**GARÐKRAFTUR, 10 KG**
Alhliða klórsnauður áburður, einkum ætlaður fyrir matjurtir og garðrækt. Öll næringarefni í einu korni.

**2.495,-**

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 30. apríl til og með miðvikudeginum 7. maí 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ 1. MAÍ 11:00-18:30
298 kr. 75g
Bónus Klettasalat 75g
Upprunaland Ítalía
398 kr. 200g
Bónus Spínat 200g
Upprunaland Spánn
398 kr. 125g
Bónus Lambhagablanda 125g
359 kr. 500g
Bónus Kaffi 500g
BÓNUS KAFFI
HEIMILIS BRAUÐ
239 kr. 770g
300 kr. VERÐLÆKKUN
998 kr. kg.
Heimilisostur 300 kr. verðlækkun
OS Heimilisostur 300 kr. verðlækkun pr.kg. Verð áður 1298 kr.kg
Aðeins 29.kr.stk
698 kr. 24 stk
Bónus íspinnakassi 24 stk.
BÓNUS HAFRAKEX
198 kr. 225g
SALERNISPAPPÍR 9 rúllur
MJÚKUR
698 kr. 9 rúllur
BÓNUS Salernispappír 9 rúllur x 250 blöð
1598 krónur kg.
BÓNUS BACON
Aðeins 63.kr.stk
Cones
498 kr. 8 stk.
Cobana ístoppar 8 stk. x 120ml
79 kr. 330ml
Kók í bauk. 330 ml. 79.kr. stk
Alltaf nýbakað í Bónus
298 kr. 4 stk
Bónus Kjallarabollur m/osti
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69 kr. 250ml
198 kr. 1.5 ltr.
198 kr. 2 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ 1. MAÍ 11:00-18:30

FRANSKAR BÖKUNAR KARTÖFLUR



179 kr. kg.

FRANSKAR BÖKUNARKARTÖFLUR




1198 krónur kg.

Grillmeistarinn **Grísakótilettur**




198 kr. 350g.

BÓNUS **Hrásalat** 350g

FRANSKAR PREMIUM KARTÖFLUR



179 kr. kg.

FRANSKAR PREMIUM KARTÖFLUR Í LAUSU

## BÓNUS GRÍSAKÓTILETTUR & GRÍSAHNAKKI




1198 krónur kg.

BÓNUS **Kryddaðar grísakótilettur**




1198 krónur kg.

BÓNUS **Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar**




1398 krónur kg.

KJARNAFÆÐI Kryddlegnar **Grísakótilettur úrb.**

KJARNAFÆÐI




1398 kr. kg

KJARNAFÆÐI **Íslenskt heiðalamb með villtum íslenskum kryddjurtum**

2013 SLÁTRAÐ



1498 krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** FROSIÐ



1598 kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði **10 Frosnir nautgripahamborgarar 120g**




198 kr. 510ml



Frábær á grillið

1359 kr. 700gr

Úrbeinuð frosin **Dönsk kjúklingalæri 700g**




359 kr 10 stk.

BÓNUS **Vínar-Pylsur 10 stk.** / 485g

87% KJÖT




298 kr. 5 stk./360g

Íslenskur lax



1898 kr. kg

Norðanfiskur **Laxabitar frosnir og beinhreinsaðir**


BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

# Skrifborð Jóhanns hlaut verðlaun

**Húsgögn sem Jóhann Sigmarsson hannaði og smíðaði úr endurunnum hundrað ára gömlum viði hlutu verðlaun og viðurkenningu í Mílanó.**

Í desember 2013 voru hægindastóllinn Andagjöf og skrifborðið EitthvaðYfir eftir Jóhann Sigmarsson valin á The A'Design Award & Competition, alþjóðlega hönnunarkeppni í Mílanó. Í síðustu viku var svo tilkynnt að hægindastóllinn hefði fengið viðurkenninguna „Runner-up for A'Design Award" og að skrifborðið væri „A'Design Winner" í flokki húsgagna. Í keppninni var 5.641 þátttakandi valinn úr 12.523 umsóknum frá 208 löndum.

Húsgögnin voru unnin úr yfir hundrað ára gömlum viði úr Reykjavíkurhöfn, en það atvikaðist þannig að Jóhann sá í sjónvarpsfréttum að Faxaflóahafnir sf. voru að hreinsa á brott ónýta bryggjudrumba vegna breytinga í Reykjavíkurhöfn. Jóhann fékk drumbana og síðan þurrkaði hann og heflaði um fjórðung þeirra með endurvinnslu í huga.

Húsgögn Jóhanns eru hluti af Miðbaugs-minjaverkefninu, sem er alþjóðlegt farandverkefni listamanna sem skapa listaverk úr endurnýttu efni úr sögulegum heimsminjum. Verkin verða sýnd á alþjóðlegum listsýningum og seld á uppboði í lok hverrar sýningar. Hluti af andvirði hvers verks mun renna í sjóð til að styrkja góð málefni á heimsvísu. -fsb



**EITTHVAÐYFIR** Skrifborðið sem Jóhann vann úr drumbunum var verðlaunað í Mílanó fyrir skemmstu.



**HÆGINDASTÓLLINN** Andagjöf.



**JÓHANN SIGMARSSON** Jóhann fékk drumbana hjá Faxaflóahöfnum og síðan þurrkaði hann og heflaði um fjórðung þeirra með endurvinnslu í huga. MYND/AASA CHARLOTTA INGERARDÓTTIR



**ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ** „Stóra afleiðingin af því að láta Jesú verða Maríu var nefnilega sú að Guð verður að vera kvenkyns líka." FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lætur Jesú og Maríu skipta um hlutverk

**Glæný bók Óttars M. Norðfjörð er forvitnileg fyrir ýmissa hluta sakir. Í henni fylgir hann sögu Jóhannesarguðspjalls út í æsar að því undanskildu að það er María frá Magdala sem er í hlutverki frelsarans og Jesús í hlutverki hennar.**

Bókin heitir Jóhannesarguðspjall og er í grunninn gamla guðspjallið, nema Jesús er ekki lengur hetjan heldur María frá Magdala, betur þekkt sem María Magdalena. Guð er sömuleiðis kvenkyns og líka helmingur lærisveinanna, eða lærlinganna eins og þeir heita hjá mér," útskýrir Óttar M. Norðfjörð spurður um hvað nýjasta bók hans fjalli. Bókin kom út hjá Forlaginu í síðustu viku og er eingöngu fáanleg sem rafbók.

Hvernig datt þér í hug að fara að endurskrifa guðspjall? „Þessi hugmynd kom eiginlega óvart til mín. Ég var bara á göngu á leið á bókasafnið að skrifa skáldsöguna sem ég er að vinna í núna og allt í einu fékk ég þessa hugdettu; hvað ef Jesús hefði verið kona? Hvaða áhrif hefði það haft á hinn vestræna heim í framhaldinu?"

Óttar fer þó ekkert út í þá pælingu í bókinni, heldur sig af trúfesti við texta guðspjallsins með þeirri breytingu að láta Maríu frá Magdala og Jesú Krist skipta um hlutverk, auk þess sem um helmingur lærisveinanna og guð sjálf hafa undirgengist kynleiðréttingu, eins og hann orðar það. „Ég er í raun bara að kynjafna söguna," segir hann. „Guðspjallið verður skemmtilega skrítið eftir breytingarnar því textinn er í senn kunnuglegur og framandi. Til dæmis þegar María gengur á vatni eða er pínd og krossfest og Jesús er sá sem stendur hágrátandi við krossinn. Sem dæmi get ég sagt þér hvernig frægasta setning guðspjallsins breytist við endurskrifin: „Því svo elskaði Guð heiminn að hún gaf einkadóttur sína til þess að hver sem á hana trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf." Stóra afleiðingin af því að láta Jesú verða Maríu var nefnilega sú að Guð verður að vera kvenkyns líka. Jesús er náttúrulega einhvers konar framlenging á Guði, holdgervingur hans á jörðu niðri, og þá gekk ekki að hafa þau af mismunandi kyni, fannst mér. Þannig að þótt guðspjallið sé í meginatriðum eins þá felst um leið í því róttæk breyting."

Í lok bókarinnar er síðan stuttur eftirmáli eftir Óttar og þrjár hugleiðingar um bókina eftir þrjá presta, þau Bjarna Karlsson, Kristínu Þórunni Tómasdóttur og Árna Svan Daníelsson. Hvernig líst prestunum á þetta framtak? „Þau eru öll bara mjög ánægð," segir Óttar. „Upphaflega hafði ég samband við einn prest og bað um skoðun hennar á þessu verkefni. Henni fannst þetta mjög spennandi, kom með margar gagnlegar ábendingar og sendi mér stutta hugleiðingu um verkið. Í framhaldinu hafði ég samband við fleiri presta og bað þá að lesa verkið yfir og koma með stutta hugleiðingu um það. Á endanum valdi ég þessa þrjá sem ég hef heyrt predika og hrifist af, enda finnst mér þau vera prestar samtíðarinnar en ekki fortíðarinnar eins og sumir."

fridrikab@frettabladid.is



**FÓSTBRÆÐUR** Kórinn hefur átt árangursríkt samstarf við tónlistarmennina Högna Egilsson og Davíð Þór Jónsson og gestir fá að njóta þess á tónleikunum.

# Vorið kemur með söng að sunnan

**Fóstbræður halda ferna tónleika í Langholtskirkju. Hanna Dóra Sturludóttir syngur með kórnum.**

Söngdagskrá Fóstbræðra er fjölbreytt blanda íslenskra og erlendra laga fyrir karlakór og einsöngvara. Þar má nefna útsetningar meistarans Hugo Alfvén á sænskum þjóðlögum og svo óperukóra úr Carmen eftir George Bizet, annars vegar Habanera og hins vegar mars nautabananna. Þar njóta karlarnir raddar og framkomu óperusöngkonunnar Hönnu Dóru Sturludóttur sem sló í gegn í Carmen síðastliðið haust í Íslensku óperunni.

Sunnanvindarnir blása því yfir norðrið á tónleikunum, eins og svo skáldlega er komist að orði í fréttatilkynningu kórsins.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir sér um píanóleik á tónleikunum og stjórnandi er Árni Harðarson.

Tónleikarnir eru í Langholtskirkju. Þeir fyrstu voru í gær, næstu tvennu verða klukkan 20 í kvöld og annað kvöld og þeir síðustu á laugardaginn 3. maí klukkan 15.

gun@frettabladid.is

# Læra að teikna drauma sína

**Myndasögusmiðja er sett upp í dag í aðalsafni Borgarbókasafns þar sem krökkum gefst tækifæri til að teikna drauma sína og er liður í barnamenningarhátíð.**

„Ef maður ætlar að verða góður myndasöguhöfundur þarf eflaust meiri æfingu en tveggja tíma námskeið en finnski myndasögusmiðurinn Petri Koikkalainen ætlar að kenna krökkum undirstöðuatriðin í dag milli klukkan hálffjögur og hálfsex," segir Guðríður Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri í Borgarbókasafninu, aðalsafni.

Námskeiðið ber yfirskriftina Draumasmiðja en að sögn Guðríðar verður lögð áhersla á að kenna börnum að láta drauma sína verða að myndasögum og til þess fá þau verkfæri á staðnum. „Hann Petri ætlar að sýna þeim hvernig þau gera teikningu að myndasögu. Það er ekki nóg að vera klár að teikna, það þarf líka að búa til söguna."

En hvaða tungumál talar Petri Koikkalainen?

„Hann talar ensku," svarar Guðríður. „Svo er hún Kristín Arngrímsdóttir aðstoðarkona hjá honum og túlkur. Það er ekki ætlast til að þátttakendur kunni ensku en margir krakkar eru reyndar mjög klárir í henni."

Myndasögusmiðjan er í tengslum við norrænu myndasögusýninguna sem var opnuð á Borgarbókasafninu í Tryggvagötu 15 í gær. Þar eru verk níu listamanna frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum, þau eru öll í myndasögutímaritinu Dreambuddies – new children's comics from the north.

Smiðjan hentar börnum á aldrinum níu til tólf ára en takmarkaður aðgangur er að henni og því er nauðsynlegt að skrá sig hjá thorbjorg.karlsdottir@reykjavik.is.

Viðburðurinn er hluti af barnamenningarhátíðinni. Dagskrá hennar má sjá á slóðinni barnamenningarhatid.is.

gun@frettabladid.is



**VERKEFNASTJÓRI** „Það er ekki nóg að vera klár að teikna, það þarf líka að búa til söguna," segir Guðríður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



**NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI**
**UMSÓKNARFRESTUR TIL 2. JÚNÍ**

### Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

VIÐURKENNDUR BÓKARI
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

### Á FRAMHALDSSTIGI

FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

ÖLDRUNARFRÆÐI
***DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI***

### NÁMSLÍNUR ÁN EININGA

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

LEIÐTOGAHÆFNI - LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKKINGU OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUN
***UMSÓKNARFRESTUR TIL 8. SEPTEMBER***

FJÁRMÁL OG STÝRING VERKEFNA
***STAÐNÁM - FJARNÁM***
***UMSÓKNARFRESTUR TIL 8. SEPTEMBER***

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Ævintýri íslenskra au-pair-stúlkna

Baldvin Þormóðsson
baldvin@frettabladid.is



**Hið eftirsóknarverða hlutverk au-pair er margþætt en vanalega býr stúlkan á heimili fjölskyldu og sér um börnin ásamt heimilisstörfum. Blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af þremur ungum stúlkum sem eiga það tvennt sameiginlegt að hafa klárað framhaldsskóla í fyrra og vera au-pair í dag. Þó allar í mismunandi stórborgum víðsvegar um heiminn.**

## HELDUR LÆRDÓMSBÓK Í BERLÍN



„Mig hefur alltaf langað til þess að búa í útlöndum og þegar kona sem ég vann með var að flytja til Berlínar þá greip ég bara tækifærið og spurði hvort ég mætti ekki koma með að passa börnin,“ segir Vigdís Perla Maack, starfandi au-pair í Berlín.

„Ég er að passa tvo yndislega krakka; fjögurra ára stelpu og sex ára strák,“ segir Vigdís. „Ég vinn þrjá til fjóra daga í viku en annars er ég bara að njóta mín og hafa það fínt.“

Vigdís hefur sitt eigið herbergi og baðherbergi í íbúðinni en hún segist heyra það að hún hafi það óvenjugott miðað við au-pair. „Maður hefur alveg heyrt hryllingssögur af sumum fjölskyldum,“ segir Vigdís. „Vinkona mín lenti í því að þurfa að skipta um fjölskyldu þegar hún fór í gegnum svona au-pair-skráningu. Heimilislífið var eitthvað skrítið þar sem hún var.“ Vigdísi líður hins vegar rosalega vel í Berlín. „Mig langaði að prófa að standa aðeins á eigin fótum og læra að vera ég sjálf. Ég held að það sé mjög sniðugt að fara frá sínu venjulega umhverfi og vera í borg þar sem maður þekkir ekki alla,“ segir Vigdís. „Það er svo þægilegt að geta farið í lestina og þurfa ekki að hitta einhvern sem maður þekkir og eiga í endalausu spjalli við kunningja. Maður getur bara sungið með tónlistinni í heyrnartólunum,“ segir Vigdís og hlær.

> **Skemmtileg rör fá börn til þess að drekka meira.**

Vigdís Perla hefur lent í hinum ýmsu ævintýrum í Berlín en eitt þeirra var þegar hún var í heimsókn hjá vinkonu sinni, Álfheiði Erlu, sem stundar tónlistarnám í Berlín. „Við elduðum góðan mat og drukkum rauðvín en það var partí í íbúðinni á móti þannig að við bönkuðum upp á og fengum að vera með,“ segir Vigdís. Hún kynntist mörgum Berlínarbúum þetta kvöld, meðal annars rúmlega þrítugum manni sem kunni íslensku. „Hann hafði átt íslenskan pennavin síðan hann var ellefu ára. Hann kom bara upp að okkur og talaði bara fína íslensku,“ segir Vigdís, sem átti langt spjall við manninn sem hafði komið til Íslands til þess að hitta pennavininn.

Vigdís Perla mælir með au-pair reynslunni fyrir alla þá sem langar til þess að breyta til en langar ekki til þess að stökkva alveg ofan í djúpu laugina. „Ég mæli líka með því, til þess að gera sem mest úr reynslunni, að halda ekki dagbók heldur lærdómsbók,“ segir Vigdís sem las fyrir blaðamann nokkur atriði sem hún er búin að læra í Berlín.

„Ekki fara í lest þó að hún sé komin. Vertu viss um að þetta sé þín lest. Það er oft skemmtilegra að skoða í matarbúð en að skoða í fatabúð. Íslensk tónlist er betri í útlöndum. Skemmtileg rör fá börn til þess að drekka meira.“

## ELSKAR HJÓLAMENNINGU Í KÖBEN



„Þetta var eiginlega frekar mikil skyndiákvörðun sem kom upp í svartasta skammdeginu í janúar,“ segir Bergrún Mist Jóhannesdóttir, starfandi au-pair í Kaupmannahöfn um ákvörðun sína að fara út. „Flestir vinir mínir voru annaðhvort í háskóla eða að fara í ferðalag um heiminn. Mér leist ekki á blikuna og ákvað að sjá hvað væri í boði fyrir mig með stuttum fyrirvara og kostaði ekki mikið.“

Bergrún hafði aldrei áður hugsað um að gerast au-pair þegar hún tók ákvörðunina. „Ég þekkti þó til nokkurra sem höfðu farið út og haft mjög gaman af þannig að þegar útþráin sagði til sín þá fannst mér þetta sniðug hugmynd,“ segir Bergrún sem komst nánast strax í samband við móður úti og ákvað að grípa tækifærið.

„Fjölskyldan er afskaplega indæl og skemmtileg. Hún samanstendur af einstæðri móður og tveimur stelpum sem eru átta og tólf ára, en þær eru báðar ættleiddar frá munaðarleysingjahælum í Kína,“ segir Bergún. „Stelpurnar eru á fullu í ballett og leiklist í Konunglega leikhúsinu og fullt af fjöri í kringum þær.“

> **Ég trúi því að þetta væri erfiðara ferli ef ég væri í landi þar sem menningin væri mjög frábrugðin og maður þekkti örfáa.**

Bergrún segist kunna mjög vel við sig í Kaupmannahöfn. „Ég elska hjólamenninguna, garðana, bryggjurnar, byggingarnar og ávaxtamarkaðina sem eru á hverju horni. Það eina er hvað borgin er fáránlega dýr, maður er ekkert úti að borða og í bíó alla daga. En bjórinn og fötin eru ódýr,“ segir Bergrún og hlær. „Annars finnst mér rosalega gott að vera hér og er spennt fyrir komandi vikum með hlýrra veðri.“

Aðspurð hvort hún hafi verið stressuð að flytja út í fyrsta sinn segist Bergrún hafa tekið breytingunum með miklu jafnaðargeði. „Auðvitað fær maður smá kitl í magann að hitta fjölskylduna fyrst og þurfa að rata um nýja borg og svona,“ segir Bergrún. „Svo er ég líka bara í Kaupmannahöfn sem þýðir að ég get alltaf hoppað upp í lest á Kastrup og flogið heim ef eitthvað kemur upp á og ég hef það alltaf á bak við eyrað.“

Bergrún hefur eignast þó nokkrar vinkonur úti og margar af íslensku vinkonum hennar búa í Kaupmannahöfn. „Það gerir oft hlutina auðveldari svo maður verður ekki einmana. Ég held að þetta væri erfiðara ferli ef ég væri í landi þar sem menningin væri mjög frábrugðin og maður þekkti örfáa,“ segir Bergún, sem mælir með reynslunni fyrir alla sem hafa hug á að gerast au-pair. „Þetta er sniðug og ódýr leið til að fá að ferðast smá, búa í öðru landi, kynnast fólki og hafa gaman.“

## DÝRT OG VONT KAFFI Í NEW YORK



„Þegar mér bauðst þetta þá var ég ekki með nein fastmótuð plön. Var einungis ákveðin í því að taka mér frí frá skóla eftir ótrúlega löng og þreytandi stúdentspróf,“ segir Lóa Björk Björnsdóttir, starfandi au-pair í New York. „Ég vildi upplifa eitthvað nýtt og ögra mér. Mæta ferskari í háskólann með aðeins betri hugmynd um það sem ég vildi læra þar. Auðvitað er ég engu nær.“ Lóu Björk langaði hins vegar aldrei til þess að gerast au-pair. „Ég hafði heyrt nógu mikið af reynslusögum. Auðvitað fannst sumum stelpum þetta yndislegt en aðrar upplifðu frekar erfiða hluti. Þá er ég að meina til dæmis mun meiri vinnu en um var samið og erfiðleika í samskiptum við fjölskylduna,“ segir Lóa, sem heillaðist þó af því að geta ferðast án þess að vera skuldbundin í starfi sem henni þætti leiðinlegt.

Aðspurð hvort það hafi verið stressandi að flytja til stórborgarinnar segist Lóa hafa sennilega upplifað það öðruvísi en aðrir í hennar stöðu sem búa hjá ókunnugum. „Ég bý hjá frænku minni og það auðveldar þetta mjög mikið. Ég hef ekki beint fengið brjálæðislega heimþrá en stundum tárast ég þegar ég horfi á Gilmore Girls því að við mamma horfðum á það saman,“ segir Lóa.

> **Maður verður svo skelfilega meðvitaður um tilvist sína.**

„Fjölskyldan er samt frábær. Ég er enn þá að venjast því að búa inni á öðru fólki. Maður verður svo skelfilega meðvitaður um tilvist sína, óhreinindi sem maður skilur eftir sig, sturtuvenjur sínar og hvað maður borðar mikið,“ segir Lóa. „Ég fel fyrir þeim hvað ég borða mikið nammi.“

Það sem Lóu finnst þó vera pirrandi við að búa í New York er að hún finnur fyrir ákveðnu viðhorfi fólks um að hún eigi alltaf að vera að gera eitthvað nýtt og spennandi. „Ég nenni ekki alltaf að fara út, sérstaklega þar sem þessi vetur var kaldur og ónotalegur,“ segir Lóa. „Að búa einn í nýrri borg er ekkert endilega alltaf stuð ef maður hefur ekki bestu vini sína til þess að njóta þess með sér. Ég sakna þess stundum að geta ekki farið í bjór á Kalda eða kaffi á Kaffitár,“ segir Lóa og bætir því við að þó það séu hundrað sinnum fleiri kaffihús í New York þá bjóði flest þeirra upp á mjög vont og mjög dýrt kaffi. „Eitt sem er vissulega sérstakt við New York er að það er alltaf eitthvað að gerast hérna. Allt sem manni dettur í hug að gera er í boði. Valmöguleikarnir eru endalausir,“ segir Lóa.

Lóa Björk mælir samt með reynslunni fyrir áhugasama en bætir því við að krakkar þurfi að passa sig að láta ekki fara illa með sig. „Ekki láta bjóða ykkur hvað sem er,“ segir Lóa. „Annars vil ég ítreka klisjuna að taka hlutunum með opnum hug og líta á allt sem reynslu.“

10 daga vorhreinsun

26. maí - 4. júní

Komdu með okkur í 10 daga vorhreinsun og orkuhleðslu þar sem við borðum holla og næringaríka fæðu, einblínum á grænmeti, glúteinlaust heilkorn, baunir, ávexti, hnetur og fræ

Verð 13.500 ef þú skráið þig fyrir 5. maí annars 14.900.-
Matreiðslunámskeið 22. maí 18:30 - 21:30 verð 7.200.-
Sjá nánar: www.simplewellbeing.com/vorhreinsun





Linda Pétursdóttir og Margrét Leifsdóttir heilsumarkþjálfarar

Borgartún Fákafen Hæðasmári
www.lifandimarkadur.is

LIFANDI MARKAÐUR

## Tæklar Tupperware

Sandra Bullock gæti túlkað Brownie Wise.

Leikkonan Sandra Bullock gæti landað hlutverki í nýrri mynd um konuna sem gerði Tupperware-ílátin fræg um allan heim, Brownie Wise.

Sandra hefur ekki tekið að sér hlutverk síðan hún lék í Óskarsverðlaunamyndinni Gravity en hún nældi sér einmitt í tilnefningu til Óskarsverðlaunanna fyrir þá frammistöðu.

Brownie var fyrsta konan til að prýða forsíðu Business Week árið 1954 en myndin sem er í bígerð er byggð á bókinni Tupperware Unsealed eftir Bob Kealing.

Leikstjóri myndarinnar er Tate Taylor en hann leikstýrði meðal annars myndinni The Help.

- lkg



**FJÖLHÆF** Sandra lék síðast í Gravity.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




# BIOTHERM BOMBA

Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 30. APRÍL - 7. MAÍ

**20%** AFSLÁTTUR AF SKIN BEST LÍNUNNI.

**30%** AFSLÁTTUR AF VINSÆLUSTU BIOTHERM LÍKAMSVÖRUNUM.




KAUPAUKI* AÐ HÆTTI BIOTHERM FYLGIR ÞEGAR KEYPTAR ERU VÖRUR FYRIR 7.900 EÐA MEIRA.

*Einn kaupauki á viðskiptavin.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 2D | KL. 8 - 10.50 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| OCULUS | KL.10.20 | 16 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 4 - 6 - 8 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 5.45 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE OTHER WOMEN | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 | 7, 10 | 12 |
| RIO 2D | 5:40 | L |
| A HAUNTED HOUSE 2 | 10 | 14 |
| HARRY OG HEIMIR | 5, 8 | 7 |

SAMbio.is

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM CHRISTOPHER NOLAN LEIKSTJÓRA DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS OG INCEPTION




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TRANSCENDENCE VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10:55 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 5 - 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 5 - 8 - 10:35 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:35 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| COSI FAN TUTTE ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 16:00 | L |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 2 2D | KL. 10:10 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:10 | 12 |
| NOAH | KL. 8 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED | KL. 5:30 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




**Í VONDUM MÁLUM** Suzy fær hræðilega dóma á ESC Nation. MYND/EUROVISION

# Ekki hress með Portúgal

Dálkahöfundur vefsíðunnar ESC Nation er ekki par ánægður með söngkonuna Suzy frá Portúgal og framlag hennar í Eurovision, Quero Ser Tua.

Suzy er þrettánda á sviðið á fyrra undanúrslitakvöldinu 6. maí en dálkahöfundur segir að atriðið sé svo brjálað að áhorfendur ættu ekki að fókusa of mikið á það ef þeir eru undir áhrifum áfengis eða með magakveisu. Þá líst honum heldur ekkert á lagið.

„Söngurinn – hvar á ég að byrja? Greyið. „Hún getur sungið“ heyrði ég sagt á borðinu við hliðina á mér, „en bara ekki þetta lag“. Ég er sammála.“ - lkg

# Sumargalsi með viðbættum sykri

**BAKÞANKAR**
Ragnheiður Tryggvadóttur



Fyrsti gesturinn var snemma á ferðinni. Ég leit snöggt yfir gólfið, það hefði haft gott af einni yfirferð en tíminn var knappur. Átta ára afmælisgestir gerðu vonandi ekki athugasemdir við óryksugað gólf. Fleiri bættust í hópinn og brátt var húsið fullt. Ég virtist ætla að sleppa fyrir horn með gólfin.

**MÉR** hafði verið ráðlagt að vera með skipulagða dagskrá tilbúna og keyra hana strax í gang, annars myndi ég missa stjórn á aðstæðum. Ég sá strax að það var rétt. Þótt ekki væru liðnar nema nokkrar mínútur af veislunni hafði stemmingin náð hámarki. Í snarheitum bauð ég upp á snakk og hringdi í bóndann sem var að sækja pitsurnar. „Bara nokkrar mínútur í mig,“ sagði hann rólegur. Ég leit yfir iðandi gleðskapinn. Nokkrar mínútur!

**EFTIR** æðisgengið pitsuát var dagskránni þrusað í gang. Böndum skyldi komið á krakkaskarann. Danskeppni – pakkaleikur – lakkrísreimaátkeppni – limbókeppni, þetta ætti að taka tímann sinn áður en kæmi að kökunni. Rennsveitt hrópuðum við bóndinn fyrirmæli og leikreglur en það var langt síðan við sjálf vorum átta ára. Dagskráin tæmdist á augabragði og fjörið óx enn. „Það er kaka!“ æpti ég yfir skarann sem tók við sér um leið.

**„ER** ekki boðið upp á neitt hollt á þessu heimili?“ Spurningin kom flatt upp á mig. Veitingarnar samanstóðu af sælgæti, snakki, gosi og pitsum, sem gerði sjálfsagt sitt til að auka fjörið. Hvað myndu foreldrarnir halda? „Út í garð!“ æpti ég því og skarinn rann í boðaföllum niður tröppurnar.

**SPRIKLANDI** af gleði tvístraðist hópurinn óvænt yfir í nærliggjandi garða svo fyrirætlanir okkar um hópmyndatöku og limbó runnu út í sandinn. Enn var langt í að tilsettum veislutíma yrði náð og ég óttaðist að þá yrði helmingurinn af gestunum týndur. Við kveiktum því á mynd og skiptum liði. Bóndinn inni en ég úti.

**ÉG** sá til strokukattanna stökkvandi milli garða. Ósvikinn sumargalsi með viðbættum sykri. Það stóð þó á endum. Allir voru í húsi þegar klukkan sló sjö.



**HOLLENSKI HÖNKINN** Hinn hollenski Waylon skipar annan helming dúettsins The Common Linnets. Hann kemst á blað.



**UNGVERSKUR OG YNDISLEGUR** András Kállay-Saunders frá Ungverjalandi flytur lagið Running á fyrra undanúrslitakvöldinu.



**FALLEGUR FRANSMAÐUR** Lorent Ardouvin úr franska tríóinu Twin Twin er fagur á að líta. Tríóið syngur lagið Moustache í keppninni.



**FLIPPAÐUR OG FAGUR** Teo keppir fyrir hönd Hvíta-Rússlands á seinna undanúrslitakvöldinu þann 8. maí og þykir mörgum hann vera myndarmaður.

# Leitin að fegursta Eurovision-söngvaranum

**Það er ekki aðeins barist í tónlistinni í keppninni í Köben í næstu viku.**

Leitin að föngulegasta karlkyns keppandanum í Eurovision-keppninni er hafin á vefsíðunni Wi Wi blogs. Verður sigurvegarinn krýndur Eurovision's Next Top Male Model 2014.

Keppnin hófst þann 29. mars þegar lesendur síðunnar kusu á milli 25 karlkyns keppenda í undanúrslitum Eurovision. Alls bárust tæplega ellefu þúsund atkvæði inn á síðuna og var hópurinn skorinn niður í sextán karlmenn. Sigurvegarinn verður krýndur þann 20. maí, tíu dögum eftir að Eurovision-keppninni er afstaðin.

Því miður kemst enginn af Pollapönkurunum í úrslit en þeir sem vilja greiða atkvæði geta gert það eins oft og þeir vilja á vefsíðunni. - lkg

## ➜ Þessir komast líka á listann

- **Basim** – Danmörk
- **Sveitin Men of Softengine** Finnland
- **Topi Latukka** – Finnland
- **Sveitin Men of the Shin** – Georgía
- **Riskykidd** – Grikkland
- **Nikolas Raptakis** – Grikkland
- **Theofilos Pouzbouris** – Grikkland
- **Richard Edwards Micallef** – Malta
- **Sergej Cetkovic** – Svartfjallaland
- **Ovi** – Rúmenía
- **Sebalter** – Sviss

# EINS OG LITLIR STRÁKAR Í AFMÆLI

**Pollapönk frumsýndi nýja búninga á fyrstu æfingunni í Kaupmannahöfn. Sömu litir – annað útlit.**

Hljómsveitin Pollapönk æfði Eurovision-lagið Enga fordóma, eða No Prejudice, í fyrsta sinn á stóra sviðinu í B&W-höllinni í Kaupmannahöfn á mánudag. Vakti hljómsveitin verðskuldaða athygli, ekki eingöngu fyrir sviðsframkomu heldur einnig fyrir búningana.

„Fólk sá búningana þeirra í fyrsta sinn og finnst þeir geðveikir. Það er enginn í jafnflottum búningum og íslenska liðið,“ segir Valgeir Magnússon hjá auglýsingastofunni Pipar/TBWA sem er með íslenska Eurovision-hópnum í Kaupmannahöfn. Búningarnir sem Pollapönk klæðist í Eurovision-keppninni eru frábrugðnir litríku Henson-göllunum sem hafa verið einkennismerki sveitarinnar síðan hún var stofnuð árið 2006.

„Þeir eru í sömu litum en það er nýtt „twist“. Maður segir ekki sama brandarann tvisvar. Þeir eru í matrósabúningum. Þeir eru eins og litlir strákar á leiðinni í afmæli,“ segir Valgeir.

Næsta stóra æfing Pollapönks er á föstudag og svo generalprufa á mánudag þar sem dómarar greiða sín atkvæði. Á þriðjudag er síðan fyrra undanúrslitakvöldið þar sem Pollapönkarar eru fimmtu á svið. Sveitin er með æfingarhúsnæði í Kaupmannahöfn þar sem lagið verður æft á milli þess sem hljómsveitarmeðlimir sækja samkomur og spjalla við blaðamenn að sögn Valgeirs.

„Við plönum ekkert nema fram á sunnudag. Við ætlum að reyna að hvíla okkur eftir generalprufuna á mánudag því þriðjudagurinn er stór dagur. Þá kemur í ljós hvort Ísland fær aukapartí á laugardeginum eða ekki.“ - lkg



**ENGIR FORDÓMAR** Búningar Pollapönkara hafa vakið athygli. MYND/EUROVISION


BÍÓ ★ PARADÍS — EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# SUMARSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

# 40% TIL 60% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM Á SUMARSÖLU!

OPIÐ:
í dag 10:00 - 19:00
Á morgun, 1. maí 13:00 - 18:00

next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Fylgstu með okkur á Facebook

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# SPORT

## pepsi deildin SPÁ FRÉTTABLAÐSINS

HEFST 4. MAÍ

| | |
|---|---|
| 1. sæti | ??? |
| 2. sæti | ??? |
| 3. sæti | ??? |
| **4. sæti** | **STJARNAN** |
| 5. sæti | Valur |
| 6. sæti | ÍBV |
| 7. sæti | Þór |
| 8. sæti | Fram |
| 9. sæti | Keflavík |
| 10. sæti | Víkingur |
| 11. sæti | Fylkir |
| 12. sæti | Fjölnir |

## Stjarnan hafnar í 4. sæti

Þegar menn horfðu á Stjörnuliðið í byrjun árs sáu þeir lið sem gæti hæglega barist um Íslandsmeistaratitilinn í ár. En svo hurfu tveir af bestu og mikilvægustu mönnum liðsins, Jóhann Laxdal og Halldór Orri Björnsson, í atvinnumennsku og nú er bjartsýnin ekki jafn mikil í Garðabænum.

Það hjálpar heldur ekki til að tveir af allra bestu leikmönnum liðsins núna, Michael Præst og Garðar Jóhannsson, byrja ekki mótið vegna meiðsla. Það er hætt við því að Stjarnan gæti átt í basli strax í byrjun Pepsi-deildarinnar og mögulega misst snemma af lestinni.

Evrópubarátta verður líklega hlutskipti Stjörnunnar enn eitt árið sem er vissulega svekkjandi miðað við hvernig hlutirnir litu út í byrjun árs.



### ➜ Lykilmaðurinn

Michael Præst kom eins og stormsveipur inn í deildina í fyrra og vakti mikla athygli nánast frá fyrsta leik. Hann var einn af albestu leikmönnum deildarinnar síðastliðið sumar og stór ástæða þess að Stjörnuliðið komst loks yfir Evrópuþröskuldinn.

Præst er erfiður viðureignar á miðjunni. Mikill baráttuhundur sem les leikinn ótrúlega vel og býr yfir miklum leikskilningi. Hann er nýr fyrirliði liðsins.

### ➜ Þjálfarinn



Rúnar Páll Sigmundsson er fertugur og á sínu fyrsta tímabili sem aðalþjálfari Stjörnunnar. Hann var aðstoðarmaður Loga Ólafssonar í fyrra.

**TÖLURNAR Í FYRRA**

| | |
|---|---|
| Mörk skoruð | 5. sæti (1,55 í leik) |
| Mörk á sig | 2. sæti (1,14 í leik) |
| Stig á heimavelli | 2. sæti (28 af 84,8%) |
| Stig á útivelli | 5. sæti (15 af 45,5%) |

### ➜ Nýju andlitin

**Arnar M. Björgvinsson (Breiðabl.)**
**Niclas Vemmelund (Danmörku)**
**Pablo Punyed (Fylki)**

**FYLGSTU MEÐ ÞESSUM**

**Heiðar Ægisson:** Hann er fæddur árið 1995 og verður við hlið Præst á miðjunni þegar Daninn verður orðinn heill. Heiðar er miðjumaður sem getur hlaupið teiga á milli, er með mikinn leikskilning og getur bæði brotið niður sóknir og hafið þær. Hann klárar hlaupin sín vel inn í teig og má búast við nokkrum mörkum frá honum í sumar.

**GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL >** 2008 (B-deild, 2. sæti) - 2009 (7. sæti) - 2010 (8. sæti) - 2011 (4. sæti) - 2012 (5. sæti) - 2013 (3. sæti)

Íslandsmeistarar: Aldrei (3. sæti 2013) / Bikarmeistarar: Aldrei (úrslit 2012 og 2013)





## Undanúrslit í kvöld!

José Mourinho og lærisveinar í Chelsea ætla sér alla leið í úrslit en feikisterkt lið Atlético Madrid gefur ekkert eftir í baráttunni. Fyrri viðureign liðanna endaði með 0-0 jafntefli og því verður mikil spenna í kvöld.

Upphitunin hefst kl. 18:00 á Stöð 2 Sport.

2 SPORT Kl. 18:30

**CHELSEA – ATLÉTICO MADRID**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


# Of gott til að sleppa

Risinn Ragnar Nathanaelsson, miðherji Þórs í Þorlákshöfn, er genginn í raðir sænska úrvalsdeildarliðsins Sundsvall Dragons. Landsliðið kveikti neistann.

**KÖRFUBOLTI** „Ég er auðvitað alveg gríðarlega spenntur. Það er ekkert annað hægt,“ segir Ragnar Nathanaelsson, hinn 218 cm hái miðherji íslenska landsliðsins í körfubolta, í samtali við Fréttablaðið um væntanleg vistaskipti sín til Svíþjóðar.

Ragnar gekk á mánudaginn frá eins árs samningi við sænska úrvalsdeildarliðið Sundsvall Dragons en hlutirnir gerðust hratt. Fyrst var haft samband við hann á fimmtudaginn í síðustu viku.

„Þá fékk ég símtal frá nýráðnum þjálfara liðsins, Tommy Hanson. Hann segist hafa heyrt um mig og hafi áhuga á að fá mig. Hann bað mig um að senda sér klippur af mér, eitthvað úr leikjum ef ég ætti. Ég gerði það og svo fékk ég póst á föstudaginn. Þá var hann búinn að taka annan fund með Hlyni (Bæringssyni) sem var búinn að selja þjálfaranum hugmyndina þannig að þeir sendu mér bara samning. Ég fékk nokkra til að lesa hann yfir með mér en svo leist mér bara svo svakalega vel á þetta,“ segir Ragnar.

### Báðir toppmenn

Þessi ljúfi risi átti frábært tímabil með Þór í vetur, en hann var í fyrsta skipti lykilmaður í sterku liði í efstu deild. Hann skoraði að meðaltali 15,4 stig í leik í deildarkeppninni og tók 12,9 fráköst. Þórsliðið komst í úrslitakeppnina en tapaði fyrir Grindavík, 3-1, þar sem Ragnar hélt áfram að fara á kostum og skilaði að meðaltali 14,25 stigum og 14,5 fráköstum í leik.

Eðlilega var hann farinn að láta sig dreyma um atvinnumennsku. „Það var auðvitað hugsunin en mig langaði líka að taka annað tímabil með Þór og horfa á strákana þar vaxa. En þetta var bara of gott til að sleppa,“ segir Ragnar, sem hlakkar til að spila með Íslendingunum í Sundsvall, Hlyni Bæringssyni og Jakobi Erni Sigurðarsyni.

„Ég kynntist þeim aðeins í landsliðinu í fyrra. Þetta eru báðir toppmenn og þeir munu án efa hjálpa mér mikið, jafnvel meira en þjálfarinn, og kenna mér á evrópskan körfubolta. Vonandi kemur Ægir Þór (Steinarsson) bara aftur og við verðum fjórir þarna. Það yrði draumur í dós.“



**SÁ STÓRI FARINN** Ragnar Nathanaelsson er orðinn atvinnumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Landsliðið kveikti neistann

Ragnar hefur átt mikilli velgengni að fagna síðustu 12-14 mánuði eða svo en hann var með íslenska landsliðinu í spennandi verkefnum síðasta sumar og átti svo þetta flotta tímabil í Dominos-deildinni í vetur. Hverju er að þakka?

„Um leið og ég fann bragðið af landsliðinu langaði mig bara að verða betri. En það er svo mörgum að þakka. Benedikt Guðmundsson gefur mér það traust hjá Þór að byrja í „fimmunni“ hjá úrvalsdeildarliði en ég var að koma úr 1. deildinni. Það hjálpaði mikið að fá þetta traust frá manni sem ég tel besta þjálfara íslands. Svo tók Baldur Þór Ragnarsson líkamann á mér í gegn. Hann kenndi mér að lyfta og lenda eftir hopp. Landsliðsþjálfararnir Peter og Arnar hjálpuðu mér líka mikið síðasta sumar,“ segir Ragnar.

Talandi um landsliðið. Þá verður Ragnar hluti af liðinu í sumar sem mætir Bosníu og Bretlandi í undankeppni EM 2015. „Ég er alveg gríðarlega spenntur fyrir því verkefni og vonandi fæ ég bara stærra hlutverk en í fyrra. Ég hef fulla trú á að við getum strítt þessum liðum og jafnvel unnið þau,“ segir Ragnar.

tom@frettabladid.is

# Stærsti bardagi þeirra beggja

Gunnar Nelson mætir ósigruðum Bandaríkjamanni í Dyflinni 19. júlí.

**MMA** „Við erum ansi hressir með mótherjann. Þetta er hörkuandstæðingur,“ segir Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður bardagakappans Gunnars Nelson. Fram kom í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi að næsti bardagi Gunnars í UFC verði gegn Bandaríkjamanninum Ryan LaFlare í Dyflinni 19. júlí. LaFlare er ósigraður eins og Gunnar en hann hefur barist ellefu sinnum í MMA, þar af fjórum sinnum innan vébanda UFC-bardagasambandsins.

„Menn hafa verið að kalla eftir þessum bardaga á netinu. Maður hefur séð það á spjallborðum víða. Mörgum fannst samt ólíklegt að tveir svona ósigraðir strákar á uppleið myndu mætast svona snemma,“ segir Haraldur, en bardagi Gunnars verður annar af aðalbardögum kvöldsins.

Hver einasti bardagi er mikilvægur í UFC en það virðist nokkuð augljóst hvað forsvarsmenn sambandsins eru að hugsa með að láta þessa tvo ungu og upprennandi bardagamenn mætast núna.

„Það blasir alveg við að þegar UFC ákveður að láta tvo ósigraða stráka sem báðir eru á topp 15 berjast, þá er þetta mikilvægasti bardaginn á ferli þeirra beggja. Sá sem vinnur tekur stórt stökk upp á við og það styttist í titilbardaga fyrir sigurvegarann. Ef allt gengur upp gætu verið tveir bardagar á milli þess,“ segir Haraldur Nelson.



**ÓSIGRAÐUR** Gunnar Nelson hefur unnið tólf bardaga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

- tom

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

# NÝ OG FERSK HLEÐSLA
# MEÐ EKTA SÚKKULAÐIBRAGÐI




**VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI. HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNAR Á MILLI MÁLA.**

---

**ÞINN LÍKAMI ÞARF HLEÐSLU**

**MS.IS**

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.30**

**Heimsókn**

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að laða fram það besta í viðmælendum sínum.

## Í KVÖLD



**Meistaradeild Evrópu**

**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá seinni viðureign Chelsea og Atletico Madrid í undanúrslitum í Meistaradeild Evrópu.



**Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking**

**SKJÁR EINN KL. 19.55** Gætir þú hugsað þér betri matreiðslukennara en sjálfan Gordon Ramsay? Meistarakokkurinn tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu.



**Grey's Anatomy**

**STÖÐ 2 KL. 20.50** Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.

**X-ið 977 kl. 08.00**

**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.








### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.01 Waybuloo**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.40 Grallararnir** Kalli kanína og félagar
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Wipeout**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Masterchef USA**
**11.05 Spurningabomban**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Veistu hver ég var?**
**13.50 Up All Night**
**14.10 Go On**
**14.35 2 Broke Girls**
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Tommi og Jenni**
**15.55 UKI**
**16.00 Grallararnir** Kalli kanína og félagar
**16.25 Mike and Molly**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Svínasúpan**
**19.45 The Middle** *(23:24)*
**20.05 How I Met Your Mother** *(2:24)*
**20.30 Heimsókn**
**20.50 Grey's Anatomy** *(21:24)*
**21.35 Rita** *(8:8)*
**22.20 Believe** *(6:13)*
**00.40 The Blacklist**
**01.25 NCIS**
**02.10 Person of Interest**
**02.55 The Killing**
**04.20 Skate or Die**
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.20 Benfica - Juventus**
**15.00 Evrópudeildarmörkin**
**15.25 Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Real Madrid**
**17.05 Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.30 Spænsku mörkin**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Atletico Madrid** Bein útsending f
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.10 Kiel - Hannover**
**22.30 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Atletico Madrid**
**00.10 Meistaradeildin - meistaramörk**
**00.40 Real Madrid - Osasuna**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**11.55 Southampton - Everton**
**13.35 Man. Utd. - Norwich**
**15.15 Football League Show 2013/14**
**15.45 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**16.40 Liverpool - Chelsea**
**18.20 Arsenal - Newcastle**
**20.00 Messan**
**21.20 Colombia, Belo Horizonte, Greece**
**21.50 WBA - West Ham**

### ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur,tækni og kennsla. **21.00** Í návígi **21.30** Á ferð og flugi

### STÖÐ 3

**13.35 Simpson-fjölskyldan**
**13.55 Friends**
**14.20 Hart of Dixie**
**15.05 Pretty Little Liars**
**15.50 Glee**
**16.35 American Idol**
**18.15 Malibu Country**
**18.35 Bob's Burgers**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.45 Baby Daddy** *(7:16)*
**20.10 Revolution** *(10:22)*
**20.50 Arrow** *(20:24)*
**21.30 Tomorrow People** *(11:22)*
**22.10 The Unit** *(12:22)*
**22.55 Hawthorne**
**23.35 Supernatural**
**00.20 Junior Masterchef Australia**
**01.05 Baby Daddy**
**01.25 Revolution**
**02.05 Arrow**
**02.45 Tomorrow People**
**03.25 The Unit**
**04.10 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Hvellur keppnisbíll **07.55** UKI **08.00** Ævintýri Tinna **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Tom and Jerry **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Brunabílarnir **09.23** Latibær **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Leyndarmál vísindanna **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Hvellur keppnisbíll **11.55** UKI **12.00** Ævintýri Tinna **12.25** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Tom and Jerry **12.56** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Brunabílarnir **13.23** Latibær **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Leyndarmál vísindanna **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Hvellur keppnisbíll **15.55** UKI **16.00** Ævintýri Tinna **16.25** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Tom and Jerry **16.56** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Brunabílarnir **17.23** Latibær **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Leyndarmál vísindanna **19.00** Elías og Fjársjóðsleitin **20.25** Sögur fyrir svefninn

### GULL

**17.40 Strákarnir**
**18.10 Friends**
**18.35 Seinfeld**
**19.00 Modern Family**
**19.25 Two and a Half Men** *(9:19)*
**19.50 Hamingjan sanna** *(5:8)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(13:14)*
**21.00 Twenty Four** *(13:24)*
**21.40 Chuck** *(5:13)*
**22.25 Cold Case** *(1:23)*
**23.10 Without a Trace**
**23.55 Curb Your Enthusiasm**
**00.30 Hamingjan sanna**
**01.10 Örlagadagurinn**
**01.40 Chuck**
**02.25 Cold Case**
**03.10 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ

**10.50 Honey**
**12.40 Margin Call**
**14.25 Hitch**
**16.25 Honey**
**18.15 Margin Call**
**20.00 Hitch**
**22.00 Chronicle**
**23.25 Kingdom of Heaven**
**01.50 The Pool Boys**
**03.20 Chronicle**

### RÚV

**16.25 Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II)*
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.43 Sígildar teiknimyndir**
**17.50 Herkúles**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi III**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.00 Í garðinum með Gurrý II** *(1:6) (Býflugnabú, gróðurhús og laukar)*
**20.30 Neyðarvaktin** *(19:22) (Chicago Fire II)*
**21.15 Í mat hjá mömmu** *(6:7) (Friday Night Dinner II)*
**21.40 Íslandsmótið í áhaldafimleikum 2014**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Að eilífu, Carolyn** *(Love Always, Carolyn)*
**23.30 Brynvarinn** *(Armored)*
**00.55 Kastljós**
**01.15 Fréttir**
**01.25 Dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Titanic - Blood & Steel**
**16.50 Once Upon a Time**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 The Good Wife**
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Everybody Loves Raymond**
**19.55 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(16:20)*
**20.20 Solsidan** *(4:10)*
**20.45 The Millers** *(17:22)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**21.10 Unforgettable** *(10:13)* Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
**22.00 Blue Bloods** *(17:22)*
**22.45 The Tonight Show**
**23.35 CSI Miami**
**00.15 The Walking Dead**
**01.05 Unforgettable**
**01.55 Blue Bloods**
**02.45 The Tonight Show**
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** LPGA Tour 2014 **16.50** Golfing World 2014 **17.40** PGA Tour Latinoamerica **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 - Highlight **19.45** Golfing World 2014 **20.35** Inside The PGA Tour 2014 **21.00** US OPEN 2000

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




ALLT AÐ
**80.000 KR.**
AFSLÁTTUR

Trans-Atlantic

Trans Atlantic býður Vildaráskrifendum uppá allt að 80.000 kr. afslátt af spennandi og ævintýralegum utanlandsferðum víðsvegar um heiminn. Það eru yfir níu sérferðir í boði á sérstökum Vildarkjörum sem þú getur kynnt þér nánar á 365.is eða transatlantic.is. Takmarkaður fjöldi þátttakenda er í hverri ferð svo bókaðu strax.

**Fríðindakerfi 365**

# Skráðu þig í Vild

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Einnig drögum við út glæsilega vinninga í hverjum mánuði eins og 46'' Samsung-sjónvarp. Hvert skráð kort í VILD gildir sem happdrættismiði.

Skráðu þig á 365.IS

Vild









**30%**
AFSLÁTTUR
af matseðli mánudaga til fimmtudaga

Einar Ben RESTAURANT

**30%**
AFSLÁTTUR
af þriggja mánaða baðstofu- og heilsuræktarkorti

World Class ICELAND

ALLT AÐ
**150.000**
KR. AFSLÁTTUR
af hágæða Samsung-sjónvörpum

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

## BÍÓMYNDIN



**„Uppáhaldsbíómyndin mín er Avatar, það er svo mikil fegurð í henni, á margan hátt.“**

Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona

# Bókaði Hilmi Snæ í línudanstíma

Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna tjalda öllu til á tónleikum í Hörpu í júní.

„Vorið er komið, grundirnar gróa og þá fara reiðmenn vindanna á stjá,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson en hann skipuleggur nú af kappi mikla tónleika sem haldnir verða í Eldborgarsalnum í Hörpu þann 16. júní.

Hljómsveit Helga, Reiðmenn vindanna, hefur aldeilis slegið í gegn allt frá því að fyrsta platan, Ríðum sem fjandinn, kom út árið 2008. „Ég var mikið í hestaferðum, þá voru hestalögin mjög vinsæl og þá var byrjað að tala um að gera plötu með hestalögum. Þegar ég var í Berlín hlustaði ég mikið á rhythm and blues-tónlist og vildi í kjölfarið steypa saman slíkri músík og kántrítónlist,“ útskýrir Helgi. Hann kom svo til landsins sumarið 2008 og kláraði fyrstu plötuna á einni viku.

Helgi er mikill hestamaður og á meðal annars merina Hörpu. „Harpa fór fyrir skömmu undir hest að nafni Konsert og á það vel við því við erum einmitt með konsert í Hörpu,“ segir Helgi og hlær. Hann útilokar ekki að merin Harpa mæti á konsertinn í Hörpu.

Á tónleikunum koma einnig fram fleiri þjóðþekktir einstaklingar eins og Hilmir Snær Guðnason, Örn Árnason, Jóhann Sigurðarson og liðsmenn hljómsveitarinnar Buffs. „Ég er búinn að bóka þá í línudanstíma þannig að það verður stiginn dans og slegið á létta strengi á tónleikunum,“ segir Helgi og bætir við: „Það er aldrei að vita nema þeir komi ríðandi inn á sviðið.“ - glp



**HESTAMAÐURINN HELGI** Helgi Björns og Reiðmenn vindanna ætla að breyta Eldborgarsalnum í hesthús í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


AUGLÝSING UM SAMÞYKKT BÆJARSTJÓRNAR GARÐABÆJAR Á

**BREYTINGU AÐALSKIPULAGS ARNARESS**

Þann 3. apríl sl. samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 sem nær til byggðar á Arnarnesi í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða var samþykkt tillaga að deililskipulagi sama svæðis í samræmi við 41. grein sömu laga.

Breytingartillaga aðalskipulags var samþykkt óbreytt frá kynntri tillögu þar sem innsendar athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga.

Gerðar voru breytingar á deiliskipulagstillögunni í kjölfar innsendra athugasemda. Sýnilegur byggður flötur á lóð var hækkaður úr 30% í 35% og í stað tveggja fjölbýlishúsa á óbyggðu svæði efst í Hegranesi er nú gert ráð fyrir einbýlishúsum.

Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið er nú til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Að þeirri athugun lokinni verða birtar auglýsingar um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Í samræmi við 2. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða bæjarstjórnar hér með auglýst.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið


# Á forsíðu eins virtasta fitness-tímarits heims

Kristbjörg Jónasdóttir, keppandi í módelfitness, var á forsíðu nýjasta tölublaðs hins virta tímarits Muscle & Fitness. Viðtalið í blaðinu var upp á sex blaðsíður.

„Það er mikill heiður að fá að vera í svona stóru og virtu blaði,“ segir Kristbjörg Jónasdóttir, keppandi í módelfitness, en henni bregður fyrir á forsíðu nýjasta tölublaðs hins virta heilsutímarits Muscle & Fitness. Muscle & Fitness er eitt af þekktustu og virtustu fitness- og heilsutímaritum í heimi, ásamt tímaritinu Flex.

Í blaðinu er sex blaðsíðna umfjöllun um Kristbjörgu. „Þeir höfðu samband og spurðu mig hvort þeir mættu hafa mynd af mér í dálki sem kallast Hottest Body of the Month, sem er í raun bara heilsíðumynd á síðustu blaðsíðu tímaritsins. Í kjölfarið hringdi svo ritstjórinn í mig og vildi gera meira úr þessu og taka viðtal við mig, ég hélt að þetta væri bara ein opna en þetta endaði sem sex blaðsíðna umfjöllun,“ útskýrir Kristbjörg. Hún er þó reyndar á sjö blaðsíðum því Kristbjörg er einnig í auglýsingu í blaðinu. Umfjöllun í slíku blaði er auðvitað mikil og góð auglýsing fyrir Kristbjörgu.

„Þar var verið að fara yfir feril minn og þá var einnig farið yfir mín framtíðarplön og svo fórum við yfir nokkrar af æfingunum.“

Fjallað verður um hana í ágústblaði tímaritsins Flex í sumar. „Þetta er skemmtilegt tækifæri, ég held þó að það verði ekki jafn umfangsmikil umfjöllun.“

Kristbjörg eyðir nánast öllum sínum tíma í æfingar og keppni. „Ég er ekki atvinnumaður því að ég er ekki með þetta „pro-card“ en þetta er samt í rauninni atvinna mín því að ég ferðast mikið með styrktaraðilum mínum,“ segir Kristbjörg, sem var að ljúka við mót í Leicester og lenti þar í öðru sæti.

Kærasti Kristbjargar er knattspyrnukappinn Aron Einar Gunnarsson. Stýrir þú eldamennskunni á ykkar heilsuríka heimili? „Hann greyið fær ekkert að borða nema eitthvað mjög hollt,“ segir Kristbjörg og hlær og bætir við: „Hann er duglegur að elda en fær samt voða litlu ráðið um hvað er í matinn.“

gunnarleo@frettabladid.is



**GRJÓTHÖRÐ** Kristbjörg er að gera góða hluti í fitnessheiminum. MYND/SNORRI BARÓN

### → Um Muscle & Fitness

- Fyrsta eintakið kom út árið 1936.
- Tímaritið kemur út mánaðarlega.
- Mánaðarlega er því dreift í tæplega 350 þúsund eintökum.
- Margar stjörnur hafa prýtt síður ritsins, til dæmis 50 Cent, Arnold Schwarzenegger, Jean-Claude Van Damme og Evander Holyfield.




# Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.



Allt sem þú þarft


# Tom Odell með tónleika á Íslandi

Breski tónlistarmaðurinn Tom Odell kemur fram í Eldborgarsalnum í Hörpu 26. júní. Þessi 23 ára gamli piltur er talinn vera næsta stórstjarna Breta í tónlistarheiminum.

„Ég hef verið að skoða hvernig hann er á tónleikum og miðað við það sem ég hef séð, og þær umsagnir sem ég hef lesið, þá veit ég að þetta verða frábærir tónleikar,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson. Hann stendur fyrir tónleikum breska tónlistarmannsins Toms Odell, sem fram fara í Eldborgarsalnum í Hörpu þann 26. júní næstkomandi.

Odell skaust upp á stjörnuhimininn á síðasti ári þegar hann gaf út plötuna Long Way Down og hefur hann og plata hans fengið prýðisdóma og hlaut til að mynda gagnrýnendaverðlaunin á Brit Awards á síðasta ári og þá var hann tilnefndur til tvennra verðlauna í ár; sem besti nýliðinn og besti sólólistamaðurinn. Breski tónlistarmaðurinn kemur með eigin hljómsveit með sér, en Odell hefur getið sér gott orð sem algjör píanósnillingur og er af mörgum talinn vera næsta stórstjarna Breta í tónlistarheiminum. „Það eru til dæmis margir sem líkja honum við David Bowie þegar hann var á sínum yngri árum,“ bætir Guðbjartur við.

„Það er frábært að fá hann í Eldborgina því nálægðin er svo mikil við hann þar og ef allt gengur upp hjá honum þá er ólíklegt að við fáum að sjá hann í svona litlum sal í framtíðinni.“ Tom Odell leikur öll sín þekktustu lög, en hann lagið hans Another Love er með yfir 26 milljón áhorf á YouTube og þá hefur endurhljóðblönduð útgáfa Zwette af sama lagi fengið yfir 36 milljón áhorf á Youtube.

Miðasala á tónleikana hefst þriðjudaginn 6. maí á midi.is og harpa.is. -glp



**Á LEIÐINNI** Breski tónlistarmaðurinn Tom Odell kemur fram í Hörpu í sumar. MYND/EINKASAFN

### → Vinsældir Toms Odell

Tom Odell hlaut gagnrýnendaverðlaunin á Brit Awards á síðasta ári og þá var hann tilnefndur til tvennra verðlauna í ár; sem besti nýliðinn og besti sólólistamaðurinn. Tom Odell leikur öll sín þekktustu lög í Eldborinni, en hann lagið hans, Another Love er með yfir 26 milljón áhorf á Youtube og þá hefur endurhljómblönduð útgáfa Zwette af sama lagi fengið yfir 36 milljón áhorf á Youtube.


Helgi Björns
& reiðmenn vindanna
ELDBORG
16.JÚNÍ
SÉRSTAKIR GESTIR:
HILMIR SNÆR
JÓI SIG
ÖRN ÁRNA
Aðeins einir tónleikar!
MIÐASALA HEFST Í DAG!
MIDI.IS
HARPA.IS


YESTERDAY DR. WILL CASTER WA
JOHNNY DEPP
REBECCA HALL
PAUL BETTANY
KATE MARA
CILLIAN MURPHY
AND MORGAN FREEMAN
TRANSCENDENCE
KOMIN Í BÍÓ




FRÁ FRAMLEIÐANDANUM

**CHRISTOPHER NOLAN**

LEIKSTJÓRA

**DARK KNIGHT ÞRÍLEIKSINS**

OG

**INCEPTION**

★★★★

“WHAT A STUNNING PIECE OF WORK”

CHICAGO SUN TIMES

★★★★

„The focus on artificial intellegence in „Transcendence“ with Johnny Depp is brilliant...“

LOS ANGELES TIMES

★★★★

THE NEW YORK TIMES

FRÁ LEIKSTJÓRANUM
WALLY PFISTER

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á

**SAMbio.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

UPPLIFÐU ÞITT
WOW MOMENT

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Með lag í Game of Thrones

Lag færeysku söngkonunnar **Eivarar Pálsdóttur,** So Close to Being Free, af plötunni Larva heyrist í einni af stiklunum fyrir fjórðu þáttaröð Game of Thrones sem nú er í sýningu. Stiklan sem um ræðir er ekki komin á vefsíðuna YouTube en var sýnd á sjónvarpsstöðinni HBO í Bandaríkjunum í síðustu viku, samkvæmt heimasíðu Eivarar. Þá er einnig tekið fram að stiklan hafi verið sýnd í frumsýningarpartíi seríunnar í New York fyrir stuttu. Útgáfa lagsins sem heyrist í stiklunni er remixuð af Cato, sem hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir eins og Stone og Smokin' Aces. Skaparar þessarar vinsælu seríu eru greinilega hrifnir af norðrinu því hljómsveitin Sigur Rós kom fram í þáttunum fyrir stuttu og á einnig lagið The Rains of Castamere í seríunni. - lkg



### Yfir sig hrifinn af landi og þjóð

Utanríkisráðherra Svíþjóðar, **Carl Bildt**, er staddur hér á landi til að funda með utanríkisráðherrum Norðurlandanna. Hann tísti mynd af íslensku landslagi í gær og sagði: „Lentur í Keflavík og er nú á 100 km leið til Reykholts. Land sagnanna. Og dramatískrar náttúru."

Ráðherrann er augljóslega hrifinn af landi og þjóð en hann bætir seinna við: „Ferðaþjónustan er nú mikilvægari en sjávarútvegurinn fyrir hagkerfi Íslands. Ekki erfitt að skilja hvers vegna. Fallegt." - ssb



## Mest lesið vísir

1 Selur meydóm sinn á netinu: Hefur fengið tilboð upp á 61 milljón
2 Ákveðið síðar í dag hvort það eigi að refsa Ólafi | Síminn stoppar ekki
3 Hefurðu séð flottara handboltamark? | Myndband
4 Lögreglumaður, lögmaður og símamaður handteknir
5 Kærður veiðimaður segist brenna á altari sértrúarsafnaðar







